



Fornleifaskráning í Breiðuvík og Kjólsvík, Múlaþingi



Indriði Skarphéðinsson & Rannveig Þórhallsdóttir

2025

Forsíðumynd: Drónamynd af bæjarstæði Litluvíkur



Sagnabrunnur

© Indriði Skarphéðinsson, Rannveig Þórhallsdóttir


Janúar 2025

Efnisyfirlit

Abstract	1
Inngangur	2
Fornleifaskráning	4
Skráningarsvæðið.....	5
Byggð á víkum austan Borgarfjarðar	6
Breiðuvík.....	7
Stóra-Breiðuvík/Breiðuvík.....	7
Litla-Breiðuvík/Litlavík.....	9
Kjólsvík.....	11
Lokaorð	13
Heimildaskrá:	15
Fornleifaskrá	17
Stóra Breiðuvík	17
Litlavík.....	77
Kjólsvík.....	109
Viðauki I. Tafla yfir skráðar minjar	131
Viðauki II. Minjarkort.....	141

Abstract

An archaeological survey was carried out by Sagnabrunnur ehf. in Breiðavík and Kjólsvík which is a part of an ongoing project focused on the surveying of archaeological features in the Víkur area. The project started in 2023 with the excavation of a possible heathen grave close to a cabin owned by the Touring company of Fljótsdalshérað (Ferðafélag Fljótsdalshéraðs) in Breiðuvík. The excavation was funded by Fornminjasjóður. The excavation of the possible grave proved that the site was a natural formation and not man-made. This resulted in the remaining funds being used for archaeological surveying in the surrounding area. In 2024 the project received a grant from Fornminjasjóður for the continuation of the surveying that was started in 2023. This paper presents the results from both surveys. In total 252 features were recorded. Breiðavík and Kjólsvík housed three farms which were all abandoned by the middle of the 20th century and have remained untouched since. Because of this a lot of the archaeological material has not been disturbed by contemporary farming practices and as a result a rich and diverse cultural landscape is clearly visible in the area. Most of the surveyed features can be confidently placed around the 18th-20th century but older features were also found that offer a glimpse into the long history of settlement in the area. The most numerous features encountered were remains of peat cutting, with peat mines covering large areas and the ruins of small peat drying sheds surrounding the mines. As a whole the features surveyed in Breiðavík and Kjólsvík shed light on farming- and fishing practices in the past in a remote area in the east of Iceland.



Mynd 1. Staðsetning skráningarsvæðisins.

Inngangur

Fornleifaskráningin í Breiðuvík og Kjólsvík sem hér birtist er áframhald fornlleifaskráningar sem hófst sumarið 2023. Aðdragandi þeirrar fornlleifaskráningar var sá að styrkur fékkst úr Fornminjasjóði árið 2023 til uppgrafter á meintu kumli á Sveinsholti við skála Ferðafélags Fljótsdalshéraðs í Breiðuvík. Var sá fyrirvari hafður á að ef engar mannvistarleifar kæmu í ljós við uppgröftinn skyldi nota rest styrkuppþæðarinnar til skráningar fornleifa í Breiðuvík. Ekki reyndist um kuml að ræða og var því byrjað á fornlleifaskráningu í vikin.

Fornleifaskráningin árið 2023 afmarkaðist við Bringur í landi Litluvíkur og norðurströnd Breiðuvíkur frá Breiðuvíkursandi að Stóranesi í landi Breiðuvíkur og voru í heildina skráðar 23 minjar (Indriði Skarphéðinsson & Rannveig Þórhallsdóttir 2024). Eru þær minjar sem skráðar voru 2023 teknar með í fornlleifaskráningunni nú og birtast í þessu riti.

Var verkefnið styrkt af Fornminjasjóði 2024 og er fyrsti áfangi í skráningu minja í öllum vikum sunnan Borgarfjarðar ásamt hluta Loðmundarfjarðar.

Fornleifaskráningin nær yfir jarðirnar Breiðuvík, Litluvík í Breiðuvík og Kjólsvík í samnefndri vík. Staðið var þannig að fornleifaskráningunni að helstu heimildir voru skoðaðar og svæðið grandskoðað á myndakorti Loftmynda Íslands og allar sjáanlegar minjar merktar inn. Farið var á vettvang dagana 26, 27, & 28. ágúst síðastliðinn og unnu þeir Indriði Skarphéðinsson fornleifafræðingur og Úlfur Björnsson heimspekingur og landvörður vettvangsvinnuna. Veðurguðirnir brostu við skráendum fyrsta daginn en votveðri seinni tvo dagana setti strik í reikningin og vildi svo óheppilega til að vatn komst inn á einu myndavél skráningarmanna. Þetta hafði þau áhrif að hluti myndanna af minjunum eru markaðar af óskýrum blettum. Ekki var allt svæðið í vikunum tveim skoðað á vettvangi heldur var áhersla lögð á þau svæði þar sem heimildir og loftmyndir bentu til þess að minja væri von. Voru skráðar 229 minjar í Breiðuvík og Kjólsvík sumarið 2024 og er heildarfjöldi skráðra minja 252.



Mynd 2. Drónamynd af bæjarstæði Breiðuvíkur, í fjarska sést í Krók og Stóranes skaga út í sjóinn.

Skýrsla þessi er þannig uppbyggð fjallað verður um skráningarsvæðið og niðurstöður fornleifaskráningarinnar. Verða vikunum tveim gerð skil og fjallað um hverja jörð fyrir sig í samhengi við fornleifaskráninguna, litið verður síðan á minjasvæðið í heild sinni. Fornleifaskránnar sjálfa má finna í Viðauka I, í Viðauka II má finna töflu yfir skráðar fornleifar á svæðinu og í Viðauka III minjakort.

Fornleifaskráning

Tilgangur fornleifaskráningarinnar í Breiðuvík er margþættur. Leitast er eftir því að fá heildarsýn á minjalandslagið í vikinni, leggja mat á ástand minjanna, meta hvort og hvaða hættur geti stafað að þeim. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr 80, 2012) teljast fornleifar hvers kyns mannvistarleifar á landi, jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri. Til þeirra teljast :

- a.** búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b.** vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c.** tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d.** vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e.** virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f.** þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g.** áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h.** haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i.** skipsflök eða hlutar þeirra.“

Njóta allar fornleifar sem teljast 100 ára eða eldri friðunar en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar. Umhverfis allar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði en umhverfis friðlýstar fornleifar er 100 m friðhelgað svæði. Ekki eru neinar friðlýstar fornleifar í Breiðuvík. Fornleifaskráning hefur ekki áður farið fram í Breiðuvík að undanskilinni svæðisskráningu Fornleifastofnunar Íslands (Orri Vésteinsson & Sædís Gunnarsdóttir, 1999).

Skráningarsvæðið



Kort 1. Afmörkun skráningarsvæðisins í Kjólsvík og Breiðuvík.

Eins og fyrr segir var ekki allt svæðið í víkunum tveimur fornleifaskráð. Eystri mörk svæðisins liggja meðfram strandlengjunni frá Glettingsflugi í Kjólsvík í norðri að Geldingsnesi í Breiðuvík í suðri. Frá Geldingsnesi til vesturs afmarkast svæðið af botni Litluvíkurdals í að Hvítafjalli og til norðurs meðfram austurhlið fjallsins niður á Langamó. Frá Langamó áfram norður yfir Innmýrar að Efri-Hesti og þaðan til norðausturs í Kúabotna, þaðan norður í Háuhlaup í Kjólsvík í gegnum Kerlingarskarð. Norðurmörk svæðisins liggja svo frá Hauhlaupum til austurs undir Víðdal og Glettingsdal í Glettingsflug. Könnun á heimildum og loftmyndum á myndakorti Loftmynda gaf til kynna að innan þessa svæðis væri langstærstur hluti minjanna í víkunum að finna. Innan svæðisins liggja helstu nytjalönd og heimaland jarðanna þriggja sem búið var á í víkunum. Nokkur dæmi eru um að minjar hafi verið skráðar utan svæðisins og en í öllum tilfellum eru það heimildir um leiðir. Ekki var hver fermetri skoðaður innan svæðisins og ekki er hægt að fullyrða að allar minjar innan svæðisins hafi verið skráðar. Sá möguleiki er alltaf fyrir hendi minjanna verði ekki vart við vettvangsskoðun. Með forkönnun á svæðinu í gegnum skoðun loftmynda og heimildaöflunar

var reynt að tryggja að fornleifaskráningin næði til sem flestra minja sem liggja innan svæðisins.

Byggð á víkum austan Borgarfjarðar

Milli Borgarfjarðar og Loðmundarfjarðar er svæði sem er í almennu tali kallað Víkur. Á því svæði eru átta grunnar víkur. Frá Borgarfirði talið eru þær: Brúnavík, Hvalvík, Kjólsvík, Breiðuvík, Herjólfsvík, Húsavík, Ytri- og Innri-Álftavík. Víkur ásamt Loðmundarfirði, Vestdal og Vestdalseyri eru á Náttúruminjaskrá með númerið 607. Af víkunum eru Breiðuvík og Húsavík mestar og er þar töluvert meira undirlendi en í minni víkunum.

Byggð er talin hafa verið í Víkum og Loðmundarfirði frá landnámi og er landnámi Breiðuvíkur, Húsavíkur og Loðmundarfjarðar getið í Landnámu. Breiðuvík er talin hafa verið numin af Þóri Línu, Húsavík numin af Þorsteini Kleggi og Loðmundarfjörður numin af Loðmundi, fóstbróður Bjólfs er nam Seyðisfjörð (Guðni Jónsson 1953:184).

Af Víkum eru Breiðuvík og Húsavík mestar. Tvær jarðir hafa löngum verið í Breiðuvík, almennt nefndar Breiðuvík og Litlavík. Í Húsavík hefur lengi verið kirkja á samnefndum bæ í víkinni, búið hefur verið á þrem öðrum jörðum í víkinni; Dallandi, Hólshúsum og Dallandsparti. Húsavík ásamt hjáleigunum tveim, Dallandi og Hólshúsum, er hæstmetna jörð á austurlands að fornu mati upp á 60hndr (Hjörleifur Guttormsson, 2008; J. Johnsen, 1847). Af minni víkunum eru í jarðatali Johnsen getið um búsetu í Hvalvík, Kjólsvík, Brúnavík, Álftavík og Glettingsnesi. Af þessum stöðum hefur byggðin í Brúnavík verið stöðugust en byggð í Hvalvík, Kjólsvík og Glettingsnesi lá oft í eyði til lengri tíma. Líklegt má þó telja að byggð hafi verið á svæðinu frá fornu fari. Af öllum víkunum er Herjólfsvík líklegast eina víkin sem aldrei var föst búseta í, en þó er talið að þaðan hafi verið róíð fyrr á öldum. Þekktar eru rústir í víkinni sem eru taldar leifar verbúða Margrétar ríku á Eiðum. Minjarnar hurfu á 20. öldinni vegna sjávarrofs. Líkt og annarsstaðar á svæðinu voru víkurnar allar komnar í eyði um miðja 20. öldina, lengst hélt byggð í Húsavík en hún fór í eyði 1974 (Ármann Halldórsson, 1975; Hjörleifur Guttormsson, 2008; J. Johnsen, 1847).

Í Loðmundarfirði hafa að jafnaði verið tíu jarðir í byggð í gegnum tíðina. Kirkja var á Klyppstað og tilheyrði allur fjörðurinn Klyppstaðarsókn. Um og eftir seinna stríð fóru jarðirnar í firðinum í eyði hver á eftir annarri. Árið 1953 eru sex af tíu jörðum farnar í eyði, 1961 fara Klyppstaðir og Úlfsstaðir í eyði, Stakkahlíð 1967 og síðast Sævarendi sem fer í eyði 1973 (Ármann Halldórsson, 1975; Hjörleifur Guttormsson, 2008).

Vegna þess hve snemma Víknasvæðið fór í eyði hefur því lítið verið raskað af stórvirkum vinnuvélum nútímans sem sett hafa svip sinn á flestar sveitir landsins. Sökum þess er þar að finna óspilltar minjar sem gefa glöggar vísbendingar um búskaparhætti fyrri alda (Hjörleifur Guttormsson, 2008). Svæðið hefur öðlast nýjan tilgang og er nú orðið vinsæll áfangastaður ferðamanna, en merktar gönguleiðir liggja um svæðið allt frá Seyðisfirði til Borgarfjarðar. Hefur Ferðafélag Fljótsháðs í samstarfi við Ferðamálahóp Borgarfjarðar eystri haft umsjón með landvörslu á svæðinu á háannatíma síðan 2018. Ferðafélagið rekur þrjá skála á svæðinu, í Loðmundarfirði, Húsavík og Breiðuvík.

Breiðuvík

Breiðuvík liggur í miðju Víknasvæðisins og um hana miðja skiptast kirkjusóknir Desjamýrar og Húsavíkur. Tvær jarðir eru í Breiðuvík, formlega nefndar Stóra-Breiðuvík og Litla-Breiðuvík í skjölum en almennt kallaðar Breiðuvík og Litlavík og verða þær svonefndar hér. Litlavík stendur sunnanmegin í vikinni og tilheyrir Húsavíkursókn en Breiðuvík norðanmegin í vikinni og tilheyrir Desjamýrarsókn (Ármann Halldórsson, 1975, Hjörleifur Guttormsson, 2008). Víkurá (einnig nefnd Stórá) rennur úr Gæsavötnum á Víknaheiði innst í vikinni og liðast um hana miðja áleiðis til sjávar og skiptir að mestu löndum jarðanna tveggja. Saga byggðar í Breiðuvík nær allt aftur til landnámsmannsins Þórðar Línu en hann er talinn hafa numið land vikinni og reist sér þar bú. Synir hans Sveinungi og Gunnsteinn bjuggu á Bakka og Desjarmýri í Borgarfirði. Breiðuvík kemur lítillaga við sögu í Gunnars þætti Þiðrandabanda (Ármann Halldórsson, 1975). Talið er að byggð hafi svo að mestu haldist óslitin í Breiðuvík allt til ársins 1947 þegar Stóra-Breiðuvík fór í eyði, tveimur árum á eftir Litlavík (Hjörleifur Guttormsson, 2008). Síðan hefur ekki verið búið í Breiðuvík og er nú öll byggð að mestu leyti í eyði á milli Borgarfjarðar og Seyðisfjarðar.

Stóra-Breiðuvík/Breiðuvík

Jörðin er í opinberum skjölum kölluð Stóra-Breiðuvík en almennt kölluð Breiðuvík. Eins og áður segir er landnámsmaðurinn Þórir Lína talinn hafa numið land og reist bú í Breiðuvík, líklega hefur verið búið á jörðinni alla tíð. Bænhús var í Breiðuvík fyrr á tímum. Í Jarðatali Johnsen frá 1847 er jörðin skráð sem eign Klyppstaðakirkju og metin 12 hundruð að dýrleika. Árið 1760 og fyrr er jörðin talin til bænda eignar en tilheyrir Klyppstaðabrauði árið 1804. Árið 1918 er Breiðuvík aftur komin í bænda eigu og verður það þangað til hún fór í eyði 1947

(J. Johnsen, 1847, Ármann Halldórsson, 1975). Um Breiðuvík segir í Sýslu og Sóknarlýsingum að þar séu góð tún og engi, nokkur útbeit og reki en léleg landing (Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason & Páll Pálsson, 2000). Lengi var tvíbýlt í Breiðuvík og stóðu bæirnir saman neðst í brekku ofan við votlenda mýrarflöt niður við Víkurá. Norður af bæjunum hækkar landið smátt og smátt upp að Kjólsvíkurskarði þaðan sem leið liggur niður í Kjólsvík. Töluverðar tóftir standa á víð og dreif neðst í brekkunni í nágrenni bæjanna og Gvendarbrunnur í túnjaðri. Nokkuð innan við bæina er mikill rústarhóll undir svonefndum Skipahrygg sem nefndur er Fornibær, en ekki er vitað um sögur sem eru tengdar honum (Orri Vésteinsson, & Sædís Gunnarsdóttir, 1999). Sjósókn var stunduð frá Breiðuvík og voru nokkrar landingar, Krókur og Steinsfjara voru mest notaðar, þær voru staðsettar styst frá bænum. Utar er örnefnið Skipavogur. Minjar við voginn og utar á Stóranesi bera vott um sjósókn þaðan frá fyrri tíð. Í búskaparannál Breiðuvíkur er beitiland sagt ágætt, heyskapur langsóttur og engjavegur ógreiðfær en mótaka góð. Sæmilegur reki og fjörubeit góð en langsótt. Stutt er á miðin en landing ekki góð. (Ármann Halldórsson, 1975).

Skráðar voru í heildina 130 fornleifar í landi Breiðuvíkur. Algengustu minjarnar sem skráðar voru í Breiðuvík er minjar um mótöku og í heildina eru 57 af skráðum minjum í landi Breiðuvíkur mógrafir eða móstæði, 21 mógrafir og 36 móstæði. Mógrafirnar var aðallega að finna á sex stöðum: við Svarðarmel, syðst og austast á Innmýrum, á Laska, austast í Hestamýri, á Svuntu og syðst í Hólum. Þær mógrafir sem voru lengst frá bænum voru í 1,5 km fjarlægð við Svarðarmel, þær sem næst stóðu bænum voru aðeins í 200 m fjarlægð við Hóla ofan og norðvestan við bæinn. Móstæðin voru nánast undantekningarlaust í næsta nágrenni við mógrafirnar, stundum á bökkum grafanna en yfirleitt á næsta þurra bletti. Flest eru móstæðin á Laska og Laskakolli en þar voru skráð 20 móstæði. Eru tóftir móstæðanna þar mjög misgreinilegar og trúlega nær saga mótöku á staðnum langt aftur í aldir.

Fjögur bæjarstæði voru skráð í landi Breiðuvíkur: Fornibær [3172-131], Frambær og Útbær [3172-144] og bæjarhús [3172-011] yst í Krók. Frambær og Útbær standa saman á Bæjarvellinum sem er staðsettur á neðsta hjallanum ofan við sléttlendið við Fit norðan við Litluá. Var tvíbýli í Breiðuvík fram að 1929 og búið bæði á Frambæ og Útbæ en eftir það einungis á Útbæ. Voru baðstofur á báðum bæjunum, baðstofan á Útbæ byggð 1922 af Páli Sveinssyni en baðstofan á Frambæ eitthvað fyrr. Var baðstofan á Útbæ notuð lengi af smalamönnum eftir að byggð lagðist af á Breiðuvík og stóð hún enn undir þaki 1982 (Ármann Halldórsson 1975:429; Loftmyndasafn LMÍ, mynd nr G-6753, 1982; Örnefnaskrá

Breiðuvík, bls. 12). Fornibær stendur 200 m innan við Fram- og Útbæ og stendur á flatlendinu neðan við hjallann. Tóftir Fornabæjar er sokknar og nokkuð illgreinanlegar, greinlega hefur verið að hluta til byggt aftur á gömlu tóftunum en nokkuð heillegri tóft stendur syðst í bæjarstæðinu. Vottar gamla bæjarstæðið um langa sögu byggðar í vikinni. Bæjarhúsin yst í Krók eru nokkuð minni um sig en bæjarstæðin sem standa innar og virðist aðeins hafa verið búið þar á stuttu tímabili á 19. öld.

Mikill fjöldi tófta eru enn greinilegar í og við túnið á Breiðuvík að bæjarstæðunum undanskildum voru skráðar þar 25 tóftir og 9 garðlög á um 450x150 m stóru svæði sem verður að teljast ansi mikill þéttleiki. Fjöldi greinilegra mannvirkja á svæðinu eru bein orsök þess að í Breiðuvík voru tún aldrei sléttuð með stórvirkum vinnuvélum og að jörðin leggst í eyði um miðja 20. öldina. Þéttleikan má líka skýra út frá því að tvíþýli var undir lok byggðar í Breiðuvík og bæirnir stóðu hlið við hlið.

Utan við bæjarstæði Breiðuvíkur í Krók niður við sjó má finna greinilegar minjar um sjósókn frá vikinni en þar standa tvö naust þétt saman [3172-012] og upp á Steinsfjörubakka stendur hjallur [3172-008]. Yst norðan megin í vikinni við Svínavík og á Stóranesi er að finna fjórar tóftir [3172-001 – 003 & -005] sem trúlega eru leifar sjóbúða.

Stór hluti skráðra minja í landi Breiðuvíkur bera þess merki að vera ekki mjög fornar og bróðurparturinn trúlega frá 19. öld og byrjun 20. aldar. Það má þó inn á milli finna tóftir og minjar sem votta um langa sögu byggðar í vikinni.

Litla-Breiðuvík/Litlavík

Líkt og Stóra-Breiðuvík er Litla-Breiðuvík kölluð því nafni í opinberum skjölum en í almennu tali kölluð Litlavík. Taldar eru líkur á því að snemma hafi Litlavík byggst úr landnámi Breiðuvíkur. Ólíkt Breiðuvík tilheyrir Litlavík Húsavíkursókn og var lengi vel eign Húsavíkurkirkju (Ármann Halldórsson, 1975). Í Jarðatali Johnsen er jörðin metin 6 hundruð að dýrleika og skráð eign Húsavíkurkirkju (J. Johnsen, 1847). Litlavík stendur á flatlendi sunnanmegin í vikinni spölkorn innan við sandinn. Bærinn stendur í túni sléttu af náttúrunnar hendi og innan við bæinn er Litlavíkurblá, slétt og vel gróið votlendi sem nær alla leið að gamla marbakkanum við Bringur. Engjar á Litlavík eru sagðar grasgefnar og hey kjarngott og hollt, beitoland ágætt. Nothæft mótak og torfrista góð, reki sæmilegur og stutt á mið en

lending slæm og langt frá bæ. Stutt sunnan við bæinn hækkar landið nokkuð í hjöllum upp í Litlavíkurdal sem liggur undir Sólarfjalli og tindinum Hákarlshaus (Ármann Halldórsson, 1975, Örnefnaskrá Litlavíkur). Á Litlavík land sunnan við Víkurá, sem rennur um Breiðuvík miðja, alla leið inn að Gæsavötnum á Víknaheiði. Til norðurs tekur við Breiðuvíkurbjörðin og til suðurs liggur Húsavíkurbjörðin. Litlavík fór í eyði árið 1945, tveimur árum fyrr en Breiðuvík og voru síðustu ábúendur Ólafur Björnsson frá Klúku og Þorbjörg Sveinsdóttir (Ármann Halldórsson, 1975).

Í heildina voru skráðar 72 minjar í landi Litluvíkur líkt og á Breiðuvík eru minjar um mótöku algengastar en skráð voru 9 móstæði og 3 mógrafir, stór hluti skráðra minja í Litluvík hefur þó óþekkt hlutverk. Trúlega voru skráð fleiri mógrafir og móstæði þó ekki sé hægt að segja það með fullri vissu. Mógrafirnar var að finna á þremur stöðum, tvær við Svarðarmel í um 400 m fjarlægð frá bænum og upp á Bringum í um 600 m fjarlægð og móstæðin eru staðsett í næsta nágrenni grafanna. Virðist sem svo að nokkuð minna hafi verið tekið af mó í Litluvík en á Breiðuvík en mór virðist þó hafa verið aðal eldsneyti bæjarins.

Líkt og við heimatúnið á Breiðuvík er töluverður þéttleiki greinilegra minja í og við túnið á Litluvík en þar má greina 16 tóftir, 4 garðlög, áveituskurði, völvuleiði og óþekktar dældir. Eru orsakir mikil þéttleika minja þær sömu í Litluvík og á Breiðuvík að minjunum hefur verið hlíft fyrir því raski sem fylgir nútímabúskap með tilheyrandi túnasléttun og öðru raski. Ábúendur í Litluvík hafa verið útsjónasamir með nýtingu vatns en ekkert vatnsfall er í næsta nágrenni bæjarstæðisins. Grafnir hafa verið tveir langir áveituskurðir úr Dalsá og Bæjarlæknum heim að bænum og vatni veitt að bænum og frá honum út í Litluvíkurblánnu. Við Dalsánnu hefur vatni einnig verið veitt á vatnsmyllu til kornmölunar. Völvuleiði [3172-214] var skráð í túni Litluvíkur og er einnig að finna völvuleiði við bæinn í Kjólsvík. Ekki voru skráðar neinar minjar sem telja mætti sem skýr merki um sjósókn utan við minjar [3172-199] sem trúlega tengjast fiskverkun. Það er þó nánast öruggt að Litluvíkurbændur hafi sótt sjóinn líkt og nágrannarnir á Breiðuvík.

Líkt og á Breiðuvík ber bróðurpartur skráðra minja þess merki að vera frá 19. öld og byrjun 20. aldar. Þar er þó að finna minjar sem votta um fornar rætur byggðar í víkinni. Nokkru ofan við bæjarstæðið í Litluvík við Króarmýri er að finna stærðarinnar garðlag [3172-194] sem afmarkar stórt svæði í hlíðinni. Erfitt er að segja mikið til um hlutverk minjanna en trúlega hefur það haldið skepnum og jafnvel stórgripum en stuttu ofar er að finna Neðri- og Efri-

Kúahjala. Nokkru innar á svokölluðum Bringum er svo trúlega að finna fornt bæjarstæði. Minjasvæðið tengt meinta bæjarstæðinu á Bringum samanstendur af tveim misstórum rústahólum sem standa nokkuð þétt við bogadreginn túngarð og ferhyrnt aðhald stutt frá stærri hólnum. Draga má þá ályktun út frá eðli og gerð minjanna að hér sé um að ræða gamalt bæjarstæði og að stærri hóllinn geymi leifar bæjarhúsa og sá minni leifar útihúss. Líkur eru á því að túngarðurinn hafi umlukið húsin og heimatúnið. Hann er nú greinanlegur á um 170 m svæði en trúlegt er að hann hafi upprunalega verið óslitinn umhverfis svæðið og sé því horfinn á stórum hluta. Minjar bæjarstæðisins á Bringunum eru nokkuð merkilegar fyrir þær sakir að engar ritaðar heimildir eru fyrir því að búið hafi verið á öðrum jörðum í vikinni en Breiðuvík og Litluvík. Leiða má líkur að því að fyrr á tímum hafi bærinn á Litluvík staðið innar í landinu og minjarnar sem hér um ræðir séu leifar gamla bæjarstæðis Litluvíkur. Núverandi bæjarstæði Litluvíkur stendur lágt, ansi nálægt strandlínunni eða um 200 m innan við Breiðuvíkursandinn. Þar innan við bæinn tekur við nokkuð víðfeðmt votlendi nefnt Litlavíkurbliá. Möguleiki er á því að fyrr á tíð hafi núverandi bæjarstæði Litluvíkur verið blautara og svæðið upp á gamla marbakkannum því hentugra til búsetu. Hægt er að ímynda sér að í gegnum tíðina hafi strandlínan í Breiðuvík færst utar og votlendið hopað sem hefur bætt skilyrði til búsetu nær strandlínunni, eða þar sem bæjarstæðið stóð þegar bærinn fór í eyði.

Kjólsvík

Kjólsvík er staðsett á milli Hvalvíkur til norðurs og Breiðuvíkur til suðurs. Kjólsvík er nokkuð mjó og grunn vík en hún er um 1500 m breið, nokkuð lítið undirlendi er í vikinni en inn af henni er smáhækkandi dalur að hluta til fyllt framhlaupum (Hjörleifur Guttormsson 2008:48). Víkin er aðeins grunnur bugur á strandlengjunni og inn af henni gengur mishæðóttur dalur, framhlaup þekja dalinn norðan megin en sunnan megin eru grösugar spildur. Sögusagnir herma að meira sléttlendi hafi verið í vikinni fyrr á öldum en spilst eftir miklar skriður úr Víðidalsfjalli. Skriðufalla er einnig getið um 1773 en þá eyddist byggð í vikinni vegna skriðufalla (Ármann Halldórsson 1975:326; Ólafur Olavíus 1965:122). Dregur víkin nafn sitt af klettinum Kjóll sem skagar fram úr brekkuni beint ofan við bæinn og skýlir honum við snjó- og skriðuföllum úr Glettingnum. Ekki er ljóst hvenær fyrst var búið í Kjólsvík en byggð hefur verið í vikinni a.m.k. eitthvað fyrir 1700 en til er frásögn af dulsmáli og útburði barns í Kjólsvík um 1700 (Ármann Halldórsson 1975:426; Annálar 1400-1800. 5. bindi:282-283). Stöðug ábúð var í Kjólsvík frá 1810 til ársins 1938 og oftast var enbýlt á

staðnum. Af síðustu tíu jörðum á Víkum sem búið var á voru ábúendur sjö jarða frá Kjólsvík (Ármann Halldórsson 1975:426).

Kjólsvík er getið í máldaga Desjarmýrakirkju og Vallaneskirkju frá 1397 og eiga báðar kirkjurnar hvalreka í víkinni (Íslenzkt fornbréfasafn 4. bindi) Í Jarðatali Johnsen er jörðin metin á 6 hundruð að dýleika og í neðanmálsgrein er þess getið að jörðin er í eyði 1760 og enn 1804 (Jón Johnsen 1847:361). Um Kjólsvík segir í sýslu- og sóknalýsingum að á jörðinni sé lítið tún og engi, gott land og hagabeit góð og nokkur reki (Finnur N. Karlsson et al. 2000:209). Túnið í Kjólsvík stendur er nokkuð mjó ræma við sjávarbakkann, grjótgardur liggja ofan við það norðan megin og skýlir því að hluta við skriðum og grjótkasti. Bæjarstæði Kjólsvíkur stendur stutt frá sjávarbakkanum og voru þrjár lendingar þar stutt frá bæjarhúsunum. Þétt við bæjarstæðið er matjurtagarður og útihúsin enda lítið undirlendi á staðnum.

Í heildina voru skráðar 50 minjar í landi Kjólsvíkur, líkt og í Breiðuvík er minjar um mótöku stór hluti skráðra minja í Kjólsvík og af þeim 50 skráðu minjum eru 16 minjar móstæði eða mógrafir. Helstu mótökusvæðin í víkinni eru við Svarðamel og Bungum innarlega í víkinni, tæpum 2 km frá bænum og í Mýrinni um 400 m sunnan og innan við bæinn. Utan við minjar tengdar mótöku er meirihluti skráðra minja í Kjólsvík staðsett í nágrenni bæjarstæðisins. Á bæjarstæðinu var ásamt bæjarhúsunum skráð matjurtagarður [3172-071], stór fjárhústóft [3172-072], smiðja [3172-075], hrútakofi [3172-073] og brunnhús [3172-069] og standa minjarnar nokkuð þétt saman. Aðeins ein tóft stendur fjær í túninu og er það hjallatóft [3172-076] sem stendur yst í túninu. Borið saman við Breiðuvík og Litlúvík er töluvert minna af tóftum í heimatúninu í Kjólsvík, orsök þess er líklega samspil nokkurra þátta en aðeins lítil hluti þess er í skjóli af Kjólnum fyrir skriðum og snjóflóðum og hefur líklega hefur þurft að nýta það svæði vel. Bæjarstæðið stendur einnig stutt frá sjávarbakkanum og hugsast getur að einhverjar minjar hafi horfið fram af honum vegna rofs líkt og komið er fyrir smiðjunni [3172-075] sem er hálfhrunin fram af bakkanum. Völvuleiði [3172-068] er í Kjólsvík líkt og í Litlúvík, völvuleiðið stendur tæpt á sjávarbakkanum og segir sagana að byggð leggist af í Kjólsvík þegar það hrynur í sjó. Það stendur þó enn og Kjólsvík fyrir löngu farin í eyði.

Skráðar minjar í Kjólsvík bara þess flestar merki að vera ekki mikið eldri en frá 18. öld fram á byrjun 20. aldar. Það eru einna helst móstæði við Svarðarmel sem gefa vísbendingar um eldri byggð í vikinni en þar finna fjögur móstæði mjög misvel varðveitt sem vitna trúlega um langa sögu móttöku þar. Eldri minjar gætu þó vel leynst undir sverði eða hafa horfið vegna mikilla skriðufalla eða landbrots sjávar. Þegar Kjólsvík var heimsótt af skráningarmönnum sáust greinileg merki um virkt landbrot sjávar og víða hafði nýlega hrunið úr bakkanum meðfram strandlengjunni.



Mynd 3. Nýhrunin torfa úr sjávarbakkanum í Kjólsvík, nokkru norðan við bæjarstæðið.

Lokaorð

Breiðuvík & Kjólsvík, ásamt Víkum öllum, mynda heilsteypt minjasvæði sem geymir glögg ummerki um veröld sem var. Sú vélvæðing sem hefur breytt ásýnd landsins í mörgum öðrum sveitum með framræslu og sléttun náði aldrei til Breiðuvíkur eða Kjólsvíkur. Þetta gerir það að verkum að minjar um búskaparhætti fyrri alda standa að stóru leyti óspillt.

Í lok fornleifaskráningar í Breiðuvík og Kjólsvík sumarið 2024 höfðu í heildina verið skráðar 252 minjar í vikunum tveimur. Þriðjungur eða 85 af skráðum minjum voru mógrafir eða móstæði og greinilegt er að mór hefur til lengri tíma verið aðal eldsneyti íbúa í vikunum. Í Gunnars þætti Þiðrandabana felur Gunnar sig fyrir leitarmönnum undir „elditorfi“ hjá Sveinka á Bakka í Borgarfirði (Guðni Jónsson 1953:330), ekki er ótrúlegt að menn hafi snemma farið að nýta mó til eldsneytis á svæðinu. Ágætis lýsingu er að finna á móttöku í örnefnaskrá Kjólsvíkur en þar er því lýst að mór var tekinn og hlaðinn upp í stæður þar sem hann var geymdur fram á vetur og var þá sóttur á sleðum (Örnefnaskrá Kjólsvíkur, bls. 5).

Stærstur hluti skráðra minja á svæðinu tilheyra síðasta byggðarskeiði í vikunum á 19. og 20. öldinni. Það má þó finna minjar sem vitna um eldri rætur byggðar í vikunum. Í landi Litluvíkur og Breiðuvíkur voru skráð gömul bæjarstæði og trúlega teygir uppruni þeirra sig langt aftur í aldir. Gamla bæjarstæðið á Breiðuvík, Fornibær, stendur spölkorn frá yngra bæjarstæðinu og hefur eitthvað verið raskað af seinni tíma búsetu. Gamla bæjarstæðið í Litluvík liggur hins vegar nánast alveg ósnert og liggur í töluverðri fjarlægð frá yngra bæjarstæðinu. Ekki er ljóst hvort um er að ræða eldra bæjarstæði Litluvíkur bæjarins eða þá þriðja býlið í vikinni en engar heimildir votta um að það hafi einhvern tímann verið búið að fleiri en tveim jörðum í Breiðuvík. Ef litið er heildstætt á skráðar minjar í Breiðuvík í Kjólsvík er um að ræða sérstaklega vel varðveitt minjalandslag sem geymir fjölmargar minjar sem votta um landshætti sjávarjarða frá 18. öld fram á upphaf 20. Aldar.

Það vekur athygli hversu mikill þéttleik minja er við bæjarstæðin og þá sérstaklega í Breiðuvík. Þetta er greinilegast við bæjarstæðið á Breiðuvík en þar liggur fjöldinn allur af tóftum í og við túnið. Eitthvað er þekkt af hlutverki minjanna, þá sérstaklega fjárhúsanna en annars eru þetta mest tóftir með óþekkt hlutverk. Það hefur sýnt sig að fornleifaskráning í eyðibbyggðum líkt og á Víknasvæðinu getur verið þýðingarmikil þegar hún er skoðuð í samhengi við fornleifaskráningu á svæðum sem hafa orðið fyrir raski sem fylgir umsvifum nútímans. Fornleifastofnun Íslands hefur unnið heildarskráningu á fornleifum í Fjörðum sem er eyðibbyggð í Grýtubakkahreppi. Líkt og á Víknasvæðinu fer byggðin í Fjörðum í eyði um miðja 20. öldina og eru svæðin lík fyrir margar sakir. Niðurstaða fornleifaskráningarinnar í Fjörðum sýndi að töluvert fleiri fornleifar voru skráðar á hverri jörð í Fjörðum en á samanburðarsvæði í byggð þegar miðað var við fjölda minja á hvert jarðhundrað. Eins höfðu varðveist minjar sem ekki sjást í miklum mæli í röskuðu landi. Í skýrslu um fornleifaskráninguna í Fjörðum er Víknasvæðið einmitt nefnt meðal þeirra svæða sem brýnt sé að skrá á meðan heimildir um svæðið séu enn til í munnlegri geymd (Kristborg Þórsdóttir, 2021).

Víða á Víknasvæðinu eru þröngar vikur með litlu undirlendi og standa byggðarleifar víða nálægt strandlínunni og er því óneitanlega eitthvað að minjum sem eru í hættu vegna sjávarrofs. Í skráningunni nú voru fjórar minjar sem eru taldar í mikilli hættu vegna virks landbrots, í heildina eru 11 minjar sem teljast í hættum ýmist vegna landbrots, rofs, skriðufalla, uppblásturs og vatnsaga. Eins Full ástæða til þess að haldið sé áfram með

skráningu fornleifa á Víknasvæðinu, bæði vegna þess óraskaða minjasvæðis sem þar er að finna og til skrásetningar á minjum sem eru að hverfa vegna sjávarrofs og annarra umhverfisþátta. Töluverður fjöldi fólks ferðast um Víknaslóðir ár hvert og bíður svæðið um á kjörin tækifæri til þess að miðla því einstaka minjalandsvæði sem þar er að finna. Stefnt er á að halda fornleifaskráningu áfram á Víkum í áföngum og vonir eru fyrir því að afrakstur þeirrar vinnu verði heildsteypt rit minjasvæðið á Víkum í heild sinni.

Heimildaskrá:

Annálar 1400-1800. 5. bindi. Hið íslenska Bókmenntafélag. Félagsprentsmiðjan hf. Reykjavík. 1955-1988.

Ágúst Ó. Georgsson. (1990). *Fornleifaskrá*. „Skrá um friðlýstar fornleifar.“ Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík.

Ármann Halldórsson, (1975). *Sveitir og jarðir í Múlapingi, II. bindi*, Búnaðarsamband Austurlands.

Birna Lárusdóttir ritstj. (2012). *Mannvist – Sýnisbók íslenskra fornleifa*. Bókaútgáfan Opna. Reykjavík.

Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson. (2000). *Múlasýslur. Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874*. Sögufélag. Örnefnastofnun Íslands. Reykjavík.

Guðni Jónsson. (1953). *Austfirðinga sögur*. 10. bindi Íslendingasagnaútgáfan, Prentverk Odds Björnssonar.

Guðni Jónsson. (1953). *Íslendinga sögur, Landssaga og Landnám*. 1. bindi Íslendingasagnaútgáfan, Prentverk Odds Björnssonar.

Indriði Skarphéðinsson & Rannveig Þórhallsdóttir (2023). *Fornleifauppgröftur á Sveinsholti í Breiðuvík*. Sagnabrunnur ehf

Íslenzkt Fornbréfasafn 4. bindi. Hið íslenska bókmenntafélag. Prentsmiðja L. Möller. Kaupmannahöfn 1897

J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn.

Hjörleifur Guttormsson, (2008). *Úthérað ásamt Borgarfirði eystra, Víkum og Loðmundarfirði*. Jón Viðar Sigurðsson ritstj. Ferðafélag Íslands Árbók 2008. Reykjavík.

Kristján Eldjárn. (2016). *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*, Þjóðminjasafn Íslands o.fl.

Kristborg Þórsdóttir (ritstjóri) (2021). *Ósnortin eyðibýggð í Fjörðum – Fornleifaskráning*. II. Bindi. Fornleifastofnun Íslands SES. Reykjavík.

Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir (1999). *Menningarminjar í Borgarfirði eystra – Svæðisskráning*. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Ólafur Olavius. (1965). *Ferðabók*. II bindi. Bókafellsútgáfan hf. Reykjavík.

Örnefnaskrá. (1980). Skrá yfir örnefni Breiðavík í Borgarfjarðarhrepp, Örnefnastofnun.

Örnefnaskrá. (1980). Skrá yfir örnefni Litluvík í Borgarfjarðarhrepp, Örnefnastofnun.

Örnefnaskrá. (1981). Skrá yfir örnefni Kjólsvík í Borgarfjarðarhrepp, Örnefnastofnun.

Fornleifaskrá

Stóra Breiðuvík

[3172-001] tóft – óþekkt

Tóft [3172-001] er grasi gróin og stendur hæst og nyrst af tóftunum þremur, undir nokkuð brattri brekku sem stendur yst á nesinu. Eitt rými er á tóftinni og vísar inngangur hennar til suðurs. Austur úr tóftinni gengur stuttur veggbútur, úr miðjum og austurenda veggbútsins ganga tvö lítil veggbrott til suðurs. Úr norðvesturhorni tóftarinnar gengur um 17 m langt og 1.5 m breitt garðlag til suðvesturs. Tóftin liggur austur-vestur og er um 7x6 m að stærð og innra rými hennar um 1.5x2 m að stærð. Eru veggir tóftarinnar nokkuð farnir að síga og eru þeir á bilinu 0.2-0.4 m á hæð en hátt í 2 m breiðir.



Mynd 4. Tóft [3172-002] fyrir miðri mynd. Mynd tekin til vesturs.

[3172-002] tóft – óþekkt

Tóft [3172-002] stendur í miðri röð tóftanna þriggja á nesinu. Tóftin er grasi gróin, nokkuð hringlaga í laginu með leguna norður-suður. Eitt rými er á tóftinni og snýr inngangur þess til suðurs. Tóftin eru um 9.5x8 m að stærð og er innra rými hennar um 3.5x4 m að stærð. Veggir tóftarinnar eru á bilinu 0.2-0.4 m á hæð en hátt í 2 m breiðir.



Mynd 5. Tóft [3172-02] fyrir miðri mynd. Mynd tekin til vesturs.

[3172-003] tóft – óþekkt

Tóft [3172-003] er grasi gróin og stendur neðst af tóftunum þremur. Tóftin liggur austur-vestur og er nokkuð ógreinilegri en hinar tvær. Ekki er greinilegt innanrými í tóftinni en op virðist vera á henni til suðurs líkt og á hinum tveimur. Tóftin er 8x5.5 m að stærð og er lögun hennar nokkuð óregluleg. Veggir tóftarinnar eru um 0.2-0.3 m á hæð og hátt í 2 m breiðir.



Mynd 6 Tóft [3172-03] fyrir miðri mynd. Mynd tekin til norðurs.

[3172-004] garðlag – aðhald

Stóranes er að hluta til klofið í tvennt, og tveir misstórir tangar ganga út í sjóinn sitt hvoru megin við kverkina. Garðlag [3172-004] þverar minni tangann sem gengur út úr nesinu og stendur fremst á tanganum. Garðurinn er grasi gróinn, um 15 m á lengd og nær frá klettabrún til klettabrúnar á tanganum með leguna austur-vestur.



Mynd 7. Garðlag [3172004] fyrir miðri mynd. Mynd tekin til suðurs.

Þetta er nokkuð veglegur garður sem er allt að 3 m á breidd og um 1 m á hæð. Tanginn hefur líklega verið nýttur sem lítill beitarhagi sem auðvelt hefur verið að girða hann af með þverun tangans.

[3172-005] tóft – óþekkt

Tóftarinnar er getið í örnefnaskrá Breiðuvíkur, þar segir: “*Utan Hvamma heitir Skálabarð. Niður af því gengur vogur inn, sem heitir Skipavogur. Bátar lágu oft þar inni, því að þar er mjög skýlt. Framan í*



Mynd 8. Tóftin á Skálabarði fyrir miðri mynd. Mynd tekin til suðurs.

barðinu sér móta fyrir tóft, sem hlaðin hefur verið úr grjóti. Tilgátur eru um, að þarna hafi verið landingarstaður.”

Tóftin er skráð í svæðisskráningu FSÍ og fær þar númerið NM-228:012 (Orri Vésteinsson & Sædís Gunnarsdóttir, 1999). Tóftin er vel gróin, um 6x5 m að stærð og inni í henni er eitt rými sem er 3.5x1.5 m að innanmáli. Tóftin liggur vestur-austur og er inngangur á henni til austurs.

[3172-006] örnefni – skipavogur

Skipavogs er getið í örnefnaskrá Breiðuvíkur, þar segir: “*Utan Hvamma heitir Skálabarð. Niður af því gengur vogur inn, sem heitir Skipavogur. Bátar lágu oft þar inni, því að þar er mjög skýlt. Framan í barðinu sér móta fyrir tóft, sem hlaðin hefur verið úr grjóti. Tilgátur eru um, að þarna hafi verið landingarstaður.*”

Skipavogur er nokkuð þröngur vogur sem er staðsettur á milli Svínavíkur og Stóranesbáss beint neðan af Skálabarði. Nokkuð brattar skriður liggja niður í voginn en ágætis var er í voginum. Stendur tóft [3172-007] á Skálabarði og er enn vel greinileg.

[3172-007] örnefni – kaplaskarð

Kaplaskarði bregður fyrir í örnefnaskrá Breiðuvíkur, þar segir: “*Allur yzti hluti Grenmós, raðirnar milli hans og Svínavíkur, nefnist Grenmósraðir. Ofan til á röðunum er lítið skarð, sem liggur að Svínavík. Það heitir Kapalskarð. Um það mun hafa verið farið með hesta, sem gengu í Svínavík.*”

Skarðið kemur niður nokkuð innarlega í botni dalverpisins sem gengur inn úr Svínavík. Nokkuð miklar skriður eru Svínavíkur megin í skarðinu og er nokkuð illfært niður í dalinn. Skarðið er líklega færasta leiðin niður í Svínavík sé ekki farið strandleiðina sem ekki alltaf er fær.

[3172-008] garðlag – óþekkt

Ofan við Fremrihleina á Steinsfjörubökkum er garðlag með leguna austur-vestur, frá klettabrúninni austanmegin að lækjardragi vestanmegin. Garðlagið er grasi gróið og er um 25 m á lengd, um 1 m á breidd og um 0.7 m á hæð þar sem það stendur hæst. Ekki er alveg



Mynd 9. Garðlag [3172-008]. Myndin tekin til suðurs.

ljóst hvaða hlutverki garðlagið þjónaði en það afmarkar ásamt lækjardraginu lítið svæði syðst á Steinsfjörubökkunum. Svokölluð Gjá gengur þar niður úr bökkunum syðst á þeim, um hana má komast strandleiðina út í Svínavík. Nokkuð þétt ofan við garðlagið eru tveir stuttir samsíða veggir sem líklegast eru leifar af hjalli [3172-009].

[3172-009] hleðsla – hjallur

Á Steinsfjörubakka, stutt ofan við garðlag [3172-008] eru tveir samsíða veggir um 4 m á lengd, 1 m á breidd og 0.5 m á hæð. Veggirnir eru grasi grónir, liggja austur-vestur og er sá syðri nokkuð greinilegri en sá nyrðri, sem fellur nokkuð inn í landið sem fer hækkandi til norðurs. Greinileg dæld er á milli veggjanna sem er



Mynd 10. Hjallur [3172-009] á Steinsfjörubakka. Mynd tekin til austurs.

um 2 m breið. Útlit og eðlit minjanna gefa til kynna að hér sé um nokkuð dæmigerðan hjall að ræða. Hjallurinn stendur nokkrum metrum norðan við garðlag [3172-009 sem þverar enda Steinsfjörubakkans.

[3172-010] tóft – stekkur

Á lækjarbakka við læk sem fellur ofan í Lækjarbás, stutt frá Stekkbotnum, stendur nokkuð reisulegur stekkur. Stekkurinn hefur leguna austur-vestur, er um 30 m á lengd og tæpir 10 m á breidd. Stekkurinn er grasi gróinn og skiptist í tvö misstór rými. Minna rýmið er vestanmegin og er um 10 m á



Mynd 11. Stekkur [3172-010] fyrir miðri mynd. Mynd tekin til austurs.

lengd og 2.5 m á breidd að innanmáli, í suðaustur horni þess er gengt yfir í hitt rýmið. Stærri rýmið er 15 m á lengd og rúmir 4 m að innanmáli, inngangur er í norðaustur horni þess. Veggir eru stæðilegir og eru hátt í meter á hæð og hátt í 2 m á breidd. Stekkurinn stendur undir lágri brekku og fellur norðurhlið hans að hluta til inn í brekkuna. Utan við innganginn á austurhlið stekksins heldur norðurveggurinn

áfram til austurs um 8 m og fellur lengra inn í brekkuna, þar framan við er sléttur grasbali. Líklega hefur lambakróin verið í minna rýminu og rollurnar hafðar í því stærra.

[3172-011] tóft – bæjarhús



Mynd 12. Tóft [3172-011] þar sem lækurinn er farinn að grafa undan tóftinni. Mynd tekin til suðausturs.

Tóft [3172-011] stendur tæpt á bakka þess lækjar sem fellur niður í Lækjarbás, andspænis stekknunum [3172-010]. Í örnefnaskrá Breiðuvíkur segir: „*Þar utar er Krókur út við sjó... Yzt í Króknum mótar fyrir tóftum. Þar mun hafa verið búið um 1850-60*“, á þessi lýsing líklegast við tóft [3172-011]. Tóftin er grasi gróin, liggur norður-suður og skiptist í þrjú rými.

Sunnanmegin í tóftinni er rými með sér inngang til suðurs ótengt hinum rýmum, það er um 4x1.5 m að innanmáli. Inngangur er svo á tóftinni miðri austanmegin, þar er gegnt inn í stærsta rýmið og úr því norðanmegin er gengt í minna rýmið. Stærsta rýmið er tæpir 6x3 m að innanmáli og minnsta rýmið er 1.5x2 m að innanmáli. Vegg hæð tóftarinnar á bilinu 0.4-0.8 og breidd veggja á bilinu 1-2 m .

Er lækurinn sem rennur þétt austan við tóftina eitthvað byrjaður að grafa undan henni og byrjað er að síga undan norðurvegg hennar.

[3172-012] tóf – naust

Minjarnar eru staðsettar á Króknum, spölkorn utan við Krókslækinn og nokkuð stutt frá flæðarmálinu. Um er að ræða tvær grasi grónar, lágreistar og aflangar tóftir. Liggja þær báðar norður-suður og eru báðar opnar til suðurs. Tóftin austanmegin er örlítið



Mynd 13. Tóf [3172-012] fyrir miðri mynd. Mynd tekin til suðurs.

lengri en sú vestari, hún er um 10 m á lengd og 4.5 m á breidd, sú vestari er um 8.7 m á lengd og 5 m á breidd. Veggir tóftanna eru á bilinu 0.2-0.4 m á hæð og um 1.5 m á breidd. Þar sem tóftirnar liggja saman í miðjunni eru nokkuð ógreinileg skil á milli veggja þeirra.

Hlutverk tóftanna er ekki skýrt en mögulega eru hér leifar tveggja nausta sem standa þarna stutt frá sjónum, nokkuð sokknar.

[3172-013] tóft – fjárhús

Tóftar [3172-013] er getið í örnefnaskrá Breiðuvíkur, þar segir: „Þar utar er Krókur út við sjó. Faðir Daníels og Sigrúnar reisti þar stórt fjárhús, sennilega til að nýta fjörubeit. Rúst er af því.“. Á hér við heimildarmenn



Mynd 14. Fjárhústóft [3172-013] fyrir miðri mynd. Mynd tekin til vesturs.

örnefnaskráningarinnar, Daníel og Sigrúnu börn Páls Sveinssonar frá

Geitavík er bjó í Stóru Breiðuvík á árunum 1922-38 og hefur fjárhúsið verið reist í hans tíð (Ármann Halldórsson, 1975). Í svæðiskráningu FSÍ er fjárhúsið skráð tvisvar og fær þar númerin NM-228:007 og NM-228:025 (Orri Vésteinsson & Sædís Gunnarsdóttir, 1999). Fjárhústóftin er grasi gróin og liggur nokkurnvegin norður-suður. Gegnt er inn í tóftina sunnanmegin þar sem fjárhúsið sjálft hefur verið og er garði í því miðju. Í vestur enda tóftarinnar er svo minna rými, að öllum líkindum hlaða sem gegnt er í úr stærra rýminu. Tóftin er í heildina um 21 m á lengd og 10 m á breidd þar sem hún er breiðust. Innanmál hlöðunnar í vesturenda tóftarinnar eru rúmir 2x3 m en innanmál fjárhússins eru 13.5x3.5 m. Veggir tóftarinnar eru reisulegir og eru þeir um 1-1.5 m á hæð og 1-3 m á breidd, en breiðastir eru þeir við vestur endann þar sem hlaðan er staðsett.

[3172-014] hleðsla – fjárrétt

Spölkorn vestan við fjárhústóftina [3172-013] stendur fjárrétt, hennar er getið í örnefnaskrá Breiðuvíkur og þar segir: „*Utan undir Holtum er Réttargrund. Á henni er hlaðin fjárrétt.*“

Í svæðiskráningu FSÍ er réttin skráð og fær þar númerið NM-228:024 (Orri Vésteinsson & Sædís Gunnarsdóttir, 1999). Réttin er ferhyrnd, með leguna norður-suður og þannig í laginu að óslitin hleðsla afmarkar norður, suður



Mynd 15. Fjárrétt [3172-014], Sólarfjall (h. megin) og Hákarlshaus (v. megin) í bakgrunni. Mynd tekin til suðurs.

og vestur hlið hennar en á austurhliðinni er hleðslan aðeins á helmingi hliðarinnar. Lítið skarð er svo á suðaustur horni réttarinnar. Suður- og norður- veggir réttarinnar eru um 10 m langir, vesturveggurinn tæpir 15 m og austurveggurinn tæpir 10 m á lengd.

Veggir réttarinnar eru á bilinu 0.3-0.7 m á hæð og um 1-1.5 m breiðir, nokkuð lóðréttir innan í réttinni en með aflíðandi ytri hliðar. Þeir eru að mestu grasi grónir en að innan má greina í það minnsta þrjár steinaraðir í hleðslunni og eru þær eflaust fleiri.

[3172-024] niðugröftur – mógrafir

Minjarnar eru staðsettar á Svuntu um 45 m ofan við Svuntulæk. Um er að ræða töluverðar mógrafir sem þekja um 130x30 m stórt svæði. Voru minjarnar mældar upp á myndakorti loftmynda.

[3172-025] niðurgroftur – mógrafir

Á Innmýrum stutt innan við Grástein, sunnan við Kjóahraun eru töluverðar minjar um móttöku. Um er að ræða þrjár stórar mógrafir [3172-025, -026 & -027] og fimm móstæði [3172-028, -029, -030, -031 & -034]. Í örnefnaskrá Breiðuvíkur segir: „*Ofan við Innmýrar, utan stóralækjar, heitir Svarðarmelur. Mór var tekinn við*



Mynd 16. Loftmynd af mógröfum [3172-025]. Mynd frá myndakorti loftmynda.

hann og víðar á Landareigninni.“ (Örnefnaskrá Breiðuvíkur, bls. 3). Svæðið er staðsett um 500 m suðaustan við Svarðarmel. Mógrafirnar sem hér um ræðir eru óreglulegar í laginu og þekja svæði sem er um 100x50 m að stærð. Sökum stærðar var umfang minjanna illgreinanlegt á vettvangi og voru minjarnar mældar upp af loftmynd þar sem skýrt sést móta fyrir minjunum. Grafirnar eru nokkuð grunnar og er dýpi þeirra á bilinu 0,2-0,5 m.

[3172-026] niðurgroftur - mógrafir

Á Innmýrum stutt innan við Grástein, sunnan við Kjóahraun eru töluverðar minjar um móttöku. Um er að ræða þrjár stórar mógrafir [3172-025, -026 & -027] og fimm móstæði [3172-028, -029, -030, -031 & -034]. Í örnefnaskrá Breiðuvíkur segir: „Ofan



Mynd 17. Mógrafir [3172-026], mynd tekin til suðvesturs.

við Innmýrar, utan stóralækjar, heitir Svarðarmelur. Mór var tekinn við hann og víðar á Landareigninni.” (Örnefnaskrá Breiðuvíkur, bls. 3). Svæðið er staðsett um 500 m suðaustan við Svarðarmel. Mógrafirnar sem hér um ræðir eru óreglulegar í laginu og þekja um 50x20 m stórt svæði. Dýpt grafanna er á bilinu 0,3-0,7 m og það eina sem skilur grafirnar frá mógröfum [3172-027] er um 8 m breitt haft.

[3172-027] niðurgroftur – mógrafir

Á Innmýrum stutt innan við Grástein, sunnan við Kjóahraun eru töluverðar minjar um móttöku. Um er að ræða þrjár stórar mógrafir [3172-025, -026 & -027] og fimm móstæði [3172-028, -029, -030, -031 & -034]. Í örnefnaskrá Breiðuvíkur segir: „Ofan



Mynd 18. Mógrafir [3172-027], mynd tekin til austurs.

við Innmýrar, utan stóralækjar, heitir Svarðarmelur. Mór var tekinn við hann og víðar á Landareigninni.” (Örnefnaskrá Breiðuvíkur, bls. 3). Svæðið er staðsett um 500 m suðaustan við Svarðarmel. Mógrafirnar sem hér um ræðir eru óreglulegar að lögun með mörgum hvössum hornum sem einkenna oft

mógrafir. Grafirnar þekja um 50x13 m stórt svæði og dýpt þeirra er á bilinu 0,3-1,5 m. Um 8 m breitt haft skilur mógrafirnar frá mógröfum [3172-26].

[3172-028] tóft – móstæði

Á Innmýrum stutt innan við Grástein, sunnan við Kjóahraun eru töluverðar minjar um móttöku. Um er að ræða þrjár stórar mógrafir [3172-025, -026 & -027] og fimm móstæði [3172-028, -029, -030, -031 & -034]. Í örnefnaskrá Breiðuvíkur segir: „Ofan við Innmýrar, utan stóralækjar, heitir



Mynd 19. Móstæði [3172-028], mynd tekin til suðvesturs.

Stórt mótökusvæði er í Laska og Laskakoll á milli Laskalækjar og Hestamýrarlækja, voru á svæðinu skráðar sjö mógrafir: [3172-106, -121, -123, -125, -126, -128 & -129] og 18 móstæði: [3172-107 – 120, -122, -124, -127, -130]. Um svæðið segir í örnefnaskrá Breiðuvíkur: „*Utan*



Mynd 81. Móstæði [3172-130], mynd tekin til vesturs.

Hestamýralæks, neðst ofan Svuntu, er

svonefndur Laski. Þar eru svarðargrafir.“ (Örnefnaskrá Breiðuvíkur, bls. 6). Tóftin sem hér ræðir er staðsett neðarlega í Laska, stutt ofan við Hestamýrarlæk um 11 m neðan við mógrafir [3172-129]. Tóftin er 6x3,1 m að stærð og sést greinilega móta fyrir dæld í henni miðri og innangengt er í hana norðan megin. Veggir tóftarinnar eru 0,4-0,6 m á hæð og 0,3-0,5 m á breidd. Sjá má greinileg ummerki þess þétt austan megin við tóftina að grafið hefur verið niður fyrir henni og efnið að öllum líkindum verið nýtt til byggingar stæðunnar. Í stæðunni hefur mónum verið komið fyrir til þurrkunar eftir að hann var stunginn upp úr gröfunum í kring.



Mynd 82. Fornibær [3172-131], mynd tekin með dróna til austurs.

Minjarnar eru staðsettar á flatlendinu suður undir Kompaníhól og austan við Skipahrygg. Um er að grasi gróið rústasvæði sem liggur á 42x35 m stóru svæði. Í norðurhluta rústanna, næst brekkunni, eru tóftirnar greinilegri en suðurhlutanum og sjá má óreglulegar útlínur minnst þriggja samtengdra rýma. Syðst í rústasvæðinu er tóft sem er greinilega nokkuð yngri en restin af minjunum, líklega útihús sem reist hefur verið ofan í eldri tóftirnar. Yngri tóftin er um 7,5x7 m að utanmáli og 4x2 m að innanmáli, hlaðinn torfi og grjóti með inngang til suðurs. Líklega er um að ræða útihús frá yngri bænum sem stendur ofar og utar. Veggir tóftanna í bæjarstæðinu eru misháir og breiðir en vegg hæð er á bilinu 0,4-1,2 og breidd veggja um 1-2 m. Minjanna er getið í örnefnaskrá Breiðuvíkur og þar segir: „*Framan við túnið, utan Skipahryff, nefnist Fornibær. Þar sást fyrir rústum en ekki, hvort þar var um bæjarrústir að ræða.*“ (Örnefnaskrá Breiðuvíkur, bls. 10-11). Ekki eru þekktar neinar sögur tengdar minjunum (Ármann Halldórsson 1975:428) en nokkuð greinilegt er af útliti minjanna að dæma að þarna er um gamalt bæjarstæði að ræða. Yngra bæjarstæði Breiðuvíkur stendur upp á neðsta hjallanum og leiða má líkur að því að bæjarstæðið hafi færst ofar í landið á einhverjum tímapunkti. Stuttu utan við Fornabæ er nokkuð votlent svæði og er trúlegt að staðurinn sé viðkvæmur fyrir ágangi vatns og hafi fyrir þær sakir verið fluttur á hærri og

þurrari stað. Minjanna er getið í Svæðisskráningu FSÍ og hefur þar fengið númerið NM-228:014.



Kort 2. Uppmæling Fornabæjar.

[3172-132] garðlag – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar á flatlendinu undir Kompaníhól, um 15 m suðaustan við tóftirnar á Fornabæ. Um er að ræða lágt garðlag sem myndar tvö samtengd hólfi, annað austan megin og hitt vestan megin. Hólfið vestan megin er 12,5x9,5 m að stærð og ferhyrningslaga með mjúkum hornum. Ekki er greinanlegur



Mynd 83. Garðlag [3172-132], mynd tekin til suðausturs.

inngangur inn í hólfið. Austara hólfið er reist upp við vestara hólfið og er 9x8 m að stærð, ferhyrningslaga og gegnt er inn í það við norðvestur horn þess. Veggir garðlagsins eru á bilinu 0,3-0,5 m á hæð og 0,8-1,2 m á breidd. Minjarnar eru grasi grónar og töluvert þýfi er á svæðinu, sérstaklega innan afmarka garðlagsins. Hlutverk minjanna er ekki þekkt, gæti verið um aðhald fyrir búpening að ræða. Heimildir eru fyrir því að bænhus hafi verið í Breiðuvík

fýrr á tíðum og gætu minjarnar tengst þeim. Útlit þeirra gefur til kynna að þær séu nokkuð gamlar og tengjast örugglega búsetunni á Fornabæ frekar en á yngra bæjarstæði Breiðuvíkur.

[3172-133] gata – leið

Gatan liggur upp á hjallann ofan við Fit, neðan við Kompaníhól spölkorn utan við Fornabæ. Gatan liggur svo út með hjallanum að bæjarstæðinu [3172-144] og eru greinanlegar áfram um 120 m utan við bæjarstæðið. Gatan er greinanleg á um 300 m löngum kafla. Gatan er um 2-3 m á breidd og á stöku stað má sjá grjóthleðslu þar sem



Mynd 84. Gata [3172-133], þar sem hann liggur upp að Kompaníhúsum. Mynd tekin til norðausturs.

jafna hefur þurft undir henni. Traðir [3172-138] liggja upp að götunni við svokallaðan Hring. Götunnar er ekki getið sérstaklega í örnefnaskrá Breiðuvíkur en hún kemur nokkrum sinnum fyrir í lýsingu annarra örnefna (Örnefnaskrá Breiðuvíkur, bls. 11).

[3172-134] garðlag – óþekkt

Minjarnar eru staðsett beint neðan við Kompaníhús, ofan við götu. Neðan við Kompaníhús er nokkuð brött brekka og afmarkar garðlagið um 14x11 m stóran reit í brekkunni. Þar sem garðlagið liggur neðst í brekkunni virðist hafa verið hækkað undir og slétt út og er garðlagið hæðst þar fyrir miðju. Veggir garðlagsins eru 0,3-1,2



Mynd 85. Garðlag [3172-134], mynd tekin til norðurs.

m á hæð og 0,5-0,8 m á breidd. Ekki er alveg ljóst hvaða hlutverki minjarnar gegna en að öllum líkindum er um annað hvort matjurtagarð að ræða eða aðhald fyrir féð sem haldið var í Kompaníhúsunum.

[3172-135] tóft – fjárhús – Kompaníhús

Minjarnar eru staðsettar austur undir Kompaníhól, milli hólans og bæjarlækjarins ofan við götuna. Um Kompaníhól segir í örnefnaskrá Breiðuvíkur: „Fremsti hluti túns ofan við götu, hóllinn framan við Bæjarlæk, nefnist Kompaníhóll. Utan í honum var fjárhústóft, nefnd

Kompaníhús. Þar hafði verið fjárhús, sem menn höfðu í félagi, sem voru ekki búendur í Breiðuvík.“ (Örnefnaskrá Breiðuvíkur, bls. 11). Kompaníð var búskaparfélag Hallsteins á Bakka og Ólafs faktors Gíslasonar sem áttu húsin um 1918 (Ármann Halldórsson 1975:425). Tóftin samanstendur af 10x7 m stóru fjárhúsi með garða í miðju húsinu, inn af fjárhúsinu er



Mynd 86. Kompaníhús [3172-135], mynd tekin til norðurs.

gegnt inn í 5x4,5 m stóra hlöðu. Liggja tóftirnar norður suður og gegnt er inn í fjárhúsið við syðst á austurvegg þess. Út frá hlöðunni til austurs gengur minni tóft, um 4x3,5 m á stærð en ekki sást móta fyrir inngangi í hana. Vegghleðsla gengur svo út frá austurenda þeirrar tóftar til suðurs samhliða austurvegg fjárhússins og myndar gerði upp við fjárhúsið. Veggir tóftanna eru á bilinu 0,5-1,5 á hæð og 1-2 m á breidd, hlaðnir torfi og grjóti. Í brekkunni neðan við Kompaníhúsin stendur garðlag [3172-134]. Minjanna er getið í Svæðisskráningu FSÍ og hefur þar fengið númerið NM-228:029.

[3172-136] tóft – fjárhús

Tóftin er staðsett í Hringum, neðan við götuna og beint neðan við Kompaníhúsin. Tóftarinnar er getið í örnefnaskrá Breiðuvíkur, þar segir: „*Neðan götu, framan við Bæjarlæk, að fjárhústóft, nefndust Hringir, hringmynduð svæði.*“ (Örnefnaskrá Breiðuvíkur, bls.11). Um er að ræða tóft fjárhúss og hlöðu, samanlagt



Mynd 87. Fjárhústóft [3172-136], mynd tekin til suðurs.

17x8,5 m að stærð með leguna norður-suður. Fjárhúsið er 3x6 m að innanmáli og gegnt er inn í það við suðurenda austurvegg þess, garði liggur í því miðju. Úr fjárhúsinu er inngangur í hlöðuna sem er T-laga rými um 5x3 m að innanmáli. Tóftin er hlaðinn torfi og grjóti og veggir hennar eru 0,5-1,5 m á hæð og 1-2 m á breidd. Þrem metrum austan við tóftina er aðhalda [3172-137].

[3172-137] garðlag – gerði

Tóftin er staðsett í Hringum neðan við götuna og Kompaníhúsin um 3 m austan við fjárhústóft [3172-136]. Um er að ræða garðlag sem afmarkar að mestu 16x7,5 m stóran sléttan blett. Frá suðvestur horni að miðju vesturhlið gerðisins er 8 m breitt skarð í veggnum. Veggir gerðisins eru 0,3-0,4 m á hæð og 0,4-0,5 m á breidd.

Hefur gerðið trúlega verið aðhald fyrir fé er geymt var í fjárhúsum [3172-136].



Mynd 88. Gerði [3172-137], mynd tekin til suðausturs.

[3172-138] garðlag – traðir

Í Hringum á milli Gömlusléttu og Hundstungu liggja traðir upp brekkuna um lítinn grafning. Minjanna er getið í örnefnaskrá Breiðuvíkur, þar segir: „Um Hringina lá hlaðin heimreið (geil). Sú gata lá áfram út í Krók. Hún var ekki notuð heim að bæ heldur gata, sem lá ofar um túnið.“

(Örnefnaskrá Breiðuvíkur, bls.11). Sameinast gatan götunni [3172-133] sem liggur upp á brekkuna stuttu innar. Traðirnar samanstanda af tveim samhliða garðlögum sem liggja á um 35 m löngum kafla frá suðri til norður með beygju til austurs. Bilið á milli traðanna er mest syðst um 3,5 m en minnst nyrst, um 1,5 m. Vegghleðsla garðlaganna er á bilinu 0,4-1 m á hæð og 0,5- 1 m á breidd.



Mynd 89. Traðir [3172-138], mynd tekin til norðausturs.

[3172-139] niðurgröftur – áveita

Áveitan liggur frá vesturhlið Gömlusléttu niður að Gvendarbrunni í norður út Fit og tekur svo skarpa beygju til austurs og sameinast að lokum bæjarlæknum. Um er að ræða 0,3-0,5 m djúpan niðurgröft samhliða



Mynd 90. Áveita [3172-139], mynd tekin til suðurs.

lágum garði sem trúlega er uppmokstur úr niðurgreftrinum. Áveitan liggur á 170 m löngum kafla. Minjanna er getið í örnefnaskrá Breiðuvíkur, þar segir: „*Neðan við Hringi er uppspretta í túnjaðri, nefnd Gvendarbrunnur. ... Út honum liggur ræsi.*“ (Örnefnaskrá Breiðuvíkur, bls. 11-12).

[3172-140] garðlag – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar við Gömlusléttu þétt vestan við Bæjarlækinn. Um er að ræða nokkuð 37 m langt, nokkuð óreglulegt garðlag sem liggur frá norðri til suðurs niður brekkuna og afmarkar austur hlið Gömlusléttu. Ofarlega í garðlaginu er 3x1,5 m stórt vik inn í það vestan megin. Garðlagið er um 0,3-0,6 m á



Mynd 91. Garðlag [3172-140], mynd tekin til austurs.

hæð og 1-3 m breidd en mörk þess austan megin eru mjög óljós. Trúlega tengist garðlagið eitthvað sléttun á svæðinu en stórþýft er austan við það en slétt vestan. Í örnefnaskrá Breiðuvíkur segir: „*Sumt af því var sléttað, þakslétta, sem hét Gamlasléttu.*“ (Örnefnaskrá Breiðuvíkur, bls. 11). Markar garðlagið sennilega austurhluta sléttunarinnar. Stendur norðurhluti garðlagsins alveg á bökkum Bæjarlæksins og er hann farinn að grafa sig undir minjarnar.

[3172-141] tóft – óþekkt

Tóftin er staðsett austast í Hringum neðarlega í brekkunni nokkra metra vestan við Bæjarlækinn. Tóftin liggur í stórþýfðu landi og er útlínur hennar illgreinilegar. Tóftin er 9,5x5 m að stærð, liggur austur-vestur og inngangur er til austurs. Veggir tóftarinnar eru 0,4-0,6 m á hæð og 1-1,5 m á breidd. Ekki er ljóst hvaða hlutverki minjarnar þjónuðu en trúlega er um einhvers konar útihús að ræða.



Mynd 92. Tóft [3172-141], mynd tekin til suðausturs.

[3172-142] garðlag – matjurtagarður

Minjarnar eru staðsettar beint framan við bæjarstæðið í Breiðuvík, neðan við götuna sem liggur út með hjallanum og þétt austan við svokallaðan Snúruhól. Um er að ræða garðlag sem afmarkar 20x18 m stórt svæði, garðlagið liggur í nokkuð brattri brekku sem hallar niður til suðurs.



Mynd 93. Matjurtagarður [3172-142], mynd tekin til austurs.

Veggir garðlagsins eru um 0,3-1 m á hæð og 0,5-1 m á breidd. Gengt er inn í garðinn við norðvestur horn hans og þar í horninu er 5x5 m stórt rými sem afmarkast af garðlagi. Meðfram vesturhlið garðsins hefur verið grafinn grunnur skurður samhliða veggnum líklega til ræsingar, annar skurður [3172-145] liggur um 8 m austan við austurhlið garðsins. Matjurtagarðurinn er merktur inn á túnakort Breiðuvíkur frá 1917 (Túnakort Breiðuvíkur 1917)

[3172-143] tóft – útihús

Tóftin stendur á bæjarstæði Breiðavíkur, beint framan við Frambæ ofan við götuna sem liggur um hlaðið. Tóftin er 5x6 m að utanmáli reist úr torfi, grjóti og timbri. Inngangur er í tóftina til suðurs og er gengið inn í 2,5x2,5 m stórt rými. Veggir tóftarinnar eru 0,5-1,2 m á hæð og 1-1,5 m á breidd. Hlutverk minjanna er ekki þekkt en líklegast er um einhvers konar útihús að ræða



Mynd 94. Tóft [3172-143], mynd tekin til suðurs.




Mynd 95. Bæjarstæði Breiðuvíkur, mynd tekin með dróna til austurs.

Bæjarstæði Breiðuvíkur er staðsett á neðsta hjallanum undir Bæjarbrekkunni, ofan við Fit. Tvíbýli var í Breiðuvík til 1929 og standa bæirnir tveir hlið við hlið á bæjarstæðinu. Frambær ofar og innar en Útbær utar og neðar. Á Frambæ var alþiljuð baðstofa á þrepi sem var 12x5 álnir að stærð. Á Útbæ var einnig alþiljuð baðstofa á þrepi og allhá, gengið var úr bæjardyrnum í baðstofuna sem snéri austur-vestur og gluggar suður á hlað. Eldhús var í vesturenda baðstofunnar, gengið var í gegnum hana áfram inn í sameiginlega dagstofu og svefnhús sem var 2½-3 rúmlengdir og um 4 m á breidd. Var húsið byggt af Páli Sveinssyni árið 1922, eftir að víkin fór í eyði var húsið notað af smalamönnum og stendur enn undir þaki á loftmynd frá 1982 (Ármann Halldórsson 1975:429; Loftmyndasafn LMÍ, mynd nr G-6753, 1982).

Tóftir Frambæjar liggja austur-vestur, tóft baðstofunnar er 10x4 m að stærð og gegnt er inn í hana miðja. Nokkuð djúpur kjallari hefur verið undir baðstofunni sem er nú það eina sem eftir er af húsinu. Við miðjan austurvegg tóftarinnar er um 2 m breidd veggbrot sem stendur um 1,5 m út úr veggnum inn í tóftina. Vestan við baðstofu tóftina er um 3x2 m stórt rými að innanmáli, ekki er greinanlegur inngangur í rýmið. Tóftir Útbæjar liggja líka austur-vestur og er tóftinni skipt í tvennt af lágum millivegg sem liggur norður-suður og er innangengt milli

rýmanna við suður vegginn. Rýmið vestan megin er 7,8x2,7 m að innanmáli en rýmið austan megin 4,5x38 m. Inngangur inn í tóftina er við miðju stóra rýmisins frá suðri. Norðan við Útbæ er sambyggð tóft um 6x3,5 m að innanmáli með inngang til austurs. Á milli Útbæjar og útihús [3172-143] er slétt hlað, við norðurmörk þess er lítið rými, um 1,6x1 m að innanmáli. Veggir tóftanna á bæjarstæðinu eru um 0,3-1,5 m á hæð og 1-2,5 m á breidd, byggðir úr torfi og grjóti. Minjanna er getið í Svæðisskráningu FSÍ og hefur þar fengið númerið NM-228:001.



Kort 3. Uppmæling af bæjarstæði Breiðuvíkur.

[3172-145] niðurgröftur - ræsi

Minjarnar eru staðsettar í brekku um 8 m austan við matjurtagarð [3172-142], neðan við Útbæ og götuna. Um er að ræða 13 m langan niðurgröft með leguna norður-suður og meðfram honum vestan megin liggur lágt garðlag sem trúlega er uppmokstur úr niðurgreftrinum. Niðurgröfturinn og garðlagið eru bæði um 0,5 m breidd og



Mynd 96. Ræsi [3172-145], mynd tekin til suðurs.

frá botni niðurgraftarins að toppi garðlagsins er um 0,4-0,6 m. Trúlega er hér um að ræða ræsingu frá bæjarstæði Útbæjar.

[3172-146] tóft – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar á brún neðsta hjallans ofan við Fit og um 50 m austan og neðan við bæjarstæði Breiðuvíkur. Um er að ræða 7x6 m stóra ferhyrningslaga tóft með leguna austur-vestur og inngangur er á henni til vesturs. Innra rými tóftarinnar er um 3,5x1,8 m að stærð. Veggir tóftarinnar eru 0,3-0,5 m á hæð og 0,5-



Mynd 97. Tóft [3172-146], mynd tekin til vesturs.

1,5 m á breidd. Tveimur metrum austan við tóftina stendur önnur tóft [3172-147]. Hlutverk minjanna er ekki ljóst en trúlega er um einhvers konar útihús að ræða.

[3172-147] tóft – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar á brún neðsta hjallans ofan við Fit og um 52 m austan og neðan við bæjarstæði Breiðuvíkur. Um er að ræða 7,5x6 m stóra hringlaga tóft með inngangi til norðurs. Innra rými tóftarinnar er hringlaga og nokkuð sokkið, dýpst í miðjunni. Veggir tóftarinnar eru 0,3-0,5 m á hæð og 1-1,5 m á breidd. Hlutverk minjanna er ekki ljóst en trúlega er um einhvers konar útihús að ræða.



Mynd 98. Tóft [3172-147], mynd tekin til suðausturs.

[3172-148] tóft – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar í suðurhlið Heygarðshóls, ofan við götuna um 90 m austan við bæjarstæðið á Breiðuvík. Tóftin er um 5x5 m að stærð, grafinn



Mynd 99. Tóft [3172-148], mynd tekin til suðausturs.

inn í lágan hólinn og eru útlínur veggja hennar nokkuð ógreinilegar. Greinilega mótar fyrir litlu rými inn í tóftinni um 2,5x2 m að stærð og er inngangur á móti suðri. Veggir tóftarinnar eru 0,3-0,6 m á hæð og 1-2 m á breidd. Ekki er ljóst hvaða hlutverki minjarnar þjónuðu en trúlega er um einhvers konar útihús að ræða.

[3172-149] garðlag – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar í aflíðandi brekkur sunnan og austan undir Heygarðshóli, stutt ofan við Litlatún. Um er að ræða ræða L-laga garðlag sem liggur á um 36 m löngum kafla. Garðlagið er um 0,3-0,6 m á hæð og 0,5-1 m á breidd. Garðlagið liggur frá austri-vesturs og tekur svo 90° beygju til suðurs við vesturendann og liggur



Mynd 100. Garðlag [3172-149, mynd tekin til suðvesturs.

þar norður-suður. Um 2 m sunnan við norðvestur hornið gengur veggur út úr garðlaginu um 4 m til austurs. Hlutverk minjanna er ekki ljóst en hér gæti verið um leifar túnsléttu að ræða. Nokkuð stórþýft er í brekkunni í kring en sléttara innan garðlagsins.

[3172-150] tóft – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar á grasi grónu svæði stutt sunnan við Nykurtjörn. Um er að ræða 13x6 m stóra tóft með þrem rímum sem liggja austur-vestur. Tóftin í miðjunni er mest um sig og greinilegust, hún er 2,5x2 m að innanmáli og með inngangi til suðurs. Tóftin austan megin er nokkuð lægri og látlausari, hún er 2x1,5 m að



Mynd 101. Tóft [3172-150], mynd tekin til norðausturs.

innanmáli með inngangi til norðurs. Tóftin austan megin er einnig nokkuð minni um sig en miðjutóftin, hún er 2x1,5 m að innanmáli og alveg opin til suðurs. Veggir tóftarinnar eru 0,5-1,2 m á hæð og 1-2 m á breidd. Um þremur metrum austan við tóftina stendur tóft [3172-151]. Ekki er ljóst hvaða hlutverki minjarnar gegndu en líklega er um einhvers konar útihús að ræða.

[3172-151] tóft – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar á grasi grónu svæði stutt sunnan og austan við Nykurtjörn. Um er að ræða 7x5 m stóra sporöskjulagaða tóft með inngangi til suðurs. Tóftin liggur norður-suður og innra rými hennar er 3,5x1,5 m að stærð. Veggir tóftarinnar eru 0,5-0,8 m á hæð og 1-1,5 m á breidd. Um þrem metrum vestan við tóftina stendur tóft [3172-150]. Ekki er ljóst hvaða hlutverki minjarnar gegndu en líklega er um einhvers konar útihús að ræða.



Mynd 102. Tóft [3172-151], mynd tekin til austurs.

[3172-152] tóft – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar á grasi grónu svæði fremst í Holtum á neðsta hjallanum ofan við Brot. Um er að ræða 7x4,6 m stóra ferhyrningslaga og nokkuð reisulega tóft með leguna austur-vestur og inngangi til austurs. Tóftin er 5,7x1,6 m að innanmáli veggj hennar eru 0,5-1 m á hæð og 1-1,5 m á breidd. Lítil lækur rennu



Mynd 103. Tóft [3172-152], mynd tekin til suðausturs.

norðan og austan við tóftina niður í Stóruá. Önnur tóft [3172-153] stendur um 11 m austan við minjarnar. Ekki er ljóst hvaða hlutverki minjarnar þjónuðu en líklega er um skepnuhús/útihús að ræða.

[3172-153] tóft – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar á grasi grónu svæði fremst á Holtum á neðsta hjallanum ofan við Brot. Um er að ræða ferhyrningslaga tóft 6,6x4,3 m að stærð með leguna norður suður og



Mynd 104. Tóft [3172-153], mynd tekin til austurs.

inngangi til suðurs. Tóftin er 4,8x2,2 m að innanmáli og veggir hennar eru 0,3-0,6 m á hæð og 1-1,4 m á breidd. Sléttað virðist hafa verið úr svæðinu undir tóftinni eða grafið niður fyrir henni og má sjá grunnan niðurgröft um hverfis hana á þrem hliðum. Ekki er ljóst hvaða hlutverki minjarnar þjónuðu en líklega er um skepnuhús/útihús að ræða.

[3172-154] garðlag – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar við Holt í aflíðandi brekku við læk sem rennur niður í Stóruá á milli Fita og Brots. Sléttur grasbali er norðan við garðlagið en stórþýft svæði sunnan við það. Garðlagið liggur á um 12 m kafla frá læknum til vesturs. Garðlagið er 0,2-0,4 m á hæð og 0,5-0,6 m á breidd.



Mynd 105. Garðlag [3172-154], mynd tekin til austurs.

Hlutverk minjanna er ekki þekkt en líklegast eru þetta leifar túnsléttunar á blettinum ofan við garðlagið.

[3172-155] garðlag – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar fremst á Holtum utan við Nykurtjörn og liggja að hluta til upp við fjárhústóft [3172-156], norðan og austan megin við hana. Um er að ræða 22 m langt garðlag sem liggur í vinkel frá austri-vesturs og tekur svo 90° beygju til suðurs. Garðlagið liggur út frá austur hlið fjárhústóftar [3172-156] og



Mynd 106. Garðlag [3172-155], mynd tekin til austurs.

afmarkar svæði norðan og austan við hana. Veggir garðlagsins eru 0,3-0,4 m á hæð og 0,4-0,5 m á breidd. Hlutverk minjanna er ekki þekkt en trúlega hefur það þjónað sem aðhald fyrir skepnur sem hafðar voru í fjárhústóftinni

[3172-156] tóft – fjárhús

Minjarnar eru staðsettar á grasi grónu svæði fremst á Holtum utan við Nykurtjörn. Um er að ræða 11,5x8,5 m stóra tóft með leguna austur-vestur. Tveir inngangar eru inn í tóftina, einn á miðjum suðurveggnum og annar á norðvestur horni tóftarinnar. Innra rými tóftarinnar er 6,5x4,2 m að stærð og liggur lágur garði um miðja tóftina.

Veggir tóftarinnar eru 0,5-1,2 m á hæð og 1-2 m á breidd. Norðan og austan við tóftina liggur garðlag [3172-155]. Trúlega er hér um að ræða litla fjárhústóft.



Mynd 107. Fjárhústóft [3172-156], mynd tekin til norðausturs.

[3172-157] garðlag – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar framan við Holt, stutt utan við Nykurtjörn. Um er að ræða garðlag sem liggur norðan í litlum hól á 15 m löngum kafla og afmarkar um 7x2 m stórt svæði við hólinn. Garðlagið liggur gróflega austur-vestur og rennur saman við hólinn vestast. Við vesturendann kemur ferhyrningslaga 2,5 m breidd 1 m vik inn í garðinn. Garðlagið er 0,5-1,2 m á hæð og 1-1,5 m á breidd. Hlutverk minjanna er ekki ljóst en trúlega er þarna um lítið aðhald að ræða.



Mynd 108. Garðlag [3172-157], mynd tekin til suðurs.

[3172-158] tóft – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar í suðurhlíð Nykurtjarnarhóls, beint ofan við Nykurtjörn. Um er að ræða litla tóft, 4x2,6 m að stærð með lágum veggjum sem stendur í nokkrum halla í hlíðinni. Op er á tóftinni til norður, upp brekkuna og lítil dæld er í tóftinni



Mynd 109. Dæld [3172-158], mynd tekin til austurs.

miðri. Veggir tóftarinnar eru 0,2-0,3 m á hæð og 0,4-0,6 m á breidd. Ekki er ljóst hvaða hlutverki minjarnar gegndu en mögulega er um grunn fyrir kofa eða lítið mannvirki að ræða.

[3172-159] tóft – hjallur

Minjarnar eru staðsettar upp á Nykurtjarnarhól og er þeirra getið í örnefnaskrá Breiðuvíkur, þar segir: „Ofan við Nykurtjörn, utan túns, er Nykurtjarnarhóll. Á honum er gömul hjallatóft“ (Örnefnaskrá Breiðuvíkur, bls. 12). Um er að ræða 7x5 m stóra tóft með leguna austur-vestur sem er opin í báða enda. Veggir tóftarinnar eru á bilinu 0,4-0,6 m á hæð og 0,5-1 m á breidd. Minjanna er getið í Svæðisskráningu FSÍ og hefur þar fengið númerið NM-228:004.



Mynd 110. Hjallur [3172-159], mynd tekin til suðurs.

[3172-160] tóft – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar ofarlega í Bæjarbrekkunni, þétt austan við Nykurtjarnarhól. Um er að ræða 5x4,5 m stóra tóft með leguna norður-suður. Innra rými hennar er 2,5x1 m á stærð og vísar inngangur hennar til suðurs. Veggir tóftarinnar eru 0,4-1 m á hæð og 1-1,5 m á breidd. Við austurvegg tóftarinnar liggur lægri veggur sem afmarkar 1,5x1,5 m stórt rými sem opið er til suðurs. Sömu sögu er að segja við vesturvegg tóftarinnar og þar er 1,5x1,2 m stórt rými opið til austurs. Hlutverk minjanna er ekki ljóst en trúlega er um einhvers konar útihús að ræða.



Mynd 111. Tóft [3172-160], mynd tekin til suðurs.

[3172-161] garðlag – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar í miðri Bæjarbrekkunni stutt innan við Nykurtjarnarhól. Grafið hefur verið inn í brekkuna og slétt úr 9x4 m stóru svæði og hefur garðlagið verið hlaðið til að afmarka austur, vestur og suður hlið mannvirkisins. Inngangur er inn í rýmið á suðurveggnum þar sem hann mætir austurveggnum. Garðlagið er 0,3-1 m á hæð og 1-1,5 m á breidd. Ekki er ljóst hvaða hlutverki minjarnar þjónuðu.



Mynd 112. Garðlag [3172-161], mynd tekin til austurs.

[3172-162] tóft - óþekkt

Minjarnar eru staðsettar neðarlega í Bæjarbrekkunni, fjórar tóftir standa þarna í brekkunni nokkuð þétt: [3172-162 – 165]. Grafið hefur verið inn í brekkuna og ganga tveir veggir út frá sárinu til suðurs. Vesturveggurinn er 5 m langur og liggur beint norður-suður.



Mynd 113. Tóft [3172-162], mynd tekin til norðurs.

Austurveggurinn liggur hins vegar í beygju frá norðri til vesturs út frá

brekkunni og afmarkar þannig 2,5x1,5 m stórt rými inn í tóftinni með inngangi til suðurs en brekkan afmarkar norðurhlið rýmisins. Stutt neðan við vesturvegg tóftarinnar er um 3 m langt veggbrót sem liggur austur-vestur. Veggir tóftarinnar eru 0,4-1 m á hæð og 0,8-1,2 m á breidd. Um sjö metrum vestan við tóftina stendur tóft [3172-163]. Ekki er ljóst hvaða hlutverki minjarnar þjónuðu.

[3172-163] tóft – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar neðarlega í Bæjarbrekkunni, fjórar tóftir standa þarna í brekkunni nokkuð þétt: [3172-162 – 165]. Um er að ræða aflanga ferhyrnda tóft með leguna norður-suður, 5,5x4 m að utanmáli. Inngangur er á tóftinni til suðurs og er stærð



Mynd 114. Tóft [3172-163], mynd tekin til suðurs.

innra rýmis hennar 4x1,5 m. Tóftin er nokkuð reisulega og hlaðin úr torfi og grjóti, veggir hennar eru 0,4-1 m á hæð og 0,5-1 m á breidd. Um sjö metrum austan við tóftina stendur tóft [3172-162]. Hlutverk minjanna er ekki þekkt en trúlega er um einhvers konar útihús að ræða.

[3172-164] tóft – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar neðarlega í Bæjarbrekkunni, fjórar tóftir standa þarna í brekkunni nokkuð þétt: [3172-162 – 165]. Tóftin sem hér um ræðir er 6,5x4,5 m að utanmáli, ferhyrnd með leguna norður-suður. Innra rými hennar er 4x1,5 m að stærð og er inngangur á suðurhlið hennar. Tóftin



Mynd 115. Tóft [3172-164], mynd tekin til suðurs.

er hlaðin úr torfi og grjóti, veggir hennar eru 0,4-0,8 m á hæð og 0,6-1,2 m á breidd. Fimm metrum neðan við tóftina stendur önnur tóft [3172-165]. Hlutverk minjanna er ekki þekkt en trúlega er um einhvers konar útihús að ræða.

[3172-165] tóft – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar neðarlega í Bæjarbrekkunni, fjórar tóftir standa þarna í brekkunni nokkuð þétt: [3172-162 – 165]. Tóftin sem hér um ræðir er 7,7x4,8 m að utanmáli, ferhyrnd og með leguna norður suður.



Mynd 116. Tóft [3172-165], mynd tekin til suðurs.

Austurveggur tóftarinnar er um 2,5 m

lengri en vesturveggur hennar og tekur um 45° beygju á móts við þar sem vesturveggurinn endar. Innra rými tóftarinnar er um 3,7x1,6 m að stærð og inngangur er á suðvestur horni hennar. Veggir tóftarinnar eru 0,4-0,8 m á hæð og 1-1,5 m á breidd. Tóftin stendur um 5 m neðan við tóft [3172-164]. Hlutverk minjanna er ekki þekkt en trúlega er um einhvers konar útihús að ræða.

[3172-166] tóft – fjárhús

Minjarnar eru staðsettar á Ekru, austan við Kompaníhúsin ofan við götuna.

Tóftin er 9x6 m að utanmáli, ferhyrningslaga með leguna norður-suður. Innra rými tóftarinnar er 5x1,5 m að stærð og er inngangur hennar til suðurs. Lágur garði liggur í miðri tóftinni. Veggir tóftarinnar eru 0,4-1 m á hæð og 1-2 m breiðir. Á örnefnakorti



Mynd 117. Fjárhústóft [3172-166], mynd tekin til austurs.

LMÍ eru tóftirnar merktar sem Sigurðarhús, um þau segir í örnefnaskrá Breiðuvíkur: „Ofan til á Ekru var Sigurðarhús, fjárhús kennt við bónda í Breiðuvík. Hann varð úti í Breiðuvík rétt eftir 1920.“ (Örnefnaskrá Breiðuvíkur, bls. 11). Önnur fjárhústóft [3172-166], nokkuð stærri og reisulegri, stendur um 10 m neðan við tóftina. Trúlega eru þar Sigurarðhúsin sem örnefnaskráin á við.

[3172-167] tóft – fjárhús – Sigurðarhús

Minjarnar eru staðsettar á Ekru, austan við Kompaníhúsin ofan við götuna.

Minjanna er getið í örnefnaskrá Breiðuvíkur, þar segir: „Ofan til á Ekru var Sigurðarhús, fjárhús kennt við bónda í Breiðuvík. Hann varð úti í Breiðuvík rétt eftir 1920.“



Mynd 118. Sigurðarhús [3172-168], mynd tekin til austurs.

(Örnefnaskrá Breiðuvíkur, bls. 11).

Tóftin liggur norður-suður og er 15x10 m að utanmáli og samanstendur af þremur samtengdum rýmum. Inngangur er til suðurs og gengið er inn í fjárhús með garða, fjárhúsið

er 6,5x2,7 m að innamáli. Innst í fjárhúsinu gengur lítið rými til austurs, rýmið er 2,5x2 m að stærð. Innst í fjárhúsinu er svo gengið inn í þriðja rýmið, líklegast hlöðu, sem er 2,5x1,5 m að stærð. Veggir tóftanna eru reisulegir og hlaðnir torfi og grjóti, þeir eru 1-1,5 m á hæð og 1-2 m breiðir. Minjanna er getið í Svæðisskráningu FSÍ og hefur þar fengið númerið NM-228:030.

[3172-168] tóft – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar á Ekru, austan við Kompaníhól og spölkorn frá Bæjarlæknum. Um er að ræða 10x5 m stóra aflanga, nokkuð sporöskjulaga tóft með leguna norðvestur-suðaustur. Inngangur er á suðvesturhlið tóftarinnar og er gengið inn í 4,6x2,3 m stórt rými. Veggir tóftarinnar eru 0,4-0,6 m á hæð og 0,5-1,2 m breiðir.



Mynd 119. Tóft [3172-168], mynd tekin til austurs.

Tvær fjárhústóftir [3172-166 & -167] standa um 20 m austan við minjarnar. Hlutverk tóftanna er ekki ljóst og er hún nokkuð ógreinilegri en fjárhúsin tvö sem standa henni næst.

[3172-169] tóft - óþekkt

Minjarnar eru staðsettar efst í Þríhyrningi, norðaustan við Kompaníhól og stutt ofan við bæjarlækinn. Um er að ræða aflanga, ferhyrningslaga og tvöfalda tóft sem er 10x5 m að utanmáli. Tóftin liggur norðvestur-suðaustur og er inngangur á suðausturhlið hennar. Gengið er inn í 3x2 m stórt rými og þaðan er



Mynd 120. Tóft [3172-169], mynd tekin til suðausturs.

innangengt í annað 2x1 m stórt rými innar í tóftinni. Tóftin stendur í aflíðandi brekku og er innra rými hennar nokkuð hærra en ytra. Veggir tóftarinnar eru 0,4-1 m á hæð og 1-2 m breiðir. Hlutverk minjanna er ekki þekkt en líklegast er um einhvers konar útihús að ræða.

[3172-170] tóft – fjárhús –

Heygarður

Minjarnar eru staðsettar í vesturhlið Heygarðshóls sem stendur milli Bæjarvallar í vestri og Nykurtjarnar í austri. Bæjarstæði Breiðuvíkur liggur um 30 m suðvestan við tóftina. Um er að ræða nokkuð stóra fjárhústóft, 17x8,5 m að stærð með leguna austur-



Mynd 121. Fjárhústóft, [3172-170], mynd tekin til austurs.

vestur. Tóftin er tvískipt, austan megin fjárhús, 10x3 m að innanmáli og liggur garði í miðju þess eftir því endilöngu. Í vesturenda tóftarinnar er annað minna rými, trúlega hlaða, 3x2 m að stærð og gegnt er inn í það frá fjárhúsinu. Inngangur inn í tóftina er til suðurs við mitt fjárhúsið. Tóftin er heilleg, hlaðin torfi og grjóti og standa veggir hennar 0,8-1,4 m á hæð og 1-2 m á breidd. Um Heygarðshól segir í örnefnaskrá Breiðuvíkur: „Ofan við götu er lágur hóll út og upp af bæ, nefndur Heygarðshóll. Þar var hlaðinn heygarður. Hlaða var ekki til á bænum, þegar faðir Daníels og Sigrúnar flutti þangað.“ (Örnefnaskrá Breiðuvíki, bls. 12). Á hér við Pál Sveinsson frá Geitavík, föður Sigrúnar og Daníels er bjó á Breiðuvík 1922-1938 (Ármann Halldórsson 1975:429) Ekki sást nein merki heygarðs á hólnum og hugsast getur að tóftin sem hér ræðir hafi upprunalega eða að hluta til verið heygarður. Minjanna er getið í Svæðisskráningu FSÍ og hefur þar fengið númerið NM-228:005.

[3172-171] tóft – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar neðst í Bæjarbrekkunni, norðan við Heygarðshól. Um er að ræða ferhyrningslaga tóft sem er að hluta til grafinn inn í brekkuna sem markar norðurhlið hennar. Tóftin er 5,5x5 m að utanmáli, inngangur er til suðurs og innra rými tóftarinnar er 3,3x3,1 m að stærð. Veggir tóftarinnar eru 0,3-0,5 m



Mynd 122. Tóft [3172-171], mynd tekin til austurs.

á hæð og 0,5-1 m á breidd. Garðlag [3172-172] liggur um 10 m austan við tóftina. Ekki er ljóst hvaða hlutverki minjarnar hafa þjónað en líklegast er um einhvers konar útihús að ræða.

[3172-172] garðlag – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar undir Bæjarbrekkunni, nyrst í Heygarðshól. Um er að ræða 17 m langt garðlag sem liggur frá austri til vesturs. Garðlagið liggur ekki beint á leið sinni frá austri-vesturs heldur tekur það vinkil beygju til suðurs og svo aðra til vesturs.



Mynd 123. Garðlag [3172-172], mynd tekin til vesturs.

Garðlagið er 0,2-0,4 m á hæð og 0,5-1 m á breidd, það er greinilegast næst brekkunni en fjara svo út þar sem það liggur um hólinn. Hlutverk minjanna er ekki ljóst en garðlagið gæti tengst að einhverju leitum tóft [3172-171] sem stendur 10 m vestan við það.

[3172-173] dæld - óþekkt

Minjarnar eru staðsettar austarlega á Heygarðshól, spölkorn vestan við Nykurtjörn. Um er að ræða gróflega ferhyrningslaga dæld, 3,4x1,6 m að stærð. Dældin er um 0,2-0,3 m á dýpt og greinilega mannanna verk en erfitt er að segja hvaða hlutverki hún hefur þjónað.



Mynd 124. Dæld [3172-173], mynd tekin til suðausturs.

[3172-231] garðlag – matjurtagarður

Minjarnar eru staðsettar ofarlega í suðurhlið Kompaníhóls um 35 vestan og ofan við Kompaníhúsin. Um er að ræða garðlag sem liggur í U í töluverðum bratta í hlíðinni. Garðlagið er 28 m á lengd og afmarkar 10x4,5 m stórt svæði. Veggir garðlagsins eru 0,3-0,5 m á hæð og 0,4-0,6 m á breidd.

[3172-232] örnefni – Snúruhóll

Í örnefnaskrá Breiðuvíkur segir: „*Neðan við götu, utan bæjarlæks, fram og niður af bænum var Snúruhóll. Þar voru þvottasnúrur frá fremri bænum*“ (Örnefnaskrá Breiðuvíkur, bls. 12). Stendur Snúruhóll þétt vestan við matjurgarð [3172-142], ekki sést til minjanna á svæðinu.

[3172-233] örnefni – Nykurtjörn

Í örnefnaskrá Breiðuvíkur segir: „*Utan við hólinn er Nykurtjörn, lítil um sig en alldjúp. Þar átti að vera nykur. Einnig var það trú manna, að þar væri peningakistill og mátti sá eiga, sem næði.*“ (Örnefnaskrá Breiðuvíkur, bls. 12). Minjanna er getið í Svæðisskráningu FSÍ og hefur þar fengið númerið NM-228:009.

[3172-236] heimild – bænhús

Samkvæmt Sveitum og jörðum í Múlaþingi var fyrr á öldum bænhús í Breiðuvík (Ármann Halldórsson 1975:429). Staðsetning bænhússins er ekki þekkt né sáust greinileg merki þess við vettvangskonun. Minjar [3172-132] gætu tengst bænhúsinu en um er að ræða gróflega hringlaga garðlag stutt frá rústum Fornabæjar [3172-131]. Minjanna er getið í Svæðisskráningu FSÍ og hefur þar fengið númerið NM-228:002.

[3172-238] uppspretta – Gvendarbrunnur

Minjanna er getið í Svæðisskráningu FSÍ og hefur þar fengið númerið NM-228:033. Í örnefnaskrá Breiðuvíkur segir: „*Neðan við Hringi er uppspretta í túnjaðri, nefnd Gvendarbrunnur. Sagt var, að Guðmundur góði hefði vígt hann. Þótti vatn úr honum sérlega gott og var jafnvel notað sem læknislyf. Út honum liggur ræsi. Vatn var sótt í Bæjarlæk.*“ (Örnefnaskrá Breiðuvíkur, bls. 11-12). Áveituskurður [3172-139] er ræsið sem hér um ræðir.

[3172-239] leið – Gagnheiði

Í örnefnaskrá Breiðuvíkur segir: „*Gagnheiði er næsta fjall utan við Marteinshnjúk. Um hana liggur leiðin til Borgarfjarðar.*“...“*Reiðgöturnar af Gagnheiði lágu um Hesta, Mannamel og niður í Móalág (ungt örnefni) og á Breiðamel*“ (Örnefnaskrá Breiðuvíkur, bls. 4-5). Liggur nú akvegur á milli Borgarfjarðar og Breiðuvíkur um Gagnheiðina og liggja hlaðnar vörður langleiðina meðfram veginum.

[3172-240] leið – Kjólsvíkurvarp

Í örnefnaskrá Breiðuvíkur segir: „*Grenmór nær að Kjólsvíkurvarpi (-skarði), eins og áður var getið. Um þetta skarð var alfaraleið milli Breiðuvíkur og Kjólsvíkur.*“...“*Af*

Kjólsvíkurvarpi (-skarði) og heim í Breiðuvík lágu reiðgötturnar niður Kjólsvíkurhrygg, fram af honum niður yfir Blautumýri, þaðan niður Lómstjarnarenni yzt og niður Bæjarbrekku eða Brekku ofan við tún.“ (Örnefnskrá Breiðuvíkur, bls. 9-10). Er leiðin milli Kjólsvíkur og Breiðuvíkur nú stikuð og liggur aðalgönguleiðin á milli víkanna enn um skarðið.

Litlavík

[3172-015] hóll – bæjarstæði



Mynd 125. Bæjarhóll [3172-015] gróið svæði á miðri mynd. Mynd tekin á dróna.

Á svonefndum Bringum voru skráðar töluverðar minjar, þar á meðal gróinn rústahóll [3172-015]. Hóllinn er nokkuð hringlaga og um 24 m í þvermál. Suðvestanmegin í hólnum eru greinanlegar tvær dældir sem báðar eru um 4x1.5 m að stærð. Hóllinn nokkuð þýfður og sker sig frá nærumhverfi sínu hvað gróðurfar varðar, en hann er gróinn nokkuð þykku grasi. Hóllinn stendur þétt innan og austan við stórt garðlag [3172-017] sem liggur í boga vestan og sunnan við hólinn. Upp við garðlagið vestanmegin þar sem hóllinn liggur við garðlagið er annar garðlag sem myndar ferhyrnt aðhald [3172-016]. Um 20 m sunnan við rústahólinn er svo annar töluvert minni hóll.

Útlit og gerð minjanna á Bringum gefa sterklega til kynna að um fornt bæjarstæði sé að ræða. Þó eru ekki til heimildir fyrir því að búið hafi verið á öðrum jörðum í Breiðuvík en Litlu- og

Stóru-Breiðuvík. Hugsanlega hefur fyrr á tíð verið búið að þremur bæjum í víkinni. Sá möguleiki er líka fyrir hendi að staðsetning bæjanna hafi færst til frá því að víkin var fyrst byggð og gæti Litlavík hafa staðið á Bringum fyrr á tímum.

[3172-016] garðlag – aðhald

Aðhaldið er ferhyrnt garðlag með leguna austur-vestur sem gengur út frá túngarði [3172-017] til vesturs sem myndar austurhlið þess. Norðurhlið aðhaldsins er um 28 m, vesturhliðin um 26 m, suðurhliðin um 37 m og austurhliðin rúmir 16 m á lengd.

Garðlagið er nokkuð sokkið og gróið grasi og lyngi. Vegg hæð þess er á bilinu 0.2-0.4 m á hæð og um 1.5 m á breidd. Vesturhlið aðhaldsins afmarkast að einhverju leyti að barði sem þar stendur, garðlagið fellur inn í barðið.



Mynd 126. Séð inn í mitt aðhald [3172-016]. Hvítafall í bakgrunni, mynd tekin til vesturs.

[3172-017] garðlag – túngarður

Túngarðurinn er gróinn grasi og lyngi og liggur í boga frá norðri til austurs um 170 m langt svæði. Líkt og garðlagið sem myndar aðhaldið [3172-016] er túngarðurinn nokkuð sokkinn og er vegg hæð hans á bilinu 0.2-0.4 m á hæð og um 1.5 m á breidd.

Túngarðurinn liggur nokkuð þétt upp við bæjarhólinn [3172-015] og útihúshólinn [3172-018] sem stendur innan hans. Líkur eru á því að túngarðurinn hafi upprunalega afmarkað bæjarstæðið, útihúsið og heimatúnið og legið í hring, er þá stór hluti hans horfinn.



Mynd 127. Sést móta fyrir túngarði [3172-017] fyrir miðri mynd. Sólarfjallið í bakgrunni. Mynd tekin til suðausturs.

[3172-018] hóll – útihús



Mynd 128. Rústahóll [3172-018] fyrir miðri mynd. Mynd tekin á dróna.

Um 20 m beint suður af bæjarhólnum [3172-015], þétt upp við túngarðinn [3172-017] er lítill og lágur hóll. Hóllinn er nokkuð hringlaga og um 9 m á lengd og 8 m á breidd. Gróðurfar í og við hólinn skilur hann greinilega frá nærumhverfi sínu en hann er gróin þéttu grasi. Ekki er greinilegt neitt tóftarlag á hólnum en líklega hefur hér staðið úthús frá bænum sem stóð þar stutt vestan við, erfitt er þó að leggja mat á hvaða hlutverki það hefur þjónað.

[3172-019] þúst – óþekkt

Um 45 m sunnan við austurenda túngarðs [3172-017] stendur hringlaga þúst. Hún er þannig útlítandi að uppblásin dæld er í miðri þústinni með grófri mól. Barmar dældarinnar rísa upp úr landinu og líkjast signum veggjum. Ekki er ljóst hvor um mannanna verk sé að ræða en líkur eru



Mynd 129. Þúst [3172-019]. Mynd tekin til vesturs.

á því að þústin sé náttúruleg og gæti verið leifar lítillar tjarnar sem þornað hefur upp.



Mynd 130. Móstæði [3172-020]-[3172-022] fyrir miðri mynd, fremst á Bringuhorni. Drónamynd, tekin til suðurs.

[3172-020] tóft – móstæði

Framarlega á Bringuhorni standa þrjár lágar tóftir með leguna austur-vestur nokkuð þétt saman. Tóftirnar eru nokkuð líkar í útliti og standa þær þétt norðan við miklar mógrafir. Tóftirnar þrjár eru líklegast allar reistar til móþurrkunar. Tóft [3172-020] er 8 m á lengdina og um 4.5 m á breiddina, ólíkt hinum tóftunum tveim eru ekki greinilegir veggir á tóftinni heldur myndar hún óslitna bingu.

[3172-021] tóft – móstæði

Framarlega á Bringuhorni standa þrjár lágar tóftir með leguna austur-vestur nokkuð þétt saman. Tóftirnar eru nokkuð líkar í útliti og standa þær þétt norðan við miklar mógrafir. Tóftirnar þrjár eru líklegast allar reistar til móþurrkunar. Tóft [3172-021] er 8.5 m á lengd og 5.5 m á breiddina, lágir veggir eru á tóftinni sem eru um 1-1.5 m á breidd. Lág bunga rís upp innan í miðri tóftinni.

[3172-022] tóft – móstæði

Framarlega á Bringuhorni standa þrjár lágar tóftir með leguna austur-vestur nokkuð þétt saman. Tóftirnar eru nokkuð líkar í útliti og standa þær þétt norðan við miklar mógrafir. Tóftirnar þrjár eru líklegast allar reistar til móþurrkunar. Tóft [3172-022] er 6.2 m á lengd og 3.5 á breidd, nokkuð lágir og þykkir veggir eru á tóftinni á bilinu 0.7-1.5 m á breidd. Lág bunga rís upp innan í miðri tóftinni.

[3172-023] niðurgröftur – mógrafir

Töluverðar mógrafir eru á Bringum framan við Bringuhornið á svæði sem þekur um 3700 fermetra. Stutt norðan við mógrafirnar eru þrjár tóftir [3172-020]-[3172-022] þar sem mórinn hefur líklega verið þurrkaður. Mógrafirnar eru heldur ógreinilegar á vettvangi og sést umfang þeirra ekki almennilega nema úr lofti. Grafirnar eru orðnar nokkuð grunnar og orðnar grasi grónar svo lítið ber á þeim.



Mynd 131. Mógrafir [3172-023] mynd tekin til vesturs.



Mynd 132. Grónar mógrafir fyrir miðri mynd. Drónamynd tekin til suðurs

[3172-037] tóft – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar yst í túni Litluvíkur framan við svokölluð Brot.

Um er að ræða hringlaga tóft með þykkum grjóthlöðnum veggjum með nokkuð djúpu innra rými, enginn greinanlegur inngangur er í tóftina.

Tóftin er um 6,5x7,5 m að stærð en innra rými hennar er um 2x2 m að stærð. Veggir tóftarinnar eru um 0,3 m

á hæð miðað við ytra yfirborð en 1,5 m á hæð innan í tóftinni og breidd veggja er á bilinu 1,5-2 m. Þétt vestan við minjarnar er rétt [3172-212] og lítil tóft [3172-211]. Um 30 m sunnan við tóftina er annað eins mannvirki [3172-209], litlu stærra. Ekki er alveg ljóst hvaða tilgangi minjarnar þjónuðu en útlit minjanna minnir helst á fjárborg sem hefur verið grafið niður fyrir.



Mynd 133. Fjárborg [3172-037], mynd tekin til norðausturs.

[3172-174] tóft – stekkur

Minjarnar eru staðsettar vestast í Stekkhvatni, um 2 m sunnan við bíslóðann sem liggur inn og upp úr víkinni. Minjanna er getið í örnefnaskrá Litluvíkur, þar segir: „*Inn með Bringum að norðan og meðfram Stórá er Stekkhvammur. Þar voru*

stekkur og kvíar, um 1,5 km frá bæ.“ (Örnefnaskrá Litluvíkur, bls. 6).

Stekkurinn liggur norðvestur-suðaustur, er 12,5x7,5 m að utanmáli og skiptist í tvö misstór rými. Minna rýmið er norðvestan megin og er 2x1,7m að innamáli, stærra rýmið suðaustan megin er 4,5x5 m að innamáli. Gegnt er inn í stærra rýmið frá norðri og er innangengt á milli rýmanna tveggja.



Mynd 134. Stekkur [3172-174], mynd tekin til norðausturs.

[3172-175] tóft – heystæði

Minjarnar eru staðsettar neðan við Hraun spölkorn innan við Stekkjartjörn. Tóftin stendur undir og uppvið enda á lágri hækkun í landinu. Um er að ræða 4,5x3 m stóra aflanga tóft með leguna norður-suður, dæld er í miðri tóftinni en ekkert greinanlegt op inn í hana. Veggir tóftarinnar eru



Mynd 135. Heystæði [3172-175], mynd tekin til austurs.

0,2-0,3 m á hæð og 0,5 m breiðir. Minjarnar eru mjög líkar móstæðum og heystæðum sem töluverður fjöldi er af í víkinni, engar mógrafir voru sjáanlegar í næsta nágrenni og er því trúlega um heystæðu að ræða.

[3172-176] tóft – heystæði

Minjarnar eru staðsettar nokkuð ofarlega í Bringum í aflíðandi grasi gróinni hlíð. Tóftin er 7x5 m að stærð með leguna austur-vestur og sporöskjulaga í laginu. Dæld er í tóftinni miðri en ekki sjást skýr merki þess að gengt hafi verið inn í hana.



Mynd 136. Heystæði [3172-176], mynd tekin til austurs.

Tóftin er nokkuð lágreist og eru veggir hennar á 0,2-0,5 m á hæð og 0,6-1 m á breidd. Trúlega er hér um að ræða heystæði en tóftin stendur í góðu engjalandi.

[372-177] garðlag - óþekkt

Minjarnar eru staðsettar nokkuð ofarlega í Bringum í aflíðandi grasi gróinni hlíð. Garðlagið myndar ferhyrnda kró um 12x8 m á stærð. Tvö skörð eru í garðlaginu þar sem austur hlið þess mætir norður og suður hliðunum. Garðlagið er 0,4-0,7 m á



Mynd 137. Garðlag [372-177], mynd tekin til norðausturs.

hæð og 1-1,5 m breitt. Hlutverk minjanna er ekki þekkt, gæti verið um lítið aðhald fyrir skepnur að ræða eða stórt heystæði.

[3172-178] tóft – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar austast á Bringum á barmi gamla marbakkans ofan við Litluvíkurblána. Um er að ræða 8x4,5 m stóra ferhyrnda, nokkuð heillega tóft með leguna austur-vestur. Enginn inngangur er sjáanlegur inn í tóftina en það mótar greinilega fyrir innra rými hennar og virðist lár garði liggja eftir henni endilangri. Veggir tóftarinnar eru 0,4-1 m á hæð og 0,5-1,5 á breidd. Ekki er fyllilega ljóst hvaða hlutverki minjarnar þjónuðu en trúleg er um heystæði að ræða.



Mynd 138. Tóft [3172-178], mynd tekin til vesturs.

[3172-179] tóft – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar austast á Bringum stutt ofan við gamla marbakkan ofan við Litlavíkurblána. Um er að ræða 5,5x4,5 m stóra hálf hringlaga tóft og virðist vera innangengt í tóftina frá norðri. Veggir tóftarinnar eru 0,4-0,6 m á hæð og 0,6-1 m á breidd. Greinilegur niðurgröftur er á svæðinu umhverfis tóftina og hefur verið grafið niður fyrir henni og uppmoksturinn trúlega notaður í byggingu hennar. Hlutverk minjanna er ekki ljóst en trúlega er um heystæðu að ræða.



Mynd 139. Tóft [3172-178], mynd tekin til norðausturs.

[3172-180] tóft – móstæði

Minjarnar eru staðsettar austast í Bringum við Harðvelli og standa á brún gamla marbakkans ofan við Litlavíkurlána. Um er að ræða 7x5 m stóra ferhyrningslaga tóft með leguna austur-vesturs. Enginn inngangur er greinanlegur inn í tóftina en greina má vel innra rými hennar. Veggir tóftarinnar eru 0,3-0,6 m á hæð og 0,5-

1 m á breidd. Þétt vestan við tóftina er greinilegur niðurgröftur [3172-181] þar sem trúlega hefur verið tekið efni til byggingar móstæðisins. Um 60 m sunnan við tóftina eru stórar mógrafir [3172-184] og trúlega hefur mór stunginn þar verið þurrkaður í móstæðunni.



Mynd 140. Móstæði [3172-180], mynd tekin til austurs.

[3172-181] niðurgröftur – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar austast í Bringum við Harðvelli og standa á brún gamla marbakkans ofan við Litlavíkurlána. Um er að ræða óreglulegan niðurgröft á 12x4 m stóru svæði, um 0,3-0,5 m á dýpt. Hlutverk minjanna er ekki þekkt en trúlega hefur efnið verið notað í byggingu móstæðis [3172-180] sem stendur þétt austan við niðurgröftinn.



Mynd 141. Niðurgröftur [3172-181], mynd tekin til austurs.

[3172-182] tóft – móstæði

Minjarnar eru staðsettar austast í Bringum við Harðvelli og standa á brún gamla marbakkans ofan við Litlavíkurlána. Um er að ræða 7x3,5 m stóra ferhyrningslaga tóft með leguna austur-vestur. Ekki er greinanlegur innangur inn í tóftina



Mynd 142. Móstæði [3172-182], mynd tekin til austurs.

greina má vel innra rými hennar. Veggir tóftarinnar eru 0,4-0,6 m á hæð og 0,4-0,6 m á breidd. Þétt upp við tóftina vestan megin er niðurgröftur [3172-183] þar sem trúlega hefur verið tekið efni til byggingar móstæðisins. Um 40 m sunnan við móstæðið eru stórar mógrafir [3172-184] og líklega hefur mór stunginn þar verið þurrkaður í stæðunni.

[3172-183] niðurgröftur – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar austast í Bringum við Harðvelli og standa á brún gamla marbakkans ofan við Litlavíkurblána. Um er að ræða 12x6 m stóran og 0,2-0,5 m djúpan óreglulegan niðurgröft sem stendur þétt vestan við móstæði [3172-182]. Hlutverk minjanna er ekki þekkt en trúlega hefur efnið ú niðurgreftrinum verið notað í byggingu móstæðisins sem sem minjarnar liggja við.



Mynd 143. Móstæði [3172-183], mynd tekin til suðausturs.

[3172-184] niðurgröftur – mógrafir

Minjarnar eru staðsettar austast í Bringum, stutt vestan við Svarðarmel. Um staðinn segir í örnefnaskrá Litluvíkur: „*Framan við Kvíamel er Svarðarmelur. Milli þeirra er einnig gil. Á melnum var tekinn mór, sæmilegur.*“ (Örnefnaskrá Litluvíkur, bls. 5). Um er að ræða stórar mógrafir



Mynd 144. Mógrafir [3172-184], mynd tekin til suðurs.

sem liggja á 100x20 m stóru svæði, dýpt grafanna er breytileg og er á bilinu 0,4-1,5 m. Lögun grafanna er óregluleg en brúnir þeirra einkennast af beinum línun og 90° hornum. Nokkur fjöldi móstæða er í næsta nágrenni við mógrafirnar þar sem mórnum hefur verið komið fyrir til þurrkunar.

[3172-185] tóft – móstæði

Minjarnar eru staðsettar austast á bringum, stutt vestan við Svarðarmel á barmi gamla marbakkans ofan við Litluvíkurblá. Um er að ræða 7x4,3 m stóra tóft með leguna austur-vestur. Veggir tóftarinnar eru 0,3-0,5 m á hæð og 0,5-0,6 m á breidd, ekki er greinanlegur inngangur inn í tóftina.



Mynd 145. Móstaði [3172-185], mynd tekin til austurs.

Stutt suðvestan við tóftina er niðurgröftur [3172-186], trúlega hefur þar verið tekið efni til byggingar móstaðisins. Um 20 m vestan við tóftina eru mógrafir [3172-184] og hefur trúlega mó sem þar var stunginn verið komið fyrir í staðunni til þurrkunar.

[3172-186] niðurgröftur – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar austast á bringum, stutt vestan við Svarðarmel á barmi gamla marbakkans ofan við Litluvíkurblá. Um er að ræða 8x5,4 m stóran óreglulegan niðurgröft sem grafinn er inn í aflíðandi brekkuna. Hlutverk minjanna er ekki þekkt en þær liggja stutt suðvestan við móstaði [3172-186] og trúlega hefur þarna verið tekið efni til byggingar móstaðisins.



Mynd 146. Niðurgröftur [3172-186], mynd tekin til austurs.

[3172-187] tóft – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar á grasi vöxnu og nokkuð votlendu svæði austan við Bringur og vestan við Svarðarmel. Um er ræða 7,4x5,7 m stóra tóft með leguna austur-vestur. Inngangur virðist vera inn í tóftina til norðurs og eru



Mynd 147. Tóft [3172-187], mynd tekin til austurs.

veggir hennar 0,3-0,5 m á hæð og 1-2 m á breidd. Hlutverk minjanna er ekki þekkt en tóftin stendur 17 m sunnan við mógrafir [3172-187] og trúlega tengist hún móttökunni á svæðinu. Tóftin er nokkuð frábrugðin öðrum móstæðum sem eru þarna í nágrenninu.

[3172-188] þúst – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar undir aflíðandi brekku ofan og sunnan við Svarðarmel. Um er að ræða nokkuð illgreinanlega þúst eða lága upphækkun í landinu 8x6 m að stærð. Útlínur minjanna eru skýrastar neðst og nyrst en þar má greina vegg með leguna norðvestur-suðaustur og skarð er í honum miðjum. Hlutverk



Mynd 148. Þúst [3172-188], mynd tekin til suðurs.

minjanna er ekki þekkt en þær standa við bakka mógrafa [3172-189] og tengjast þeim trúlega.

[3172-189] niðugröftur – mógrafir

Minjarnar eru staðsettar undir aflíðandi brekku ofan og sunnan við Svarðarmel. Um Svarðarmel segir í örnefnaskrá Litluvíkur: „*Framan við Kvíamel er Svarðarmelur. Milli þeirra er einnig gil. Á melnum var tekinn mór, sæmilegur.*“ (Örnefnaskrá



Mynd 149. Mógrafir [3172-189], mynd tekin til austurs.

Litluvíkur, bls. 5). Um er að ræða 0,1-

0,2 m djúpar, óreglulegar og illgreinanlegar mógrafir sem liggja á 67x16 m stóru svæði. Þúst [3172-189] stendur við suður brún mógrafanna.

[3172-190] tóft – móstæði

Minjarnar eru staðsettar á Svarðarmel.

Um Svarðarmel segir í örnefnaskrá Litluvíkur: „*Framan við Kvíamel er Svarðarmelur. Milli þeirra er einnig gil. Á melnum var tekinn mór, sæmilegur.*“ (Örnefnaskrá Litluvíkur, bls. 5). Engar mógrafir eru á melnum sjálfum heldur vestan og sunnan við hann. Um er að ræða 4,5x3,4 stóra og

nokkuð illgreinanlega tóft vaxna mosa og lyngi. Enginn inngangur er greinilegur inn í tóftina en dæld er í henni miðri. Veggir tóftarinnar eru 0,1-0,2 m á hæð og 0,4-0,5 m á breidd. Móstæðið stendur í röð þriggja móstæða á litlu svæði, stæðurnar þrjár eru misvel greinilegar og trúlega votta þær um langa notkun mógrafanna á svæðinu.



Mynd 150. Móstæði [3172-190], mynd tekin til austurs.

[3172-191] tóft – móstæði

Minjarnar eru staðsettar á Svarðarmel.

Um Svarðarmel segir í örnefnaskrá Litluvíkur: „*Framan við Kvíamel er Svarðarmelur. Milli þeirra er einnig gil. Á melnum var tekinn mór, sæmilegur.*“ (Örnefnaskrá Litluvíkur, bls. 5). Engar mógrafir eru á melnum sjálfum heldur vestan og sunnan við hann. Um er að ræða 7x4 m stóra

ferhyrningslaga, grasi gróna tóft. Enginn inngangur er greinilegur inn í tóftina en dæld er í henni miðri. Veggir tóftarinnar eru 0,3-0,6 m á hæð og 0,4-0,8 m á breidd. Móstæðið stendur í röð þriggja móstæða á litlu svæði, stæðurnar þrjár eru misvel greinilegar og trúlega votta þær um langa notkun mógrafanna á svæðinu.



Mynd 151. Móstæði [3172-191], mynd tekin til norðausturs. Sjám má móta fyrir bæjarhóli Litluvíkur í bakgrunni.

[3172-192] tóft – móstæði

Minjarnar eru staðsettar á Svarðarmel.

Um Svarðarmel segir í örnefnaskrá

Litluvíkur: „*Framan við Kvíamel er*

Svarðarmelur. Milli þeirra er einnig

gil. Á melnum var tekinn mór,

sæmilegur.“ (Örnefnaskrá Litluvíkur,

bls. 5). Engar mógrafir eru á melnum

sjálfum heldur vestan og sunnan við

hann. Um er að ræða 5x4 m stóra

hringlaga, grasi gróna tóft. Enginn inngangur er greinilegur inn í tóftina en dæld er í henni

miðri. Veggir tóftarinnar eru 0,1-0,2 m á hæð og 0,4-0,5 m á breidd. Móstæðið stendur í röð

þriggja móstæða á litlu svæði, stæðurnar þrjár eru misvel greinilegar og trúlega votta þær um

langa notkun mógrafanna á svæðinu.



Mynd 152. Móstæði [3172-192], mynd tekin til norðurs.

[3172-193] tóft – móstæði

Minjarnar eru staðsettar austast á

Svarðarmel. Um Svarðarmel segir í

örnefnaskrá Litluvíkur: „*Framan við*

Kvíamel er Svarðarmelur. Milli þeirra

er einnig gil. Á melnum var tekinn

mór, sæmilegur.“ (Örnefnaskrá

Litluvíkur, bls. 5). Engar mógrafir eru

á melnum sjálfum heldur vestan og

sunnan við hann. Tóftin stendur um 45

m suðaustan við röð þriggja móstæða [3172-190, -191, 192] sem líka standa á melnum.

Tóftin er 5x3 m að stærð, ferhyrningslaga og með leguna suðvestur-norðaustur. Tóftin er opin

til norðausturs og veggir hennar eru 0,3-0,4 m á hæð og 0,4-0,5 m á breidd.



Mynd 153. Móstæði [3172-193], mynd tekin til norðurs.

[3172-194] garðlag – óþekkt

Minjarnar liggja í aflíðandi brekku ofan úr Efri-Stekkjarflöt niður í Króarmýri, töluvert ofan og sunnan við bæjarstæði Litluvíkur. Garðlagið er greinanlegt í tveimur bútum, samanlagt um 200 m á lengd.

Garðlagið liggur nokkurn veginn í ferhyrning og eru suður, austur og norður hliðarnar greinilegar en aðeins

hluti af vestur hliðinni. Hefur garðlagið trúlega afmarkað 100x50 m stórt svæði þegar það var heilt. Garðlagið eru á bilinu 0,4-1,2 m á hæð og 1-2,5 m á breidd, víða nokkuð sokkið og að mestu gróið mosa og lyngi. Minjarnar bera þess merki að vera nokkuð fornar og líklega löngu farnar úr notkun þegar Litlavík leggst í eyði um miðja 20. öldina. Hlutverk minjanna er ekki þekkt en trúlega er um að ræða stórt aðhald fyrir búpening.



Mynd 154. Garðlag [3172-194], mynd tekin til suðurs.

[3172-195] niðurgröftur – áveita

Minjarnar eru staðsettar á vesturbakka Dalsár sem rennur niður úr

Litluvíkurdal. Um er ræða tvöfaldan skurð sem veitt hefur verið í úr ánni. Skurðurinn klofnar stutt frá ánni, einn angi skurðarins liggur rúmlega 40 m langur nær ánni í gegnum myllutóft

[3172-196] og sameinast aftur ánni stuttu neðan við tóftina. Ofan við tóftina liggja tveir lágir garðar

meðfram skurðinum. Hinn anginn liggur um 70 m langur vestan við mylluna og sameinast ánni nokkru neðar. Klofnar skurðurinn um miðja veginn í tvennt á 10 m kafla og sameinast svo aftur. Þar sem hann klofnar liggur áveita [3172-219] til norðurs frá skurðinum, þar má sjá grjúthrúgu sem trúlega var notuð til vatnsstýringar. Skurðirnir eru um 0,2-0,5 m djúpir. Hafa minjarnar þjónað tveim hlutverkum, annars vegar sem áveita á vatnsmylluna og hins vegar veitt vatni heim að bænum í Litluvík. Ekkert rennandi vatn er við bæjarstæðið og var veitt



Mynd 155. Áveita [3172-195], mynd tekin til norðausturs. Sjá má glytta í Stóranes í fjarska.

vatni að bænum bæði úr Dalsá og bæjarlæknum sem rennur innan við Bæjarmelin niður í Litluvíkurblána vestan við túnfótinn.

[3172-196] tóft – vatnsmylla

Minjarnar eru staðsettar á vesturbakka Dalsár austur undir Bæjarmelnum. Um er að ræða 5x4,5 m stóra tóft með opi bæði til austurs og vesturs þar sem skurður [3172-195] rennur í gegnum mylluna. Innra rými myllunnar er um 1,5x1,5 m á stærð og eru veggi hennar 0,3-1 m á hæð og 1-1,5 m á breidd.



Mynd 156. Vatnsmylla [3172-196], mynd tekin til vesturs.

Ofan við tóftina liggur aðrennslisskurðurinn á um 10 m löngum kafla og neðan við hana liggur frárennslisskurðurinn á um 30 m löngum kafla aftur út í Dalsánnu. Um minjarnar segir í örnefnaská Litluvíkur: „*Milli Dalsár og túnsins, inn að Bæjarmel, liggur Myllugrund eða Mylnugrund. Þar var kornmylla.*“ (Örnefnaskrá Litlavík, bls 5). Minjanna er getið í Svæðisskráningu FSÍ og hefur þar fengið númerið NM-229:009. Myllur fóru að skjóta upp kollinum hérlandis á seinni hluta 18. aldar og voru í notkun allt að upphafi 20. aldar (Birna Lárusdóttir 2012:177).

[3172-197] tóft – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar spölkorn austan við Dalsá, neðan og norðan við Króarmýri. Um er að ræða gróflega hringlaga tóft 7x7,3 m að stærð.

Inngangur er til suðurs og gengt er inn í 3,5x2,3 ferhyrnt rými með leguna norðvestur-suðaustur. Innst í rýminu gengur 1 m breiður veggbútur um 1,5 m út úr norðvesturvegnum. Þétt



Mynd 157. Tóft [3172-197], mynd tekin til norðurs.

austan við innganginn er lítil sambyggð tóft sem fellur inn í útvegg tóftarinnar og myndar 0,6x0,8 m stórt ferhyrnt vik í vegginn. Veggir tóftarinnar eru 0,4-0,6 m á hæð og 1-2 m á breidd. Hlutverk minjanna er ekki ljóst en trúlega er um að ræða einhvers konar útihús frá Litluvík.

[3172-198] niðurgröftur – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar við Krók spölkorn frá ströndinni. Um er að ræða óreglulegan niðurgröft á um 25x10 m stóru svæði og er dýpt grafanna á bilinu 0,3-1 m. Niðurgröfturinn er greinilegur og líkist mógröfum sem skráðar voru annars staðar í vikinni. Staðsetning er nokkuð óvanaleg en grafirnar eru ekki í mýri heldur á þurru og grasi grónu svæði og gætu verið um torftöku að ræða.



Mynd 158. Niðurgröftur [3172-198], mynd tekin til suðausturs.

[3172-199] mannvirki – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar á sjávarbakkanum við litla tjörn innarlega í Króknum neðan við Litluvíkurskirður. Um er að ræða grjóthlaðið mannvirki sem stendur á 12x12 m stóru svæði. Mannvirkið er opið til vesturs og afmarkar nokkuð stórt L-laga rými. Veggir mannvirkisins eru hæstir á austurhliðinni, þeirri hlið sem snýr að sjónum, eru þeir á bilinu 0.3-1,2 m á hæð og 1-1,5 m á breidd. Útfall tjarnarinnar sem minjarnar standa við er þétt sunnan við mannvirkið og er þar lág stífla [3172-200]. Hlutverk minjanna er ekki ljóst en ólíklegt verður að teljast að það hafi staðið undir þaki, gæti verið um fjárskjól að ræða eða fiskihjalla. Minjarnar standa um 2 m frá sjávarbakkanum og stafar mikil hættu að minjunum vegna landbrots.



Mynd 159. Mannvirki [3172-199], mynd tekin til austurs.

[3172-200] hleðsla – stífla

Minjarnar eru staðsettar við útfallið á lítilli tjörn sem liggur í Króknum, þétt við mannvirki [3172-199]. Um er að ræða 6 m langa lága hleðslu, 0,2-0,3 m á hæð og 0,3-0,4 m á hæð sem hlaðið hefur verið í útfall tjarnarinnar. Skarð er í stíflunni þar sem vatnið rennur úr tjörninni.



Mynd 160. Stífla [3172-200], mynd tekin til suðausturs.

[3172-201] mannvirki – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar við norðurbakka Dalsár í nokkuð þéttu rústaþyrpingu ásamt minjum [3172-202, -203 & -204]. Mannvirkið er ferhyrningslaga, hlaðið torfi og grjóti og er 13x12 m að stærð. Innangengt er inn í mannvirkið á norður og vestur hlið þess. Veggir þess eru nokkuð reisulegir og standa 0,4-1,3 m háir og 1-1,5 m breiðir. Mannvirkið skiptist í tvö rými, stærra rýmið er 10x6,5 m á stærð og það minna er 6,5x2 m að stærð. Minna rýmið virðist vera byggt við austurhlið tóftarinnar og er að mestu opið á milli rýmanna. Hlutverk minjanna er ekki þekkt en sjá mátti girðingastaura á stöku stað þar sem veggirnir voru lágstir og hefur mannvirkið trúlega á einhverjum tímapunkti þjónað sem aðhald eða rétt.



Mynd 161. Mannvirkri [3172-201], mynd tekin til suðurs.

[3172-202] dæld – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar við norðurbakka Dalsár í nokkuð þéttu rústaþyrpingu ásamt minjum [3172-201, -203 & -204]. Um er að ræða 4x4 m stóra, gróflega ferhyrnda dæld sem er um 0,2-0,3 m á dýpt. Hlutverk



Mynd 162. Dæld [3172-202], mynd tekin til suðvesturs.

minjanna er ekki þekkt en þær standa þétt vestan við mannvirki [3172-201] og tengjast trúlega notkun á því.

[3172-203] tóft – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar við norðurbakka Dalsár í nokkuð þétttri rústaþyrpingu ásamt minjum [3172-201, -202 & -204]. Um er að ræða nokkuð illgreinanlega tóft, 5,7x3 m á stærð. Tóftin er að mestu opin til vesturs og dæld er í henni miðri.



Mynd 163. Tóft [3172-203], mynd tekin til norðurs.

Veggir tóftarinnar eru 0,2-0,4 m á hæð og 0,5-1 m á breidd. Hlutverk

minjanna er ekki ljóst en trúlega tengjast þær mannvirki [3172-201] sem stendur þétt suðaustan við minjarnar.

[3172-204] tóft – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar við norðurbakka Dalsár í nokkuð þétttri rústaþyrpingu ásamt minjum [3172-201, -202 & -203]. Um er að ræða 5,5x4,5 m stóra ferhyrningslaga tóft með innangi til austurs. Tóftin er niðurgrafin og eru veggir hennar 1,5 m háir að innan en 0,5 m háir að utan,



Mynd 164. Tóft [3172-204], mynd tekin til norðausturs.

breidd veggja er 1-1,5 m. Tóftin er

hlaðin torfi og grjóti og inn í henni lá bárujárn og spýtubrak sem líklega eru leifar þakinu.

Hlutverk minjanna er ekki þekkt en gæti verið um litla geymslu að ræða.

[3172-205] niðurgröftur – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar stutt vestan við Brot um 80 m ofan og vestan við Litlavíkursandinn. Um er að ræða grunnan og óreglulegan niðurgröft sem liggur að hluta til utan um tóft [3172-206]. Dýpt niðurgraftarins er um 0,2-0,4 m á dýpt og liggur á um 20x4 m stóru svæði. Hlutverk minjanna er ekki þekkt en líklega tengjast þær byggingu eða notkun tóftar [3172-205].



Mynd 165. Niðurgröftur [3172-205], mynd tekin til norðausturs.

[3172-206] tóft – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar stutt vestan við Brot um 80 m ofan og vestan við Litlavíkursandinn. Tóftin er ferhyrningslaga og 7,2x4,5 m að stærð og liggur norðaustur-suðvestur. Tóftin er að mestu opin til norðvesturs og er innra rými hennar 3,5x3 m að stærð.



Mynd 166. Tóft [3172-206], mynd tekin til norðausturs.

Veggir tóftarinnar eru 0,3-0,5 m á hæð og 0,4-0,6 m á breidd. Niðurgröftur [3172-205] liggur að hluta til utan um tóftina sunnan megin. Hlutverk minjanna er ekki þekkt en trúlega er um einhvers konar útihús að ræða.

[3172-207] dæld – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar í rústaþyrpingu þétt vestan við Brot um 50 m vestan við Litlavíkursandinn. Um er að ræða 7x4 m stóra og 0,2-0,4 m djúpa sporöskjulaga dæld sem liggur þétt vestan við tóft [3172-208]. Hlutverk minjanna er ekki þekkt en tengist trúlega byggingu eða notkun tóftar [3172-208]



Mynd 167. Dæld [172-207], mynd tekin til norðurs.

[3172-208] tóft – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar í rústaþyrpingu þétt vestan við Brot um 50 m vestan við Litlavíkursandinn.

Um er að ræða 5,5x2,6 m stóra, aflanga og ferhyrnda tóft með leguna norður-suður. Inngangur er inn í tóftina til vesturs við suðvestur horn hennar. Tóftin er lágreist og eru veggir hennar 0,2-0,3 m á hæð og 0,5-0,6 m á breidd. Framan við tóftina er niðurgröftur [3172-207]. Hlutverk minjanna er ekki ljóst en útlit og eðli minjanna minna helst á mó- eða heystæði.



Mynd 168. Tóft [3172-208], mynd tekin til norðurs.

[3172-209] tóft – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar í rústaþyrpingu þétt vestan við Brot um 50 m vestan við Litlavíkursandinn.

Um er að ræða hringlaga tóft með þykkum veggjum með djúpu innra rými, enginn greinanlegur inngangur er í tóftina. Tóftin er um 11,5x11 m að stærð en innra rými hennar er um 3,5x3,5 m að stærð. Veggir tóftarinnar



Mynd 169. Tóft [3172-209], mynd tekin til vesturs.

eru um 0,2 m að hæð miðað við ytra yfirborð en 1,6 m á hæð innan í tóftinni og breidd veggja er á bilinu 2,5-2 m. Þétt sunnan við minjarnar stendur tóft [3172-210]. Ekki er ljóst hvaða hlutverki minjarnar þjónuðu en útlit þeirra minna helst á niðurgrafna fjárborg. Um 30 m norðan við tóftina er annað eins mannvirki [3172-209] sem er nokkuð minna um sig.

[3172-210] tóft – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar í rústaþyrpingu þétt vestan við Brot um 50 m vestan við Litlavíkursandinn. Um er að ræða ferhyrningslaga, 6,3x4,7 m stóra tóft með leguna austur-vestur. Inngangur er á tóftinni til vesturs og er innra rými hennar 2,8x3,8 m að stærð. Veggir tóftarinnar eru 0,3-0,5 m á hæð og 0,5-1 m á

breidd. Hlutver minjanna er ekki þekkt en líkjast þær mest grunni einhvers mannvirkis sem þarna hefur staðið. Sjá mátti í rofi á veggjum tóftarinnar að þeir voru að mestu úr sandi.



Mynd 170. Tóft [3172-210], mynd tekin til vesturs.

[3172-211] tóft – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar yst í túni Litluvíkur framan við svokölluð Brot. Um er að ræða litla tóft, 1,7x2 m að stærð og ferhyrningslaga. Tóftin stendur tæpa 3 m sunnan við tóft [3172-037] og 5 m austan við rétt [3172-212]. Veggir tóftarinnar eru 0,2-0,3 m á hæð og 0,3-0,4 m á breidd.



Mynd 171. Tóft [3172-211], mynd tekin til austurs.

Inngangur er í tóftina til vesturs og innra rými hennar er 0,7-0,6 m að stærð. Inn í tóftinni miðri mátti sjá litla grjóthrúgu. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin þjónaði en sökum smæðar hennar verður að teljast ólíklegt að þarna hafi staðið hús undir þaki.

[3172-212] garðlag – rétt

Minjarnar eru staðsettar yst í túni Litluvíkur framan við svokölluð Brot. Um er að ræða garðlag hlaðið torfi og grjóti sem liggur í ferhyrning og myndar 32x13 m stóra rétt. Réttin er aflöng og liggur gróflega norður-



Mynd 172. Rétt [3172-212], mynd tekin til norðurs.

suður. Garðlagið sem afmarkar réttina er mishátt og er norðurhluti þess á bilinu 0,5-0,8 m á hæð en suðurhluti þess 0,2-0,4 m á hæð, breidd garðlagsins er á bilinu 0,4-1 m. Tveir inngangar eru inn í réttina, einn við miðjan austurvegg hennar og annar á norðurvegg hennar við norðvestur hornið.

[3172-213] þúfa – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar yst í túninu stutt framan við Brot. Um er að ræða 3x2,3 m stóra ferhyrnda þúfu sem stendur um 0,4 m upp úr túninu. Minjarnar eru greinilega mannanna verk en hlutverk þeirra er óþekkt. Stærri þúfa, Völvuleiði [3172-214], stendur um 65 m norðvestan við minjarnar.



Mynd 173. Þúfa [3172-213], mynd tekin til vesturs.

[3172-214] hleðsla – Völvuleiði

Minjarnar eru staðsettar yst í túninu stutt framan við Brot. Um minjarnar segir í örnefnaskrá Litluvíkur: „Í túnfæti Litluvíkurtúns að austan er Völvuleiði, upphlaðið. Engar sagnir eru um það.“ (Örnefnaskrá Litluvíkur, bls. 5). Völvuleiði er aflangt, ferhyrningslaga, 6,5x2,5 m á stærð og á bilinu 0,6-1 m á hæð. Minjanna er getið í Svæðisskráningu FSÍ og hefur þar fengið númerið NM-229:008.



Mynd 174. Völvuleiði [3172-214], mynd tekin til norðvesturs.

[3172-215] tóft – óþekkt


Minjarnar eru staðsettar utarlega í túninu, um 46 m frá bæjarhól Litluvíkur. Um er að ræða 12x7,8 m stóra ferhyrnda tóft með leguna norðvestur-suðausturs. Inngangur er til



Mynd 175. Tóft [3172-215], mynd tekin til vesturs.

norðausturs og er gengið inn í 5,5x2,5 m stórt rými. Veggir tóftarinnar eru 0,3-0,5 m á hæð og 1-2 m á breidd. Hlutverk minjanna er óþekkt en trúlega er um einhvers konar útihús að ræða.

[3172-216] bæjarhóll – Litlavík



Kort 4. Minjarnar á og við bæjarstæði Litluvíkur.

Bæjarstæði Litluvíkur stendur í miðju túni neðan við Bæjarmel um 220 m vestan við Litluvíkursandinn. Bæjarhóllinn rís hátt upp úr flatlendinu allt í kring. Tóftir bæjarhúsanna standa á um helmingi hólsins, frá miðju til suvesturhluta hans. Vestan við bæjarhúsin er sambyggður matjurtagarður [3172-217]. Tóftir bæjarhúsanna liggja á 26x18 m stóru svæði og greinileg eru sex rými í þeim, gegnt er inn í húsin frá norðaustri. Norðaustan megin í bæjarhúsunum eru fjögur rými og gengið er inn í þrjú þeirra beint af



Mynd 176. Bæjarstæði Litluvíkur, mynd tekin til suðvestur.

hlaðinu, tvö rými liggja innan við. Við miðjar bæjarrústirnar er gengið af hlaðinu inn í göng sem liggja inn í stærsta rými tóftanna sem liggur nokkurn veginn þvert á restina af húsunum. Framarlega í göngunum er gengt inn í nokkuð stórt aflangt rými til norðvesturs. Líklegt verður að teljast að stóru rýmin tvö sem göngin tengja hafi í fyrndinni geymt baðstofuna og eldhúsið það verður þó ekki sagt með vissu. Veggir bæjarhúsanna eru hlaðnir torfi og grjóti, eru 0,3-1,5 m á hæð og 1,5-3 m á breidd. Ekki er ljóst hve lengi hefur verið búið í Litluvík en stærð bæjarhólsins gefur til kynna að bæjarhúsatóftirnar séu ekki fyrstu húsin sem þarna hafa staðið. Ekkert vatnsfall er í næsta nágrenni við bæjarhólinn en hefur vatni verið veitt heim að bænum með tveim áveitum [3172-219]. Vatn var tekið úr Dalsá við Myllugrund og veitt um 270 m leið heim að bænum og líka úr Bæjarlæknum sem rennur niður milli Kvíamels og Bæjarmels um 160 m leið og sameinast skurðirnir tveir stutt ofan við bæinn og liggja að suðurhlið matjurtagarðarins [3172-217]. Áveituskurður [3172-218] liggur svo til norðurs frá bænum út í Litlavíkurlána frá norðvesturhorni matjurtagarðarins. Minjanna er getið í Svæðisskráningu FSÍ og hefur þar fengið númerið NM-229:001.

[3172-217] garðlag – matjurtagarður

Minjarnar eru sambyggðar vesturhlið bæjarhúsanna í Litluvík og liggja í aflíðandi halla til vesturs á bæjarhólnum. Garðlagið liggur um 50 m leið og afmarkar 15x13 m stórt svæði vestan við bæjarhúsin.

Garðlagið er 0,3-0,6 m á hæð og um 0,5 m á breidd. Matjurtagarðurinn er merktur inn á túnakort Litluvíkur frá 1917 (Túnakort Litlavík 1917).



Kort 5. Matjurtagarður [3172-217], mynd tekin til vesturs.

[3172-218] niðugröftur – áveita

Um er að ræða áveituskurð sem liggur til norðurs frá norðvesturhorni matjurtagarði [3172-217]. Annar áveitugarður [3172-219] liggur að matjurtagarðinum frá suðri og er þetta áframhald hans frá bænum. Skurðurinn er greinilegur um 50 m leið og hverfur svo út í blána.



Mynd 177. Áveituskurður [3172-218], mynd tekin til norðurs.

Meðfram skurðinum sitt hvoru megin eru lágir garðar, 0,3-0,5 m á breidd sem eru líklega uppmokstur úr skurðinum og er dýpt skurðarins er á bilinu 0,1-0,4 m.

[3172-219] niðugröftur – áveita

Um er að ræða tvískiptan áveituskurð, annar hluti hans liggur um 270 m leið frá Dalsá við Myllugrund að bæjarhólnum [3172-216]. Hinn hluti hans liggur um 160 m leið frá Bæjarlæknum milli Bæjarmels og Kvíamels að bæjarhólnum [3172-216].



Mynd 178. Áveituskurður [3172-219], mynd tekin til suðurs.

Skurðirnir tveir sameinast um 16 m sunnan við bæjarhólinn og liggja saman að suðurhlið matjurtagarðs [3172-217]. Annar áveituskurður [3172-218] liggur svo út frá norðvesturhorni matjurtagarðsins út í Litluvíkurblána. Meðfram skurðinum sitt hvoru megin eru lágir garðar, 0,3-0,5 m á breidd sem eru líklega uppmokstur úr skurðinum og er dýpt skurðarins er á bilinu 0,1-0,4 m. Nokkur spölur er í rennandi vatn frá bæjarhólnum og hafa Litluvíkurbændur brugðið á það ráð að veita vatni heim að bænum.

[3162-220] garðlag – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar undir Bæjarmelnum um 50 m sunnan við bæjarhólinn, þétt suðvestan við minjarnar stendur tóft [3172-221]. Líklega er um að ræða litla ferhyrningslaga rétt eða aðhald. Garðlagið afmarkar 14x12 m stórt svæði og er gengt inn í það frá norðri, vegghæð þess er 0,3-0,5 m og breidd 0,5-1 m. Lágur og breiður veggþútur gengur um 5 m inn í minjarnar frá austurveggnum og skiptir austurhlutanum í tvennt. Hlutverk minjanna er ekki þekkt en trúlega hefur það verið notað eða stía til skeppnum.



Mynd 179. Garðlag [3172-220], mynd tekin til suðausturs.

[3172-221] tóft – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar undir Bæjarmelnum um 50 m sunnan við bæjarhólinn, þétt norðaustan við minjarnar stendur garðlag [3172-220]. Um er að ræða sokkna og ógreinilega tóft sambyggða lágu garðlagsbroti. Tóftin er 5x5 m að stærð og gengið er inn í 2x1,5 m stórt rými frá norðri.



Mynd 180. Tóft [3172-221], mynd tekin til vesturs.

Lágt en breitt garðlag liggur í L frá tóftinni til suðausturs og er í heildina 14 m langt. Vegghæð minjanna er á bilinu 0,3-0,5 m og breidd veggja 0,5-1,2 m. Hlutverk minjanna er ekki þekkt en trúlega er um einhvers konar útihús að ræða.

[3172-222] tóft – fjárhús

Minjarnar eru staðsettar þétt undir Bæjarmelnum við Myllugrund um 140 m suðaustan við bæjarstæðið í Litluvík. Um er að ræða nokkuð stóra og reisulega fjárhústóft með legunu norðaustur-suðvestur. Inngangur er í tóftina frá norðaustri, gengið er inn í 13,5x3,5 m stórt fjárhús og liggur garði eftir því endilöngu. Inn af



Mynd 181. Fjárhústóft [3172-222], mynd tekin til norðurs.

fjárhúsinu er gengið inn í 8x5 m stóra hlöðu. Lítið rými, 2x2 m stórt, er sambyggt fjárhúsinu, norðaustast á suðaustur vegg þess, gengið er inn í það frá norðaustri. Veggir tóftanna eru reistir úr torfi og grjóti, hæð þeirra er á bilinu 0,5-1,8 m og breidd 1-2 m. Minjarnar eru heillegar og tilheyra trúlega síðustu árum búsetu í Litluvík á fyrri hluta 20. aldar.

[3172-223] tóft – fjárhús

Minjarnar eru staðsettar utarlega í túninu, um 100 m austan við bæjarstæði Litluvíkur. Um er að ræða fjárhústóft með sambyggðu aðhaldi. Tóftin liggur austur-vestur, er 9x6 m að stærð og er inngangur inn í hana frá austri. Innra rými tóftarinnar er 3x6 m að stærð og liggur garði eftir því



Mynd 182. Fjárhústóft [3172-223], mynd tekin til vesturs.

miðju. Vestan við tóftina er sambyggt aðhald um 8x7 m að stærð og er inngangur á norðvesturhorni þess. Afmarkar aðhaldið um 5x3 m stórt svæði. Veggir tóftarinnar eru heillegir og hlaðnir torfi og grjóti, vegg hæð er á bilinu 0,5-1,5 m og breidd veggja 1-1,5 m. Þétt austan við tóftina er önnur óþekkt tóft [3172-224].

[3172-224] tóft – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar utarlega í túninu, um 100 m austan við bæjarstæði Litluvíkur, þétt austan við fjárhústóft [3172-223]. Tóftin liggur austur-vesturs og er 11x7 m á stærð og mjókkar til austurs. Lítið þröngt rými, 4x1 m að stærð, er greinanlegt í austurhluta tóftarinnar, vestan megin breikkar rýmið töluvert og er tóftin alveg opin til vesturs. Veggir

tóftarinnar eru 0,5-1,2 m á hæð og 1-1,5 m á breidd. Ekki er ljóst hvaða tilgangi tóftin hefur þjónað en tengist trúlega fjárhústóftinni sem hún stendur við. Einnig gæti verið um tóftir af eldra húsi sem þarna hefur staðið að ræða.



Mynd 183. Tóft [3172-224], stendur lágt framan við fjárhústóft [3172-223] sem sést greinileg á bakvið. Mynd tekin til vesturs.

[3172-225] tóft – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar utarlega í túni um 100 m austan við bæjarsæði Litluvíkur. Um er að ræða 20x10 m stóra tóft með leguna austur-vestur. Tóftin skiptist í þrjú rými og eru tvö þeirra samtengd. Á miðri tóftinni er inngangur til norðurs og er þar gengt inn í 4x3,5 m stórt rými, úr því er

gengt inn í 3,5x1,5 m stór rými austan megin í tóftinni. Á vesturhlið tóftarinnar er annar inngangur og er þar gengt inn í 4x4 m stórt rými. Tóftin er nokkuð sokkin og eru veggir hennar 0,2-0,5 m á hæð og 0,5-1,5 m á breidd. Hlutverk minjanna er ekki þekkt.



Mynd 184. Tóft [3172-225], mynd tekin til norðurs.

[3172-226] tóft – fjárhústóft

Minjarnar eru staðsettar í túni um 40 m austan við bæjarstæði Litluvíkur. Um er að ræða aflanga tóft með leguna gróflega austur-vestur, tóftin er 16,3x6,2 m að stærð og skiptist í tvö misstór rými. Inngangur er vestast á suðurvegg tóftarinnar og er gengið inn í stærra rýmið sem er 7x3 m að stærð og virðist liggja garði eftir því miðjur.



Mynd 185. Fjárhústóft [3172-226], bæjarhóll Litluvíkar í bakgrunni.

Mynd tekin til vesturs.

Austast er inngangur inn í minna rýmið, það 3x1,7 m að stærð og er virðist einnig vera lítill garði eftir því miðju. Veggir tóftarinnar eru 0,4-0,6 m á hæð og 1-2 m á breidd.

[3172-227] tóft – óþekkt –

Kvíagrund

Minjarnar eru staðsettar við Kvíagrund, þétt vestan við Bæjarlækinn sem rennur niður á milli Bæjarmels og Kvíamels. Í örnefnaská



Mynd 186. Tóft [3172-227], mynd tekin til suðurs.

Litluvíkur segir um staðinn: „*Framan við bæjarlækinn, sem fellur um túnfótinn að framan, heitir Kvíagrund. Þar voru kvíar og stekkur.*“ (Örnefnaskrá Litluvíkur, bls. 5). Um er að ræða 13x6 m stóra aflanga tóft með leguna norður-suður. Inngangur er í tóftina frá norðri og er gengið inn í 8x2 m stórt rými. Það virðist móta fyrir lágum garða í hluta rýmisins. Veggir tóftarinnar eru reisilegir, hlaðnir torfi og grjóti. Vegg hæð er 1,2-2 m og breidd veggja 1,5-2 m. Ekki er ljóst hvaða hlutverki minjarnar þjónuðu, getið er um kvíar og stekk á svæðinu í örnefnaskrá Litluvíkur en engar aðrar minjar voru sjáanlegar á svæðinu.

[3172-228] tóft – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar sunnarlega í Litluvíkurblánni um 160 m norðan við Bæjarstæði Litluvíkur. Um er að ræða 9,5x7,3 m stóra tóft með inngangi til norðurs. Veggir tóftarinnar eru 0,3-0,4 m á hæð og 0,5-1,5 m á breidd. Hlutverk minjanna er ekki þekkt en staðsetning hennar og útlit gefur til kynna að hér sé um heystæði að ræða.



Mynd 187. Tóft [3172-228], mynd tekin til austurs.

[3172-229] tóft – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar austarlega og norðarlega í Litluvíkurblánni. Um er að ræða 10x10 m stóra óreglulega þrískipta tóft. Inngangur er til suðurs og gengið er inn í tvö rými austan og vestan megin í tóftinni. Rýmið vestan megin er hvað greinilegast af rýmunum þrem og er 4x2,5 m að innamáli. Rýmið austan megin í tóftinni er 2,7x1,2 m að stærð og samtengt rýminu vestan megin í tóftinni. Norðan megin í tóftinni er 4,7x1,2 m stórt rými sem er opið til vesturs. Veggir tóftarinnar eru 0,3-1 m á hæð og 0,5-1,5 m á breidd. Ekki er ljóst hvaða hlutverki minjarnar þjónuðu.



Mynd 188. Tóft [3172-229], mynd tekin til vesturs.

[3172-230] tóft – heystæði

Minjarnar eru staðsettar yst í Bökkum spölkorn innan við

Breiðuvíkursandinn. Um er að ræða 5,5x4,8 m stóra ferhyrnda tóft, gróflega með leguna norður-suður og er hún opin til suðurs. Veggir tóftarinnar er um 0,4-0,5 m á hæð og 0,4-0,6 m á breidd. Útlit minjanna og staðsetning þeirra í haga langt frá bænum gefa til kynna að hér sé um heystæði að ræða.



Mynd 189. Heystæði [3172-230], mynd tekin til suðurs.

[3172-234] heimild – tóft

Í örnefnaskrá Litluvíkur segir: „Í framhaldi af Efri-Streitishjalla er Streiti, brött brekka og hjalli. Á hjallanum mótast fyrir tóft, sem hlaðin hefur verið úr grjóti, sennilega smalakofi.“ (Örnefnaskrá Litluvíkur, bls. 3-4). Minjanna er getið í Svæðisskráningu FSÍ og hefur þar fengið númerið NM-229:006.

[3172-235] heimild – refagildra

Í örnefnaskrá Litluvíkur segir: „en Brýr heita frá Eyðidalsmynni að Efri-Gilðrubotnum, sem liggja milli Miðaftanskletts og Hvítafjalls. Utan og neðan við Efri-Gilðrubotna er hjalli, sem kallaður er Neðri-Gilðrubotn, upp af Hraunum, sem síðar verða nefnd. Í Gilðrubotnum voru refagildir, hlaðnar úr grjóti.“ (Örnefnaskrá Litluvíkur, bls. 4-5). Minjanna er getið í Svæðisskráningu FSÍ og hefur þar fengið númerið NM-229:007.

[3172-241] leið – Neðstivegur

Í örnefnaskrá Litluvíkur segir: „Um Neðri-Stekkjarflöt liggur vegur út á Kambsvík, Neðstivegur“ (Örnefnaskrá Litluvíkur, bls. 2). Minjanna er getið í Svæðisskráningu FSÍ og hefur þar fengið númerið NM-229:003.

[3172-242] leið – Miðvegur

Í örnefnaskrá Litluvíkur segir: „Um Neðri-Stekkjarflöt liggur vegur út á Kambsvík, Neðstivegur, en um Efri-Stekkjarflöt erru götur út yfir Geldingsnes og Gríðarnes, Miðvegur.“ (Örnefnaskrá Litluvíkur, bls. 2). Minjanna er getið í Svæðisskráningu FSÍ og hefur þar fengið númerið NM-229:004.

[3172-243] leið – Efstivegur

Í örnefnaskrá Litluvíkur segir: „*Neðri-Kúahjalli er rétt innan við Urðarhjalla og liggur Efstivegur út yfir þessa hjalla, um skriðurnar efst og á Steinahjalla í Herjólfsvók.*“

(Örnefnaskrá Litluvíkur, bls. 2). Minjanna er getið í Svæðisskráningu FSÍ og hefur þar fengið númerið NM-229:005.

Kjólsvík

[3172-035] garðlag – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar við sjávarbakkann norðan við Glettingslæk. Um er að ræða garðlag sem liggur á um 85 m kafla frá norðaustri til suðvesturs og afmarkar að mestu litla spildu næst bakkanum norðan við Glettingslækinn. Garðlagið er um 0,2-0,5 m á hæð og 0,4-0,6 m á breidd. Ekki er ljóst hvaða hlutverki garðlagið þjónaði en verið getur að um sé að ræða aðhald fyrir fé.



Mynd 190. Garðlag [3172-035] þar sem það liggur að sjávarbakkanum. Mynd tekin til suðurs.

[3172-036] varða – óþekkt

Lítil varða staðsett um 60 m norðan við Kjólsvíkuránnu neðst í Láguhlaupum. Varðan er hrunin og samstendur af fimm meðalstórum steinum. Hlutverk vörðunnar er ekki þekkt.



Mynd 191. Varða [3172-036], mynd tekin til norðurs.

[3172-047] varða – óþekkt

Hrunin varða staðsett við gönguleiðina í Kjólsvíkurskarði milli Kjólsvíkur og Breiðuvíkur. Hlutverk vörðunnar er ekki þekkt en trúlega er um að ræða landamerki milli jarðanna tveggja en hún stendur stutt frá þeim. Um er að ræða 2,5x1,5 m stóra grjóthrúgu á nokkuð grýttu svæði vaxið mosa og lyngi. Varðan er hæðst í miðjunni um 0,4 m á hæð.



Mynd 192. Varða [3172-047], mynd tekin til austurs.

[3172-048] tóft – óþekkt

Tóftin er staðsett í aflíðandi brekku sunnan og ofan við Svarðarmýri. Í Svarðarmýri eru töluverðar mógrafir [3172-049] og er tóftin staðsett um 45 m ofan og utan við grafirnar. Í Svarðarmýri var besta mótakan í Kjólsvík. Þétt norðan við Svarðarmýri er Svarðarmelur og voru þar skráð fjögur móstæði [3172-050] – [3172-



Mynd 193. Tóft [3172-048], mynd tekin til norðvesturs.

053]. Var mórinn fluttur á kláfum á hestum upp úr mýrinni í móstæðurnar til þerris og var honum svo ekið heim að bæ á sleða þegar gott sleðafæri kom á veturnar (Örnefnaskrá Kjólsvík bls. 5). Útlínur tóftarinnar eru nokkuð ógreinilegar en hún liggur norður-suður og er sporöskjulaga. Lítið rými er greinilegt sunnan í tóftinni og lítið op er á henni til vesturs. Veggghæð er á bilinu 0,5-1,5 m og breidd veggja á bilinu 0,5-1 m. Líklega er tóftin leifar móstæðis sem er nokkuð úr sér gengið.

[3172-049] niðurgröftur – mógrafir

Í Svarðarmýri eru töluverðar mógrafir og er þeirra getið í örnefnaskrá Kjólsvíkur, þar segir: „Í Svarðarmýrinni var bezt svarðartekja í Kjólsvík. Ofan á svörðinn voru 2 stungur, en sjálfur svörðurinn 22 stungur, ef gröfin náðist í botn. Ef



Mynd 194. Mógrafir [3172-049], mynd tekin til suðvesturs.

svörðurinn náðist úr 2 neðstu lögnum, var hann notaður í eldsneyti vað járnsníði. En kol var erfitt að fá í stríðinu 1914-18. Svo til hliðar norðan við mýrina kom Svarðarmelur. Á honum voru 3 tættur, þar sem sverðinum var hlaðið, og var honum ekið heim, þegar gott sleðafæri kom á veturna. Líka var þurrkaður svörður utan við mýrina á Svarðarmónum. Á báða þessa staði varð að flytja svörðinn upp úr mýrinni til þerris á kláfum á hestum. Svarðarvinnan var erfið; hið mikla dýpi á gröfunum var þannig unnið, að tekið var bara niður til hálfs ár frá ári og tyrft yfir, þar sem hætt var við.“ (Örnefnaskrá Kjólsvík, bls. 5-6). Mógrafirnar liggja óslitnar á um 40x20 m stórum svæðið upp frá litlum læk sem liggur milli Svarðarmýrar og Svarðarmels, þrjár minni grafir lágu stutt neðan við stóru gröfina niður með læknum. Dýpi mógrafanna var á bilinu 0,5-1,5 m. Á Svarðarmel, norðan við grafirnar voru skráð fjögur móstæði [3172-050] – [3172-053] og eitt sunnan og ofan við grafirnar [3172-048].

[3172-050] tóft – móstæði

Á Svarðarmel voru skráð fjögur móstæði sem liggja með nokkuð jöfnu millibili frá vestri-austurs efst á melnum. Svarðarmelur er þétt norðan við Svarðarmýri þar sem mógrafir [3172-049] eru staðsettar. Var mórnum úr Svarðarmýri hlaðið á Svarðarmel til þurrkunar þar til hægt



Mynd 195. Móstæði [3172-050], mynd tekin til austurs.

var að aka honum á sleða heim að bæ um veturinn (Örnefnaskrá Kjólsvík, bls. 5). Tóftin stendur á nokkuð gróðursnauðum mel en er vel gróinn mosa og lyngi. Af tóftunum fjórum á melnum er þessi hvað heillegust. Tóftin er 7,5x7 m að stærð með tveim samtengdum og

samhliða innri rýmum sem liggja austur-vestur, op er á suðvestur horni tóftarinnar. Vegghæð tóftarinnar er á bilinu 0,2-0,4 m og breidd veggja á bilinu 0,4-0,7 m. Norðurhluti tóftarinnar er nokkuð heillegri en suðurhluti hennar og er möguleiki á því að ný móstæða hafi verið reist að hluta til ofan á eldri og tóftirnar þannig runnið saman í eina.

[3172-051] tóft – móstæði

Á Svarðarmel voru skráð fjögur móstæði sem liggja með nokkuð jöfnu millibili frá vestri-austurs efst á melnum. Svarðarmelur er þétt norðan við Svarðarmýri þar sem mógrafir [3172-049] eru staðsettar. Var mórnum úr Svarðarmýri hlaðið á Svarðarmel til þurrkunar þar til hægt



Mynd 196. Móstæði [3172-051], mynd tekin til suðurs.

var að aka honum á sleða heim að bæ um veturinn (Örefnaskrá Kjólsvík, bls. 5). Tóftin stendur á nokkuð gróðursnauðum mel en er gróinn mosa og lyngi. Tóftin er um 4,6x4,3 m að stærð og ekki er greinilegt neitt innra rými. Tóftin stendur í aflíðandi brekku sem hallar niður frá vestri til austurs og stendur austurhlið hennar nokkuð hærra upp frá yfirborðinu. Sjá má einstaka grjót standa upp úr veggjum tóftarinnar. Vegghæð er á bilinu 0,1-0,3 og breidd veggja á bilinu 0,4-0,7 m.

[3172-052] tóft – móstæði

Á Svarðarmel voru skráð fjögur móstæði sem liggja með nokkuð jöfnu millibili frá vestri-austurs efst á melnum. Svarðarmelur er þétt norðan við Svarðarmýri þar sem mógrafir [3172-049] eru staðsettar. Var mórnum úr Svarðarmýri hlaðið á Svarðarmel til þurrkunar þar til hægt



Mynd 197. Móstæði [3172-051], mynd tekin til norðurs.

var að aka honum á sleða heim að bæ um veturinn (Örefnaskrá Kjólsvík, bls. 5). Tóftin stendur á nokkuð gróðursnauðum mel en er gróinn mosa og lyngi. Tóftin er 5,7x4,2 m að stærð, vegghæð hennar er á bilinu 0,2-0,5 m og veggþykkt á milli 0,5-1 m á breidd. Sjá má móta fyrir dæld í miðri tóftinni. Tóftin stendur í aflíðandi brekku sem hallar niður frá vestri til

austurs og stendur austurhlið hennar nokkuð hærra upp frá yfirborðinu. Sjá má einstaka grjót standa upp úr veggjum tóftarinnar.

[3172-053] tóft – móstæði

Á Svarðarmel voru skráð fjögur móstæði sem liggja með nokkuð jöfnu millibili frá vestri-austurs efst á melnum. Svarðarmelur er þétt norðan við Svarðarmýri þar sem mógrafir [3172-049] eru staðsettar. Var mórnum úr Svarðarmýri hlaðið á



Svarðarmel til þurrkunar þar til hægt var að aka honum á sleða heim að bæ um veturinn (Örefnaskrá Kjólsvík, bls. 5). Tóftin stendur á nokkuð gróðursnauðum mel en er gróinn mosa og lyngi. Tóftin er um 4x5 m að stærð, veggir hennar eru illgreinanlegir en tóftin stendur um 0,1-0,2 m upp frá yfirborði. Það fer nokkuð lítið fyrir minjunum og er það einna helst gróðurinn og lágur stallur sem gefur til kynna að þarna hafi verið móstæða.

[3172-054] niðurgröftur – mógrafir

Mógrafirnar eru staðsettar ofarlega í Bungum, stutt neðan við Kjólsvíkurskarðið utan við Svarðarmýri. Grafirnar eru óreglulegar og liggja á um 35x20 m stóru svæði. Rúmum 20 metrum sunnan og ofan við grafirnar eru tvær móstæður [3172-055 & -056] þar sem mórnum hefur verið hlaðið til þerris. Grafirnar eru misdjúpar en dýpt þeirra er á bilinu 0,3-1,5 m á hæð.



Mynd 198. Mógrafir [3172-054], mynd tekin til suðurs.

[3172-055] tóft – móstæði

Móstæðið er staðsett ofarlega í Bungum, stutt neðan við Kjólsvíkurskarðið utan við Svarðarmýri. Um 20 m norðan við tóftina eru töluverðar mógrafir [3172-054] og um 20 m austur er annað móstæði [3172-056]. Tóftin er grasi gróinn, vel greinanleg og stendur upp á litlum og lágum hól. Tóftin er ferhyrningslaga, tæpir 5x5 m að stærð og er opin til suðurs. Vegghæð er á bilinu 0,3-0,5 m á hæð og þykkt veggja á bilinu 0,5-1 m á breidd.



Mynd 199. Móstæði [3172-055], mynd tekin til suðausturs.

[3172-056] tóft – móstæði

Móstæðið er staðsett ofarlega í Bungum, stutt neðan við Kjólsvíkurskarðið utan við Svarðarmýri. Um 20 m norðan við tóftina eru töluverðar mógrafir [3172-054] og um 20 m vestur er annað móstæði [3172-055]. Tóftin er grasi gróinn og um 4,5x3,5 m að stærð. Það sést móta fyrir dæld í henni miðri en ekki sést móta fyrir inngangi í hana. Tóftin er nokkuð sporöskjulaga og er vegghæð hennar á bilinu 0,3-0,5 m og þykkt veggja á bilinu 0,4-0,6 m á þykkt.



Mynd 200. Móstæði [3172-056], mynd tekin til suðvesturs.

[3172-057] tóft - heystæði

Tóftin eru staðsettar í graslendi neðan við Þjófahrygg, spölkorn austan við svokallaða Breiðu. Tóftin er ferhyrningslaga og um 6,5x3,8 m að stærð. Tóftin liggur suðastur-norðvestur og er op inn í hana á suðurhorninu. Vegghæð tóftarinnar er



Mynd 201. Heystæði [3172-057], mynd tekin til suðausturs.

á bilinu 0,3-0,5 m og er þykkt veggja á bilinu 0,4-0,5m á breidd. Trúlega er hér um heystæði að ræða.

[3172-058] tóft – móstæði

Tóftin stendur á norðurbakka Glettingslækjar þar sem hann mætir Víðidalslæk. Um svæðið segir í örnefnaskrá Kjólsvíkur: „*Utan við Glettingslækinn kom svo Mýrin, og náði hún á bæjarbekkuna næst sjónum. Þar var tekinn svörður, en hann var ekki góður, mikill ruðningur*



Mynd 202. Móstæði [3172-058], mynd tekin til suðausturs.

ofan af, en ekki nema 5 stungur svörður. Mór var kallað þúfnastykki upp með Glettingslæk, og var heimasvörðurinn þurrkaður þar. (Örnefnaskrá Kjólsvík, bls. 7). Á þessu svæði voru skráðar fjórar mógrafir [3172-060, -62, -065, & -066] og þrjú meint móstæði [3172-058, -059 & -061]. Móstæðið sem hér um ræðir er ferhyrningslaga og um 6x3,5 m að stærð. Tóftin er grasi vaxinn og dæld er í henni miðri. Vegg hæð tóftarinnar er á bilinu 0,3-0,5 m og þykkt veggja frá 0,5-0,7 m á breidd.

[3172-059] tóft – móstæði

Tóftin stendur um 60 m ofan við Glettingslæk í svokölluðum Mór. Um svæðið segir í örnefnaskrá Kjólsvíkur: „*Utan við Glettingslækinn kom svo Mýrin, og náði hún á bæjarbekkuna næst sjónum. Þar var tekinn svörður, en hann var ekki góður, mikill ruðningur ofan af, en ekki nema 5*



Mynd 203. Móstæði [3172-059], mynd tekin til vesturs.

stungur svörður. Mór var kallað þúfnastykki upp með Glettingslæk, og var heimasvörðurinn þurrkaður þar. (Örnefnaskrá Kjólsvík, bls. 7). Á þessu svæði voru skráðar fjórar mógrafir [3172-060, -62, -065, & -066] og þrjú meint móstæði [3172-058, -059 & -061]. Móstæðið sem hér um ræðið er grasi gróið og um 5,2x4,5 m að stærð. Tóftin er skeifulaga og er opin á móti suðaustri. Vegg hæð tóftarinnar er á bilinu 0,2-0,5 m og þykkt veggja á bilinu 0,4-1 m á breidd.

[3172-060] niðurgröftur – mógrafir

Mógrafirnar liggja á norðurbakka Glettingslækjar spölkorn neðan við sameiningu hans og Víðidalslækjar. Um svæðið segir í örnefnaskrá Kjólsvíkur: „*Utan við Glettingslækinn kom svo Mýrin, og náði hún á bæjarbekkuna næst sjónum. Þar var tekinn svörður, en hann var ekki*



Mynd 204. Mógrafir [3172-060], mynd tekin til suðurs.

góður, mikill ruðningur ofan af, en ekki nema 5 stungur svörður. Mór var kallað þúfnastykki upp með Glettingslæk, og var heimasvörðurinn þurrkaður þar. (Örnefnaskrá Kjólsvík, bls. 7). Á þessu svæði voru skráðar fjórar mógrafir [3172-060, -62, -065, & -066] og þrjú meint móstæði [3172-058, -059 & -061]. Mógrafirnar eru grasi grónar og liggja á um 70x20 m löngu svæði eftir lækjarbakkanum. Grafirnar eru á bilinu 0,2-0,8 m djúpar og eru útlínur þeirra að hluta til illgreinanlegar.

[3172-061] tóft – móstæði

Tóftin stendur á suðurbakka Glettingslækjar beint á móti mógröfum [3172-060]. Um svæðið segir í örnefnaskrá Kjólsvíkur: „*Utan við Glettingslækinn kom svo Mýrin, og náði hún á bæjarbekkuna næst sjónum. Þar var tekinn svörður, en hann var ekki góður, mikill ruðningur ofan af, en ekki nema 5 stungur*



Mynd 205. Móstæði [3172-061], mynd tekin til suðvesturs.

svörður. Mór var kallað þúfnastykki upp með Glettingslæk, og var heimasvörðurinn þurrkaður þar. (Örnefnaskrá Kjólsvík, bls. 7). Á þessu svæði voru skráðar fjórar mógrafir [3172-060, -62, -065, & -066] og þrjú meint móstæði [3172-058, -059 & -061]. Tóftin sem hér um ræðir er 5x3,5 m að stærð og ferhyrningslaga, sjá má móta fyrir innra rými en engum inngang í tóftina. Tóftin er grasi gróin og eru veggir hennar um 0,3-0,5 m háir og þykkt þeirra á bilinu 0,5-1 m á breidd.

[3172-062] niðurgröftur – mógrafir

Mógrafirnar eru staðsettar í svokallaðri Mýri um 20 m ofan við sjávarbakkann. Um svæðið segir í örnefnaskrá Kjólsvíkur: „*Utan við Glettingslækinn kom svo Mýrin, og náði hún á bæjarbekkuna næst sjónum. Þar var tekinn svörður, en hann var ekki góður, mikill ruðningur*



Mynd 206. Mógrafir [3172-062], mynd tekin til suðurs.

ofan af, en ekki nema 5 stungur svörður. Mór var kallað þúfnastykki upp með Glettingslæk, og var heimasvörðurinn þurrkaður þar. (Örnefnaskrá Kjólsvík, bls. 7). Á þessu svæði voru skráðar fjórar mógrafir [3172-060, -62, -065, & -066] og þrjú meint móstæði [3172-058, -059 & -061]. Mógrafirnar liggja á um 17x12 m stóru svæði og eru grafnar inn í lága brekku sem stendur þarna ofan við sjávarbakkann. Dýpt grafanna er á bilinu 0,3-1 m.

[3172-063] tóft – óþekkt

Tóftin er staðsett stutt norðan við Glettingslæk þar sem hann rennur til sjávar á lágum hól sem stendur litlu hærra en mýrin í kring. Tóftin er nokkuð óregluleg, 7x4 m að stærð og er opin til austurs. Úr suður hlið tóftarinnar gengur um 1 m langt veggjabrot. Tóftin er illgreinileg, grasi gróin og um 2,5 m vestan við hana er dæld [3172-064]. Veggir tóftarinnar eru á bilinu 0,2-0,5 m á hæð og um 0,4-0,8 m á breidd. Hlutverk minjanna er ekki ljóst en mögulega gæti verið um móstæði að ræða, töluverð mótaka hefur verið í mýrinni í kring.



Mynd 207. Tóft [3172-063], mynd tekin til vesturs.

[3172-064] dæld – óþekkt

Dældin er staðsett á lágu hól sem stendur upp úr mýrinni, stutt norðan við Glettingslæk þar sem hann rennur til sjávar. Dældin stendur um 2,5 m vestan við tóft [3172-064]. Um er að ræða grunna dæld gróna lyngi og mosa sem skilur sig greinilega frá graslendinu í kring. Dældin er aflöng með leguna suðaustur-norðvestur og er um 3x2 m á stærð. Hlutverk minjanna er ekki ljóst en mögulega gæti verið um móstæði að ræða, töluverð mótaka hefur verið í mýrinni í kring.



Mynd 208. Dæld [3172-064], mynd tekin til vesturs.

[3172-065] niðurgröftur – mógrafir

Mógrafirnar eru staðsettar í svokallaðri Mýri um 32 m ofan við sjávarbakkann. Um svæðið segir í örnefnaskrá Kjólsvíkur: „*Utan við Glettingslækinn kom svo Mýrin, og náði hún á bæjarbekkuna næst sjónum. Þar var tekinn svörður, en hann var ekki góður, mikill ruðningur*



Mynd 209. Mógröf [3172-065], mynd tekin til suðurs.

ofan af, en ekki nema 5 stungur svörður. Mór var kallað þúfnastykki upp með Glettingslæk, og var heimasvörðurinn þurrkaður þar. (Örnefnaskrá Kjólsvík, bls. 7). Á þessu svæði voru skráðar fjórar mógrafir [3172-060, -62, -065, & -066] og þrjú meint móstæði [3172-058, -059 & -061]. Um er að ræða lítinn niðurgröft, um 1,2x1,6 m að stærð. Smæð niðurgröftarins gefur til kynna að um tilraunamennsku hafi verið að ræða og líklega hefur ekki þótt vænlegt til frekari nota.

[3172-066] niðurgröftur – mógrafir

Mógrafirnar eru staðsettar í svokallaðri Mýri um 70 m ofan við sjávarbakkann spölkorn innan við Bæjarbrekkuna. Um svæðið segir í örnefnaskrá Kjólsvíkur: „*Utan við Glettingslækinn kom svo Mýrin, og náði hún á bæjarbrekkuna næst sjónum. Þar var tekinn svörður, en*



Mynd 210. Mógröf [3172-066], mynd tekin til vesturs.

hann var ekki góður, mikill ruðningur ofan af, en ekki nema 5 stungur svörður. Mór var kallað þúfnastykki upp með Glettingslæk, og var heimasvörðurinn þurrkaður þar.

(Örnefnaskrá Kjólsvík, bls. 7). Á þessu svæði voru skráðar fjórar mógrafir [3172-060, -62, -065, & -066] og þrjú meint móstæði [3172-058, -059 & -061]. Grafirnar eru óreglulegar og liggja á um 21x17m stóru svæði. Grafirnar liggja í aflíðandi halla og eru á bilinu 0,3-0,8 m djúpar.

[3172-067] hleðsla – rétt

Réttin er staðsett í grónum skriðum ofan við Bæjarbrekkuna neðst í hlið Glettings. Hennar er getið í örnefnaskrá Kjólsvíkur og þar segir: „*Inn á brekkunni var réttin, hlaðin úr torfi og grjóti.*“ (Örnefnaskrá Kjólsvík, bls. 7). Réttin virðist vera grafin að hluta til inn í hliðina og afmarkar um 10x4,5 m stórt svæði.



Mynd 211. Rétt [3172-087], mynd tekin til norðurs.

Gegnt er inn í réttina á suðvestur horni hennar. Nokkuð heilleg grjóthleðsla markar austur hlið réttarinnar og er vegg hæð á bilinu 0,4-1,3 m og breidd veggja á bilinu 1-2 m. Vesturhlið réttarinnar afmarkast af lítilli skriðu en ekki er ljóst hvort réttin hafi verið uppistandandi þegar skriðan féll. Minjanna er getið í Svæðisskráningu FSÍ og hefur þar fengið númerið NM-227:020.

[3172-068] hleðsla – völvuleiði

Völvuleiði stendur í svokölluðum Leyningi á sjávarbakkanum ofan við Lækjar- og Völvubás. Er minjanna getið í örnefnaskrá Kjólsvíkur og þar segir: „Á milli básanna var þúfa í túninu, er Völvuleiði hét, og sagt var, að þegar það hrapið í sjóinn, færi Kjólsvík í eyði.“ (Örnefnaskrá Kjólsvík, bls. 8). Stendur völvuleiðið



Mynd 212. Völvuleiði [3172-068], mynd tekin til suðurs.

ennþá á sínum stað en Kjólsvík hefur nú verið í eyði hátt í 90 ár. Völvuleiði er lítil, hringlaga og nokkuð lág þúfa um 0,5 m á hæð og 2x2 m að stærð. Minjanna er getið í Svæðisskráningu FSÍ og hefur þar fengið númerið NM-227:008.

[3172-069] tóft brunnhús

Minjarnar standa um 6 m suðvestan við bæjarstæðið í Kjólsvík, um það segir í örnefnaskrá: „Þar undir Brekkunni kom Bæjarlækurinn. Rétt innan og ofan við bæinn var byggt hús yfir hann, Brunnhúsið.“ (Örnefnaskrá Kjólsvík, bls. 8). Um er að ræða 3,5x3 m stóra tóft opna í átt að bænum, til



Mynd 213. Brunnhús [3172-069], mynd tekin til suðurs.

norðausturs. Tóftin er grasi gróinn og hlaðinn torfi og grjóti, nokkuð djúp hola er innst í henni miðri niður í lækinn. Vegg hæð tóftarinnar eru á bilinu 0,2-0,5 m og breidd veggja á bilinu 0,5-1 m. Minjanna er getið í Svæðisskráningu FSÍ og hefur þar fengið númerið NM-227:022.




Mynd 214. Bæjarstæðið í Kjólsvík [3172-070], matjurtargarður [3172-071] og fjárhús [3172-072] þar framan við. Mynd tekin til suðausturs.

Bæjarstæði Kjólsvíkur stendur í hvammi stutt ofan við sjávarbakkann undir bröttum hlíðum glettings. Hefur ekki verið búið í Kjólsvík í tæp 90 ár en byggð lagðist af 1938 (Ármann Halldórsson 1975:426). Beint upp af bænum skagar út kletturinn Kjóll sem skýlir bæjarstæðinu fyrir skriðum og snjóflóðum. Bærinn og víkin dregur nafn sitt af þessum kletti og þýðir orðið í fornu máli skip. Til eru ítarleg lýsing og skyssa af skipulagi bæjarhúsanna í örnefnaskrá Kjólsvíkur, er bæjarhúsunum þar list á þessa leið:

„Kjólsvíkurbærinn stóð í miðju túni undir Kjólnum, sem varði hann bæði fyrir snjóflóðum og grjótkasti úr Glettingnum“ ... „Innst, næst Brekkunni, baðstofan, svo bæjargöng, og úr þeim var gengið í baðstofu miðja, í eldhús. En baðstofan var þiljuð í þrennt, suðurhús, eldhús og norðurhús, og voru 2ja rúðna gluggar á eldhúsi og norðurhúsi en 6 rúðna gluggi á stafni. Göngin lágu áfram í hlóðareldhús og úr því í búr og fjós. Búið var með skarsúd eins og baðstofan, þiljað með annarri hlið, yfir borðum. Þar var mjólk geymd. Annað var óþiljað, með röð af tunnum fyrir slátur og annan súrmat, kjöt og sýru. Inn úr göngunum var líka gamla baðstofan. Þar var lítill ofn, 2 rúmstæði. Þar bjó Jón föðurbróðir minn, og þar sváfu líka oft gestir. Fyrir

framan húsin lá hlaðið hellulagt. Var það oft notað fyrir fjárrétt í fyrstu göngum.“ Lýsingin heldur svo áfram síðar og hefst á skemmunni næst bæjargöngunum: „Í skemmunni voru tunnur með korni, geymdar líka gulrófur í stórri stíu, en niðri var hefilbekkur föður míns. Þar var líka uppi geymdur viður í báta, skíði o.fl. Flest ílát voru smíðuð heima úr rekaviði. Skemman var eina húsið, sem var með þil alla leið að jörð. Líka var þilið notað til að þurrka hross- og nautshúðir, er voru negldar þar á. Svo kom hlaðan, topphlaða, gluggalaus, tók 30 hesta af töðu, helming af túninu; hitt varð að setja í „hey“ undir torf. Þar næst hesthús fyrir tvo hesta, síðan lambhús og í röðinni síðast var óyfirbyggð tóft, sem var notuð til að saga í rekatimbur. Voru þá tvö tré lögð þvers yfir tóftina, síðan tré það, er átti að saga, langs á þau og flekar með hliðum þess. Með stórviðarsög söguðu tveir menn, stóð annar klovvega yfir tréð uppi, en hinn var niðri á jörðinni. Og þannig voru stór tré gerð að borðum.“ (Örnefnaskrá Kjólsvík, bls. 7-12).

Bæjartóftirnar eru nokkuð heillegar og má að mestu leiti greina húsaskipan á staðnum út frá lýsingu örnefnaskrá hér að framan (sjá kort x). Bærinn hefur verið reistur úr torfi, grjóti og timbri og ennþá má sjá leifar timburverks í tóftunum. Vegghæð tóftanna er á bilinu 0,5-1,5 m og breidd veggja um 1-2,5 m. Greina má ellefu rými inn í tóftinni en sum þeirra eru nokkuð saman fallin. Sex rými eru greinanleg á fremri hluta tóftanna, nær sjávarbakkanum. Miðað við skyssu af bæjarhúsunum í örnefnaskrá voru þar sjö hús og líklega hefur lambhúsið og hestuhúsið fallið saman. Matjurtagarðurinn [3172-071] stendur beint framan við bæjarhúsin, fjárhús [3172-072], hjallur [3172-073] og smiðja [3172-074] standa í röð frá bæjarhúsunum niður að sjávarbakkanum. Minjanna er getið í Svæðisskráningu FSÍ og hefur þar fengið númerið NM-227:001.



Kort 6. Uppmæling á bæjarstæði Kjólsvíkur, húsaskipan merkt inn eftir lýsingu örnefnaskrá Kjólsvíkur.

[3172-071] jarðræktarsvæði – matjurtagarður

Matjurtagarðurinn er staðsettur framan við hlaðið og liggur í aflíðandi halla. Matjurtagarðurinn afmarkast af garðlagi um 0,3-0,6 m á hæð og 0,8-1,2 m á breidd og er stærð garðsins 27x16 m að innanmáli. Sjá má greinileg för eftir beðin í garðinum sem liggja samhliða frá norðvestri-



Mynd 215. Drónamynd af matjurtagarði [3172-071], mynd tekin til norðvestur.

suðausturs. Um matjurtagarðinn segir í örnefnaskrá: „Framan við hlaðið var góður kálgarður með 18 beðum, en þar voru ræktaðar gulrófur og rabarbari. Úr þessum garði fengust eitt sumar 18 tonn af gulrófum. Garðurinn var með rimlagirðingu að bænum, en veggir hlaðnir úr torfi og grjóti á þrjá vegu.“ (Örnefnaskrá Kjólsvík, bls. 11). Ekki sáust nein merki um rimlagirðingu á hlið garðsins sem snýr að bænum heldur er þar hlaðinn garður. Gegnt er inn í garðinn frá hlaðinu og er inngangurinn beint á móti innganginum í baðstofuna en aðeins 3 m

er á milli bæjarhúsanna og matjurtagarðsins. Minjanna er getið í Svæðisskráningu FSÍ og hefur þar fengið númerið NM-227:027.

[3172-072] tóft - fjárhús

Fjárhúsin standa um 6 m norðaustan við matjurtagarðinn framan við bæjarstæðið. Um er að ræða tvö samhliða fjárhús með leguna suðaustur-norðvestur með inngang mót suðaustri. Fjárhúsin tvö eru tvískipt, gegnt er í 6x3 m stórt rými og inn af því er 4x1 m stórt rými.



Mynd 216. Drónamynd af fjárhústóftum [3172-072], mynd tekin til suðurs.

Vegghæð tóftanna er á bilinu 0,5-1,5

m og breidd veggja um 1-2 m. Líklega hefur verið hlaða inn af fjárhúsunum fremst. Við suðurhorn fjárhúsanna er lítill hrútakofi, um 2x1,5 m að innanmáli, sambyggður fjárhúsunum. Við norðurhorn húsanna er annað rými sem líklega er hlaða, rýmið er um 4x2 m að innanmáli og liggur nokkuð þvert á restina af húsunum. Um húsin segir í örnefnaskrá: „Fyrir utan og neðan garðin stóðu tvö fjárhús og lítill kofi, hrútakofinn“ (Örnefnaskrá Kjólsvík, bls. 11). Minjanna er getið í Svæðisskráningu FSÍ og hefur þar fengið númerið NM-227:028.

[3172-073] tóft – hjallur

Hjallurinn er staðsettur um 2 m ofan við fjárhústóftirnar, nokkra metra norðaustan við bæjarhúsin. Tóftin er nokkuð illgreinanleg og fer lítið fyrir henni miðað við fjárhústóftirnar og bæjarhúsin. Um er að ræða grasi gróna, skeifulaga tóft sem opin er til suðausturs. Tóftin er 5x5,5 m að stærð, veggir hennar eru á bilinu 0,2-



Mynd 217. Hjallur [3172-073], mynd tekin til suðurs.

0,5 m á hæð og 0,8-1,2 m á breidd. Minjanna er getið í örnefnaskrá Kjólsvíkur, þar segir: „út af hlaðinu var hjallurinn, veggir úr torfi og grjóti en þil niður að bitum á stöfnum en opið að neðan og var þvottur þurrkaður niðri en þorskhausar og annað harðmeti geymt uppi.“

(Örnefnaskrá Kjólsvík, bls. 11).

Minjanna er getið í Svæðisskráningu FSÍ og hefur þar fengið númerið NM-227:031.

[3172-074] brunnur – Gvendarbrunnur

Um 10 m neðan við fjárhúsin er hlaðinn brunnur. Hleðslan umhverfis brunninn er 1-2 steinar á hæð og er brunnurinn um 1,8-1,2 m að stærð.



Mynd 218. Gvendarbrunnur [3172-074], mynd tekin til vesturs.

Brunnsins er getið í örnefnaskrá Kjólsvíkur, þar segir: „Fyrir neðan fjárhúsin, í lítilli lægð, var uppsprettulind, hlaðin innan með grjóti, og hét hún Gvendarbrunnur. Mjög gott vatn en staðurinn slæmur vegna óhreininda frá fjárhúsum.“ (Örnefnaskrá Kjólsvík, bls. 11).

Minjanna er getið í Svæðisskráningu FSÍ og hefur þar fengið númerið NM-227:032.

[3172-075] tóft – smiðja

Á sjávarbakkanum nokkuð beint neðan við fjárhúsin stendur smiðjan. Töluvert landbrot er við sjávarbakkan í kjólsvík og er hluti smiðjunnar horfin vegna þess. Tóftin er grasi gróinn, skeifulaga og um 3x4 m að stærð og opin til austurs. Veggir smiðjunnar standa um 0,3-0,8 m háir og eru 0,8-1 m á breidd. Smiðjunnar er getið í örnefnaskrá Kjólsvíkur, þar segir: „Á



Mynd 219. Drónamynd af smiðju [3172-075] fyrir miðri mynd, mynd tekin til vesturs.

sjávarbakkanum var svo smiðjan, lítill kofi með útbúnaði til járnsmiða. Þar voru smíðaðar skeifur, bakkaðir ljáir o.m.fl“ (Örnefnaskrá Kjólsvík, bls. 11). Minjanna er getið í Svæðisskráningu FSÍ og hefur þar fengið númerið NM-227:033.

[3172-076] tóft – hjallur

Minjarnar eru grasi grónar og staðsettar nyrst í túninu í Kjólsvík, við svokallaðan Jaðar. Hjallurinn er 8,5x6 m að stærð með inngang til austurs. Vegghæð tóftarinnar er á bilinu 0,3-0,6 m og er breidd veggja á bilinu 0,8-1,2 m. Hjallsins er getið í örnefnaskrá Kjólsvíkar, þar segir: „Yzt í túni var



Mynd 220. Hjallur [3172-076], mynd tekin til vesturs.

svo djúp hlaðin tóft, hjallatóft. Þar voru geymdar tunnur með saltfiski, sem fluttur var upp á tún á haustin, því oft komu vondir skaflar í bakkana í fjöruna, þar sem fiskikofinn var.“ (Örnefnaskrá Kjólsvík, bls. 11-12). Minjanna er getið í Svæðisskráningu FSÍ og hefur þar fengið númerið NM-227:034.

[3172-077] garðlag – varnargarður

Grjótgarður liggur efst í túninu frá Kjólnum í norður að Jaðar á um 90 m löngum kafla. Vegghæð garðsins er á bilinu 0,5-1 m og veggþykkt á bilinu 1,5-3 m. Grjótgarðsins er getið í örnefnaskrá Kjólsvíkur, þar segir: „Fyrir innan bæinn lá túnið frá Vörðunni að Kjólnum, en utan við



Mynd 221. Drónamynd af varnargarði [3172-077], mynd tekin til norðurs.

Kjólinn, undir jarðrinum, var gamall grjótgarður til varnar grjótkasti úr Glettingnum.“ (Örnefnaskrá Kjólsvík, bls. 9). Svæðið ofan við varnargarðinn er nokkuð grýtt og hrynur trúlega reglulega grjót úr hlíðum Glettings niður á túnið.

[3172-078] heimild – hesthús

Á milli Kjólsvíkurar og Glettingslækjar, næst sjávarbakkanum er örnefnið Stekkur. Í örnefnaskrá Kjólsvíkur segir: „Hlaupið allt er grasi vaxið, og á því er túnstæði gott, er Stekkur heitir. Þar var hesthús fyrir 2 hesta, og var borið á blettinn kringum hesthúsið og hann alltaf sleginn. En hann nýttist illa vegna ágangs búfjár, því ekki sást þangað frá

bænum.“ (Örnefnaskrá Kjólsvík, bls. 7). Ekki fundust nein ummerki minjanna á vettvangi. Minjanna er getið í Svæðisskráningu FSÍ og hefur þar fengið númerið NM-227:018.

[3172-079] heimild – þvottastaður

Í Bæjarlæknum á Kjólsvík, stutt neðan við Brunnhúsið [3172-069] var þvottastaður. Í örnefnaskrá Kjólsvíkur segir: „*Rétt innan og ofan við bæinn var byggt hús yfir hann, Brunnhúsið. Litlu neðar var stór hella sett á lækjarbakkann, og smástífla í lækinn, þar var skolaður þvottur o.fl.*“ (Örnefnaskrá Kjólsvík, bls. 8-9). Ekki sáust skýr ummerki um minjarnar á vettvangi. Minjanna er getið í Svæðisskráningu FSÍ og hefur þar fengið númerið NM-227:023.

[3172-080] heimild – lending – Kerið

Í örnefnaskrá Kjólsvíkur er getið um þrjár lendingar í víkinni neðan við bæinn. Ein þeirra, Kerið, er staðsett beint framan við bæinn. Um hana segir: „*Þrjár lendingar voru í Kjólsvík. Kerið við Bjarndýrsklöpp niður af bænum; þar fram af er sker, er baka hét. Þar risu brotsjóir miklir í hafbrimum. Nokkuð háar klappir ganga út með landinu, sem brimið brotna á, og utan við Kerið gengur klettaskora í gegnum þær, er Gusa heitir.*“ ... „*Þessar lendingar í Kjólsvík voru ekki árennilegar, er brima tók, en lengi mátti lenda fyrir kunnuga. Var þá Kerið fyrir norðlægar áttir en Höfnin fyrir suðlægar. Aldrei minnst ég þess, að faðir minn sneri frá lendingu, enda uppalinn við þessar aðstæður.*“ (Örnefnaskrá Kjólsvíkur, bls. 9-10). Minjanna er getið í Svæðisskráningu FSÍ og hefur þar fengið númerið NM-227:002.

[3172-081] heimild – lending – Höfnin

Í örnefnaskrá Kjólsvíkur er getið um þrjár lendingar í víkinni neðan við bæinn. Ein þeirra, Höfnin, er staðsett neðan við svokallaðan Jaðar utan við túnið. Um hana segir: „*Utan við þessar klappir ganga löng lág sker út að Höfninni. Utan við Ytrijaðar lá Höfnin, og var þar lent í suðlægum áttum. Þessar lendingar í Kjólsvík voru ekki árennilegar, er brima tók, en lengi mátti lenda fyrir kunnuga. Var þá Kerið fyrir norðlægar áttir en Höfnin fyrir suðlægar. Aldrei minnst ég þess, að faðir minn sneri frá lendingu, enda uppalinn við þessar aðstæður.*“ (Örnefnaskrá Kjólsvíkur, bls. 9-10). Minjanna er getið í Svæðisskráningu FSÍ og hefur þar fengið númerið NM-227:003.

[3172-082] heimild – lending - Björnsvogur

Í örnefnaskrá Kjólsvíkur er getið um þrjár lendingar í víkinni neðan við bæinn. Ein þeirra, Höfnin, er staðsett neðan við svokallaðan Jaðar utan við túnið. Um hana segir: „*Pó er sund í gegnum þau inn á klettavog, er Björnsvogur heitir, kallaður Bjössvogur í daglegu tali. ... En í Björnsvog var ekki hægt að setja bátinn upp, og varð því að fara með hann annað hvort í Kerið eða út í Höfnina til setningar, en þar voru ruddar varir.*“ (Örnefnaskrá Kjólsvíkur, bls. 9-10).

[3172-083] heimild – fiskhús – Kofinn

Í örnefnaskrá Kjólsvíkur er getið um kofa sem stóð á klöppunum við Björnsvog sem kallaður var Kofinn. Um hann segir: „*Slétt klöpp var efst í fjörunni, upp undir Jarðrinum. Á henni var fiskhúsið okkar, alltaf kallað Kofinn, hlaðinn úr grjóti, timbur og torf á þaki. Kofinn stóð upp af Björnsvognum, en þar var fiskurinn alltaf lagður upp, þegar hægt var, gert að honum á klöppunum, síðan borinn upp í Kofann til söltunar.*“ (Örnefnaskrá Kjólsvíkur, bls 9.). Ekki sáust nein ummerki um minjarnar á vettvangi. Minjanna er getið í Svæðisskráningu FSÍ og hefur þar fengið númerið NM-227:025.

[3172-084] heimild – eyktarmark – Hádegisvarða

Í örnefnaskrá Kjólsvíkur er getið um vörðu á sjávarbakkanum neðan við bæinn, um hana segir: „*Á bakkanum fram af bænum var lítil varða, Hádegisvarða. Hún var miðuð við merki í dyrastaf í bæjargöngum, þegar sól var í hádegisstað.*“ (Örnefnaskrá Kjólsvíkur, bls. 12). Ekki sáust nein ummerki um vörðuna á vettvangi og trúlega er hún hruninn í sæ. Minjanna er getið í Svæðisskráningu FSÍ og hefur þar fengið númerið NM-227:006.

[3172-237] jarðræktarsvæði – túnslétta

Minjarnar eru staðsettar á Leyningi stutt sunnan við bæjarstæði Kjólsvíkur, ofan við Völvu- og Lækjarbás. Um er að ræða fjóra lága garða um 0,2-0,3 m á hæð og 0,3-0,6 m á breidd sem liggja með stefnuna norðvestur-suðaustur frá brekkunni að



Mynd 222. Túnslétta [3172-237], mynd tekin úr dróna til austurs.

sjávarbakkanum. Á milli garðanna liggja sléttir fletir en þýfi utan þeirra. Túnsléttan liggur á um 40x30 m stóru svæði.

[3172-244] heimild – torfvörður

Í örnefnaskrá Kjólsvíkur segir: „*Sunnan Kjólsvíkurvarps er löng grasgefin laut, er Kjólsvíkurgonta hét, og átti Kjólsvík slægjuland í efri hluta hennar, og voru þar 2 torfvörður, er sýndu, hvað mátti fara langt niður.*“ (Örnefnaskrá Kjólsvíkur, bls. 4). Ekki sáust nein merki um minjarnar á vettvangi. Minjanna er getið í Svæðisskráningu FSÍ og hefur þar fengið númerið NM-227:013.

[3172-245] heimild – leið – Rák

Í örnefnaskrá Kjólsvíkur segir: „*Utan við Stóratind liggur Rák, sem er vel fær fé og mönnum, sem þola að vera hátt uppi. Þar er farið suður Grenmósflug á Svínavík í Breiðuvík.*“ (Örnefnaskrá Kjólsvíkur, bls. 2). Minjanna er getið í Svæðisskráningu FSÍ og hefur þar fengið númerið NM-227:009.

[3172-246] heimild – leið – Breiða

Í örnefnaskrá Kjólsvíkur segir: „*Nú lækka Bungurnar, og er slétt og gott engi, er Breiða heitir, við norðurhluta þeirra. Þar liggur vegurinn upp á Bungur til Kjólsvíkurvarps og áfram til Breiðavíkur.*“ (Örnefnaskrá Kjólsvíkur, bls. 4).

[3172-247] heimild – leið – Kerlingaskarð

Í örnefnaskrá Kjólsvíkur segir: „*Frá Varpinu höldum við inn Kerlingarfjall. Norðan í því er klettur mikill, sem Kerling heitir. Svo kemur Kerlingarskarð, og um það lá líka vegur til Breiðuvíkur.*“ (Örnefnaskrá Kjólsvíkur, bls. 4).

[3172-248] heimild – leið – Kjólsvíkurskarð

Í örnefnaskrá Kjólsvíkur segir: „*Frá Kerlingarskarði fyrir enda Svarðarmelsins eru Háumelar, Kjólsvíkurmelar, Kjólsvíkurskarð, en um það liggur vegurinn til Borgarfjarðar um Rauðamel, Forir, á Þrándarhrygg. En þar koma saman vegir frá Breiðuvík, um Gagnheiði.*“ (Örnefnaskrá Kjólsvíkur, bls. 5).

[3172-249] heimild – leið – Súluskarð

Í örnefnaskrá Kjólsvíkur segir: „*Út Kjólsvíkurmela höldum við að Súlutindi, sérkennilegu líparítfjalli, svo kemur Súluskarð, en um það liggur vegur utan í Súlutindi til Brúnavíkur fyrir botni Hvalvíkur.*“ (Örnefnaskrá Kjólsvíkur, bls. 5).

[3172-250] heimild – leið – Víðidalsskarð

Í örnefnskrá Kjólsvíkur segir: „Þá höldum við aftur upp grasgefinn brattan jaðar, er Innstigryggur heitir, og til Víðidalsskarðs, er liggur til Hvalvíkur.“ (Örnefnaskrá Kjólsvíkur, bls. 6).

[3172-251] heimild – leið

Í örnefnskrá Kjólsvíkur segir: „Upp af bænum, upp undir brún, eru grastorfur, er Háutorfur heita. En í átt að Glettingsdalnum eru Efri- og Neðrifláar, á Ytrahorn, en um það lágu götur upp með Glettingslæk upp á fláana.“ (Örnefnaskrá Kjólsvíkur, bls. 6-7).

[3172-252] heimild – leið

Í örnefnskrá Kjólsvíkur segir: „Áfram út á Glettingsnes lá leiðin um fjörur að stórgrýttri urð, þar, lá leiðin gegnum gat, er þar hafði myndast, alltaf nefnt Gatið; að þessari urð lokinni kom Forvaðinn, malarfjara undir ófærum klettum. Þar varð alófært í miklum brimum. En oft var þó teflt tæpt þar með því að hlaupa á milli ólaga yfir í Hvalbás, bratta og grýtta malarfjöru“ ... “Utan Hvalbás koma klappir. Inn í þær gengur þröngur vogur, hefur víst heitið Naumaskot en aldrei kallaðaur annan en Skotið. Fyrir það lá gata í bröttum skriðum, og voru þar oft Svellbólstrar, og þurfti góða brodda til að fara þar um í frosti. (Örnefnaskrá Kjólsvíkur, bls. 10).

Viðauki I. Tafla yfir skráðar minjar

Númer	Jörð	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur	Hætta	Hnit ISNET
3172-001	Breiðuvík		tóft	búðir	870-1900	engin hætta	A748955 N562597
3172-002	Breiðuvík		tóft	búðir	870-1900	engin hætta	A748931 N562585
3172-003	Breiðuvík		tóft	búðir	870-1900	engin hætta	A748939 N562570
3172-004	Breiðuvík		garðlag	óþekkt	870-1900	engin hætta	A748881 N562553
3172-005	Breiðuvík	Skálagróf	tóft	búðir	870-1900	engin hætta	A748691 N562670
3172-006	Breiðuvík	Skipavogur	örnefni	lending	870-1900	engin hætta	A748709 N562585
3172-007	Breiðuvík	Kapalskarð	örnefni	leið	870-1900	engin hætta	A748302 N563369
3172-008	Breiðuvík		garðlag	óþekkt	1800-1945	engin hætta	A747957 N562411
3172-009	Breiðuvík		tóft	hjallur	1800-1945	engin hætta	A747958 N562416
3172-010	Breiðuvík		hleðsla	stekkur	1800-1945	engin hætta	A747846 N562450
3172-011	Breiðuvík		tóft	bæjarstæði	1860-1870	hætta	A747829 N562433
3172-012	Breiðuvík		tóft	naust	1550-1900	engin hætta	A747626 N562371
3172-013	Breiðuvík		tóft	fjárhús	1922-1938	engin hætta	A747596 N562367
3172-014	Breiðuvík		hleðsla	rétt	1800-1945	engin hætta	A747504 N562333
3172-015	Litlavík		hóll	bæjarstæði	870-1700	engin hætta	A746371 N561725
3172-016	Litlavík		garðlag	túngarður	870-1700	engin hætta	A746360 N561716
3172-017	Litlavík		garðlag	túngarður	870-1700	engin hætta	A746364 N561730
3172-018	Litlavík		hóll	útihús	870-1700	engin hætta	A746383 N561678
3172-019	Litlavík		þúst	óþekkt	870-1900	engin hætta	A746453 N561599
3172-020	Litlavík		tóft	móstæði	1550-1945	engin hætta	A746543 N561781
3172-021	Litlavík		tóft	móstæði	1550-1945	engin hætta	A746541 N561774
3172-022	Litlavík		tóft	móstæði	1550-1945	engin hætta	A746534 N561766

3172-023	Litlavík		niðurgröftur	mógrafir	1550-1945	engin hætta	A746521 N561778
3172-024	Breiðuvík		niðurgröftur	mógrafir	1600-1945	engin hætta	A748322.7 N565075.1
3172-025	Breiðuvík		niðurgröftur	mógrafir	1600-1900	engin hætta	A748662.9 N565132.4
3172-026	Breiðuvík		niðurgröftur	mógrafir	1600-1900	engin hætta	A748911.1 N565516
3172-027	Breiðuvík		niðurgröftur	mógrafir	1600-1900	engin hætta	A749004.2 N565478.8
3172-028	Breiðuvík		tóft	móstæði	1600-1900	engin hætta	A749027.4 N565865.7
3172-029	Breiðuvík		tóft	móstæði	800-1900	engin hætta	A749047.4 N565617.4
3172-030	Breiðuvík		tóft	móstæði	800-1900	engin hætta	A749051.2 N565756.5
3172-031	Breiðuvík		tóft	móstæði	1600-1900	engin hætta	A748930.6 N565457.6
3172-032	Breiðuvík		tóft	móstæði	1600-1900	engin hætta	A747193.6 N562249.9
3172-033	Breiðuvík		tóft	móstæði	1600-1900	engin hætta	A746063.8 N560444.3
3172-034	Breiðuvík		tóft	móstæði	1600-1900	engin hætta	A745486.8 N561022.3
3172-035	Kjólsvík		garðlag	óþekkt	1800-1600	hætta	A746908.2 N562174.6
3172-036	Kjólsvík		varða	óþekkt	1600-1940	engin hætta	A747048.4 N561076.7
3172-037	Litlavík		tóft	fjárborg	1600-1940	engin hætta	A748746.1 N565289.6
3172-038	Breiðuvík		niðurgröftur	mógrafir	1600-1900	engin hætta	A747043 N561054.4
3172-039	Breiðuvík		tóft	móstæði	1600-1900	engin hætta	A748873.6 N565474.6
3172-040	Breiðuvík		tóft	móstæði	1800-1940	engin hætta	A746249.8 N562793.3
3172-041	Breiðuvík		niðurgröftur	mógrafir	1800-1940	engin hætta	A745876.8 N562242.4
3172-042	Breiðuvík		niðurgröftur	mógrafir	1800-1940	engin hætta	A747023.7 N561732
3172-043	Breiðuvík		hleðsla	rétt	1800-1940	engin hætta	A746566.9 N562790.1
3172-044	Breiðuvík		tóft	heystæði	1800-1900	engin hætta	A747846 N564699.9
3172-045	Breiðuvík		tóft	heystæði	1800-1900	engin hætta	A745891.1 N562158
3172-046	Breiðuvík		tóft	heystæði	1800-1900	engin hætta	A746334.8 N563098.9

3172-047	Kjólsvík		varða	óþekkt	800-1900	engin hætta	A747004.5 N561220.1
3172-048	Kjólsvík		tóft	móstæði	1800-1900	engin hætta	A746686.9 N561227.9
3172-049	Kjólsvík		niðurgröftur	mógrafir	1800-1900	engin hætta	A746627.8 N561346.6
3172-050	Kjólsvík		tóft	móstæði	1800-1900	engin hætta	A747223.3 N562232.8
3172-051	Kjólsvík		tóft	móstæði	1800-1900	engin hætta	A748908.9 N565521.6
3172-052	Kjólsvík		tóft	móstæði	1800-1900	engin hætta	A746639.7 N562852.1
3172-053	Kjólsvík		tóft	móstæði	800-1900	engin hætta	A746540.6 N562730.4
3172-054	Kjólsvík		niðurgröftur	mógrafir	1800-1900	engin hætta	A746980.4 N562162.2
3172-055	Kjólsvík		tóft	móstæði	1800-1900	engin hætta	A747250.8 N562193.6
3172-056	Kjólsvík		tóft	móstæði	1800-1900	engin hætta	A745632.8 N562551.6
3172-057	Kjólsvík		tóft	heystæði	1800-1900	engin hætta	A746957.3 N562301.6
3172-058	Kjólsvík		tóft	móstæði	1800-1900	engin hætta	A748970.5 N565525.2
3172-059	Kjólsvík		tóft	móstæði	1800-1930	engin hætta	A748752 N565270.2
3172-060	Kjólsvík		niðurgröftur	mógrafir	1800-1900	engin hætta	A748994.7 N565533.2
3172-061	Kjólsvík		tóft	móstæði	1800-1900	engin hætta	A746666.1 N561228.6
3172-062	Kjólsvík		niðurgröftur	mógrafir	1800-1900	engin hætta	A747174.1 N562281.7
3172-063	Kjólsvík		tóft	óþekkt	800-1900	engin hætta	A746638.5 N561280.3
3172-064	Kjólsvík		dæld	óþekkt	800-1900	engin hætta	A746552.8 N562667.1
3172-065	Kjólsvík		niðurgröftur	mógrafir	1800-1900	engin hætta	A748757.4 N565273.4
3172-066	Kjólsvík		niðurgröftur	mógrafir	1800-1900	engin hætta	A746646 N561283.7
3172-067	Kjólsvík		hleðsla	rétt	1800-1900	hætta	A748945 N565545
3172-068	Kjólsvík	Völvuleiði	hleðsla	völvuleiði	800-1900	hætta	A746283.6 N563041.8
3172-069	Kjólsvík		tóft	brunnhús	1600-1900	engin hætta	A746580.7 N562726.1
3172-070	Kjólsvík		tóft	bæjarstæði	1600-1930	engin hætta	A747481.4 N564125.8

3172-071	Kjólsvík		jarðræktarsvæði	matjurtagarður	1800-1900	engin hætta	A746581.6 N562769
3172-072	Kjólsvík		tóft	fjárhús	1600-1900	engin hætta	A746655.8 N562786.1
3172-073	Kjólsvík		tóft	hrútakofi	1600-1900	engin hætta	A748929.4 N565516.3
3172-074	Kjólsvík		lind	brunnur	800-1900	engin hætta	A746908.3 N562252.6
3172-075	Kjólsvík		tóft	smiðja	1800-1900	hætta	A746581 N562810.5
3172-076	Kjólsvík		tóft	hjallur	1800-1900	engin hætta	A746520 N562662.3
3172-077	Kjólsvík		garðlag	varnargarður	1800-1900	engin hætta	A746773 N562661.8
3172-078	Kjólsvík	Stekkur	heimild	hesthús	1800-1900	engin hætta	A745929.7 N562269.8
3172-079	Kjólsvík		heimild	þvottastaður	1800-1900	engin hætta	A745472.3 N562593
3172-080	Kjólsvík	Kerið	heimild	lending	1800-1900	engin hætta	A747129.2 N561126.3
3172-081	Kjólsvík	Höfnin	heimild	lending	1800-1900	engin hætta	A746578.9 N562779.9
3172-082	Kjólsvík	Björnsvogur	heimild	lending	1800-1900	engin hætta	A746424.6 N562690.2
3172-083	Kjólsvík	Kofinn	heimild	fiskhús	1800-1900	engin hætta	A746135.3 N562329.3
3172-084	Kjólsvík	Hádegisvarða	heimild	eyktamark	1800-1900	engin hætta	A747168.8 N562219.7
3172-085	Breiðuvík		niðurgröftur	mógrafir	1600-1900	engin hætta	A745534.8 N562611.9
3172-086	Breiðuvík		tóft	móstæði	1600-1900	engin hætta	A747153 N561160.8
3172-087	Breiðuvík		tóft	móstæði	1600-1900	engin hætta	A746545.9 N562730.1
3172-088	Breiðuvík		niðurgröftur	mógrafir	1600-1900	engin hætta	A746608.6 N561133
3172-089	Breiðuvík		tóft	móstæði	1600-1900	engin hætta	A747132.5 N562258.3
3172-090	Breiðuvík		niðurgröftur	mógrafir	1600-1900	engin hætta	A746944.8 N562219.4
3172-091	Breiðuvík		varða	leið	800-1900	engin hætta	A747132.1 N561134.6
3172-092	Breiðuvík		niðurgröftur	mógrafir	1600-1900	engin hætta	A746991.4 N561302.6
3172-093	Breiðuvík		tóft	móstæði	1600-1900	engin hætta	A747165.5 N561251
3172-094	Breiðuvík		tóft	móstæði	1600-1900	engin hætta	A746419.2 N563115.9

3172-095	Breiðuvík		tóft	heystæði	1600-1900	engin hætta	A746619.2 N562985.2
3172-096	Breiðuvík		tóft	heystæði	1600-1900	engin hætta	A748762.4 N565314.6
3172-097	Breiðuvík		tóft	móstæði	800-1900	engin hætta	A746424.7 N562713
3172-098	Breiðuvík		tóft	móstæði	1600-1900	engin hætta	A747162.5 N561215.4
3172-099	Breiðuvík		niðurgröftur	mógrafir	1600-1900	engin hætta	A746489.1 N562698.5
3172-100	Breiðuvík		niðurgröftur	mógrafir	1600-1900	engin hætta	A747101.4 N562294.3
3172-101	Breiðuvík		niðurgröftur	mógrafir	1600-1900	engin hætta	A746932.4 N562316
3172-102	Breiðuvík		tóft	móstæði	1600-1900	engin hætta	A745937.4 N562288.1
3172-103	Breiðuvík		tóft	móstæði	1600-1900	hætta	A746182.1 N561846.8
3172-104	Breiðuvík		tóft	sel	1600-1900	hætta	A747092.3 N564688.3
3172-105	Breiðuvík		garðlag	óþekkt	800-1900	engin hætta	A746572 N561418.8
3172-106	Breiðuvík		niðurgröftur	mógrafir	1600-1900	engin hætta	A746811.5 N562373.2
3172-107	Breiðuvík		tóft	móstæði	800-1900	hætta	A746084.8 N562937.1
3172-108	Breiðuvík		tóft	móstæði	1600-1900	hætta	A747278 N562209.6
3172-109	Breiðuvík		tóft	móstæði	800-1900	engin hætta	A746990.7 N561214.2
3172-110	Breiðuvík		tóft	móstæði	1600-1900	engin hætta	A746617.2 N561371.5
3172-111	Breiðuvík		tóft	móstæði	800-1900	engin hætta	A747105.4 N564688.6
3172-112	Breiðuvík		tóft	móstæði	800-1900	engin hætta	A747532.2 N564005.9
3172-113	Breiðuvík		tóft	móstæði	800-1900	engin hætta	A747103.4 N561355.8
3172-114	Breiðuvík		tóft	móstæði	800-1900	engin hætta	A746502.7 N562709.6
3172-115	Breiðuvík		tóft	móstæði	800-1900	engin hætta	A746538.8 N562740.2
3172-116	Breiðuvík		tóft	móstæði	800-1900	engin hætta	A747084.8 N561211.6
3172-117	Breiðuvík		tóft	móstæði	800-1900	engin hætta	A745497 N562602.1
3172-118	Breiðuvík		tóft	móstæði	800-1900	engin hætta	A747419 N564271.6

3172-119	Breiðuvík		tóft	móstæði	800-1900	engin hætta	A747212.8 N562235.6
3172-120	Breiðuvík		tóft	móstæði	1600-1900	engin hætta	A746588.4 N561197.8
3172-121	Breiðuvík		niðurgröftur	mógrafir	800-1900	engin hætta	A747350.9 N564516.1
3172-122	Breiðuvík		tóft	móstæði	800-1900	engin hætta	A746921.5 N562215.7
3172-123	Breiðuvík		niðurgröftur	mógrafir	800-1900	engin hætta	A747078.4 N562195.7
3172-124	Breiðuvík		tóft	móstæði	800-1900	engin hætta	A745883.3 N562263.1
3172-125	Breiðuvík		niðurgröftur	mógrafir	800-1900	engin hætta	A747156.4 N561158.6
3172-126	Breiðuvík		niðurgröftur	mógrafir	800-1900	engin hætta	A746602.1 N562814.5
3172-127	Breiðuvík		tóft	móstæði	800-1900	engin hætta	A747126.1 N561070.8
3172-128	Breiðuvík		niðurgröftur	mógrafir	800-1900	engin hætta	A746676.7 N561226.3
3172-129	Breiðuvík		niðurgröftur	mógrafir	800-1900	engin hætta	A748731.5 N565353.7
3172-130	Breiðuvík		tóft	móstæði	800-1900	engin hætta	A748921.9 N565536.3
3172-131	Breiðuvík		tóft	bæjarstæði	800-1900	engin hætta	A746980.6 N562195.7
3172-132	Breiðuvík		garðlag	óþekkt	800-1900	engin hætta	A747050.9 N562312.7
3172-133	Breiðuvík		gata	leið	1850-1940	engin hætta	A748591.3 N565316.7
3172-134	Breiðuvík		garðlag	óþekkt	1800-1940	engin hætta	A747122.2 N562328.1
3172-135	Breiðuvík	Kompaníhús	tóft	fjárhús	1850-1940	engin hætta	A746969.4 N561346.2
3172-136	Breiðuvík		tóft	fjárhús	1800-1900	engin hætta	A746379.2 N563137.9
3172-137	Breiðuvík		garðlag	gerði	1600-1900	engin hætta	A745566.7 N562552.4
3172-138	Breiðuvík		garðlag	traðir	1600-1900	engin hætta	A746202.6 N562880.6
3172-139	Breiðuvík		niðurgröftur	áveita	800-1900	engin hætta	A747114.8 N564593.6
3172-140	Breiðuvík		garðlag	óþekkt	1600-1900	hætta	A747087.3 N562197.1
3172-141	Breiðuvík		tóft	óþekkt	1600-1900	engin hætta	A747036 N562213.4
3172-142	Breiðuvík		garðlag	matjurtagarður	1600-1900	engin hætta	A748543.7 N565265.3

3172-143	Breiðuvík		tóft	útihús	1600-1900	engin hætta	A746962.1 N562323.5
3172-144	Breiðuvík		tóft	bæjarstæði	1600-1900	engin hætta	A747351 N564560.1
3172-145	Breiðuvík		niðurgröftur	ræsi	1600-1900	engin hætta	A747128.5 N564692.5
3172-146	Breiðuvík		tóft	óþekkt	1600-1900	engin hætta	A747052.5 N561264.3
3172-147	Breiðuvík		tóft	óþekkt	1600-1900	engin hætta	A746994.7 N561218.3
3172-148	Breiðuvík		tóft	óþekkt	1600-1900	engin hætta	A747266.8 N562265.7
3172-149	Breiðuvík		garðlag	óþekkt	1600-1900	engin hætta	A745866.8 N562285
3172-150	Breiðuvík		tóft	óþekkt	1600-1900	engin hætta	A746623.1 N562742.7
3172-151	Breiðuvík		tóft	óþekkt	1600-1900	engin hætta	A746991.9 N561298.1
3172-152	Breiðuvík		tóft	óþekkt	1600-1900	engin hætta	A746514.5 N562703.3
3172-153	Breiðuvík		tóft	óþekkt	1600-1900	engin hætta	A747248.5 N562246
3172-154	Breiðuvík		garðlag	óþekkt	1600-1900	engin hætta	A746326.8 N563001.7
3172-155	Breiðuvík		garðlag	óþekkt	1600-1900	engin hætta	A748615.2 N565238.4
3172-156	Breiðuvík		tóft	óþekkt	1600-1900	engin hætta	A747128.4 N561817.7
3172-157	Breiðuvík		tóft	óþekkt	800-1900	engin hætta	A747549.1 N563917.6
3172-158	Breiðuvík		tóft	óþekkt	800-1900	engin hætta	A746622.3 N561348
3172-159	Breiðuvík		hleðsla	hjallur	1600-1900	engin hætta	A746261.4 N562718.6
3172-160	Breiðuvík		tóft	óþekkt	1600-1900	engin hætta	A747293.4 N560880.2
3172-161	Breiðuvík		garðlag	óþekkt	1600-1900	engin hætta	A745412.5 N562872.8
3172-162	Breiðuvík		tóft	óþekkt	1600-1900	engin hætta	A747013.2 N562214.7
3172-163	Breiðuvík		tóft	óþekkt	1800-1900	engin hætta	A746470 N562696.4
3172-164	Breiðuvík		tóft	óþekkt	1600-1900	engin hætta	A746141.6 N562667.4
3172-165	Breiðuvík		tóft	óþekkt	1600-1900	engin hætta	A747171.5 N561209.4
3172-166	Breiðuvík		tóft	óþekkt	1600-1900	engin hætta	A747194 N561026.9

3172-167	Breiðuvík		tóft	fjárhús	1800-1900	engin hætta	A746248.3 N561460.7
3172-168	Breiðuvík		tóft	óþekkt	1600-1900	engin hætta	A746403.4 N563137.4
3172-169	Breiðuvík		tóft	óþekkt	1600-1900	engin hætta	A747044.9 N560886.4
3172-170	Breiðuvík		tóft	fjárhús	1800-1900	engin hætta	A747151.4 N561245.9
3172-171	Breiðuvík		tóft	óþekkt	1600-1900	engin hætta	A746827.7 N562359.3
3172-172	Breiðuvík		garðlag	óþekkt	1600-1900	engin hætta	A747291.4 N562222.1
3172-173	Breiðuvík		dæld	óþekkt	1600-1900	engin hætta	A747140.2 N561124.2
3172-174	Litlavík		tóft	stekkur	1600-1900	engin hætta	A745909.7 N562595.5
3172-175	Litlavík		tóft	heystæði	800-1900	engin hætta	A747169.4 N561256.4
3172-176	Litlavík		tóft	heystæði	1600-1900	engin hætta	A748747.5 N565294.2
3172-177	Litlavík		garðlag	óþekkt	1600-1900	engin hætta	A746898.1 N562329
3172-178	Litlavík		tóft	óþekkt	1600-1900	engin hætta	A747177.3 N561218.7
3172-179	Litlavík		tóft	óþekkt	1600-1900	engin hætta	A747153.7 N562332.3
3172-180	Litlavík		tóft	móstæði	1600-1900	engin hætta	A746608 N561114.9
3172-181	Litlavík		niðurgröftur	óþekkt	1600-1900	engin hætta	A747076.2 N564641
3172-182	Litlavík		tóft	móstæði	1600-1900	engin hætta	A745902.1 N562146.7
3172-183	Litlavík		niðurgröftur	óþekkt	1600-1900	engin hætta	A747036.1 N562330.3
3172-184	Litlavík		niðurgröftur	mógrafir	1600-1900	engin hætta	A746835.9 N562352.1
3172-185	Litlavík		tóft	móstæði	1600-1900	engin hætta	A746232.4 N561911.9
3172-186	Litlavík		niðurgröftur	óþekkt	1600-1900	engin hætta	A748952.8 N565534.6
3172-187	Litlavík		tóft	óþekkt	800-1900	engin hætta	A746548.4 N562738.5
3172-188	Litlavík		þúst	óþekkt	800-1900	engin hætta	A747100.7 N561245.7
3172-189	Litlavík		niðurgröftur	mógrafir	800-1900	engin hætta	A747162.5 N561214.7
3172-190	Litlavík		tóft	móstæði	800-1900	engin hætta	A747062.8 N561146

3172-191	Litlavík		tóft	móstæði	1600-1900	engin hætta	A746973.5 N562209.5
3172-192	Litlavík		tóft	óþekkt	1600-1900	engin hætta	A747027.4 N562237.2
3172-193	Litlavík		tóft	móstæði	1600-1900	engin hætta	A747062 N562272
3172-194	Litlavík		garðlag	óþekkt	800-1600	engin hætta	A747033.8 N562319.3
3172-195	Litlavík		niðurgroftur	áveita	800-1900	engin hætta	A746909.2 N562220.8
3172-196	Litlavík		tóft	vatnsmylla	1770-1900	engin hætta	A746823.5 N561192.9
3172-197	Litlavík		tóft	óþekkt	1600-1900	engin hætta	A746954.8 N562206.2
3172-198	Litlavík		niðurgroftur	óþekkt	1600-1900	engin hætta	A746974.5 N561313
3172-199	Litlavík		mannvirki	óþekkt	1600-1900	mikil hætta	A747293.4 N561055.1
3172-200	Litlavík		hleðsla	stífla	1600-1900	engin hætta	A747181.1 N561219.3
3172-201	Litlavík		mannvirki	óþekkt	1800-1950	engin hætta	A747069.1 N561214.9
3172-202	Litlavík		dæld	óþekkt	1800-1940	engin hætta	A746646.1 N562710.8
3172-203	Litlavík		tóft	óþekkt	1600-1940	engin hætta	A745494.6 N562629.9
3172-204	Litlavík		tóft	óþekkt	1800-1940	engin hætta	A746599.8 N561260.3
3172-205	Litlavík		niðurgroftur	óþekkt	1600-1900	engin hætta	A746622.4 N561371.4
3172-206	Litlavík		tóft	óþekkt	1600-1940	engin hætta	A747111.4 N562283.5
3172-207	Litlavík		dæld	óþekkt	800-1900	engin hætta	A748742.7 N565470
3172-208	Litlavík		tóft	óþekkt	1600-1900	engin hætta	A748613.9 N565267.1
3172-209	Litlavík		tóft	óþekkt	1600-1940	engin hætta	A746695.2 N561180.9
3172-210	Litlavík		tóft	óþekkt	1800-1940	engin hætta	A747014 N562223.7
3172-211	Litlavík		tóft	óþekkt	1600-1940	engin hætta	A746329.7 N563143.2
3172-212	Litlavík		garðlag	rétt	1600-1940	engin hætta	A747150.5 N561123.2
3172-213	Litlavík		þúfa	óþekkt	1600-1900	engin hætta	A747373.8 N564517.7
3172-214	Litlavík		hleðsla	völvuleiði	800-1900	engin hætta	A746651.7 N562792.3

3172-215	Litlavík		tóft	óþekkt	1600-1900	engin hætta	A747024.1 N561480.7
3172-216	Litlavík		hóll	bæjarhóll	800-1900	engin hætta	A746908.9 N562273.4
3172-217	Litlavík		garðlag	matjurtagarður	1600-1940	engin hætta	A747272 N562273.9
3172-218	Litlavík		niðurgröftur	áveita	1600-1940	engin hætta	A746555.9 N562695.8
3172-219	Litlavík		niðurgröftur	áveita	1600-1940	engin hætta	A747070.2 N564682.5
3172-220	Litlavík		garðlag	óþekkt	1600-1900	engin hætta	A747057.1 N561339.1
3172-221	Litlavík		tóft	óþekkt	1600-1900	engin hætta	A746825.4 N562218.2
3172-222	Litlavík		tóft	fjárhús	1800-1940	engin hætta	A747134.3 N561292
3172-223	Litlavík		tóft	fjárhús	1600-1948	engin hætta	A746741.6 N563490.9
3172-224	Litlavík		tóft	óþekkt	1600-1900	engin hætta	A747016 N562229.9
3172-225	Litlavík		tóft	óþekkt	1600-1940	engin hætta	A746638.5 N562803.5
3172-226	Litlavík		tóft	fjárhús	1600-1940	engin hætta	A746578.5 N561468.1
3172-227	Litlavík		tóft	óþekkt	1800-1940	engin hætta	A748889 N565452.1
3172-228	Litlavík		tóft	óþekkt	1600-1900	engin hætta	A746256 N562854.7
3172-229	Litlavík		tóft	óþekkt	1600-1940	engin hætta	A746764.3 N563398
3172-230	Litlavík		tóft	óþekkt	1600-1940	engin hætta	A746852 N562180.7
3172-231	Breiðuvík		garðlag	óþekkt	1600-1940	engin hætta	A746420.2 N561449.7
3172-232	Breiðuvík	Snúruhóll	heimild	þvottasnúgur	1600-1940	engin hætta	A747035.1 N561054.3
3172-233	Breiðuvík	Nykurtjörn	heimild	álagaþlettur	1600-1940	engin hætta	A747295.2 N560872.2
3172-234	Litlavík		heimild	smalakofi	1600-1940	engin hætta	A748988.4 N565634.8
3172-235	Litlavík		heimild	refagildra	1600-1940	engin hætta	A748944.7 N565604.3
3172-236	Breiðuvík		heimild	bænhús	800-1550	engin hætta	A745865.9 N562193
3172-237	Kjólsvík		jarðræktarsvæði	tún	1600-1940	engin hætta	A746865.9 N562249.4
3172-238	Breiðuvík	Gvendarbrunnur	lind	brunnur	800-1940	engin hætta	A747124.1 N562234

3172-239	Breiðuvík	Gagnheiði	heimild	leið	800-1940	engin hætta	A747102.8 N562313.2
3172-240	Breiðuvík	Kjólsvíkurvarp	heimild	leið	800-1940	engin hætta	A747062.2 N562310.8
3172-241	Litlavík	Neðstivegur	heimild	leið	800-1940	engin hætta	A746381.5 N562413.7
3172-242	Litlavík	Miðvegur	heimild	leið	800-1940	engin hætta	A746998.9 N562222.2
3172-243	Litlavík	Efstivegur	heimild	leið	800-1940	engin hætta	A746953.5 N562195.9
3172-244	Kjólsvík		heimild	torfvarða	1600-1940	engin hætta	A748229.6 N564528.4
3172-245	Kjólsvík	Rák	heimild	leið	800-1940	engin hætta	A747540.7 N563901.6
3172-246	Kjólsvík	Breiða	heimild	leið	800-1940	engin hætta	A747417.4 N564216.6
3172-247	Kjólsvík	Kerlingarskarð	heimild	leið	800-1940	engin hætta	A744822 N564282.9
3172-248	Kjólsvík	Kjólsvíkurskarð	heimild	leið	800-1940	engin hætta	A748796.8 N564478.8
3172-249	Kjólsvík	Súluskarð	heimild	leið	800-1940	engin hætta	A747497.8 N564793.9
3172-250	Kjólsvík	Víðidalsskarð	heimild	leið	800-1940	engin hætta	A746784.7 N564442.9
3172-251	Kjólsvík		heimild	leið	800-1940	engin hætta	A745793.8 N565424.1
3172-252	Kjólsvík		heimild	leið	800-1940	engin hætta	A746114.4 N566684.5

Viðauki II. Minjarkort

Allar skráðar minjar í
Breiðuvík og Kjólsvík



Skráðar minjar í og við
heimatúnið á Breiðuvík



3172-041

3172-166

3172-165

3172-164

3172-160

3172-159

3172-162

3172-167

3172-171

3172-158

3172-170

3172-173

3172-233

3172-156

3172-155

3172-135

3172-231

3172-143

3172-136

3172-137

3172-232

3172-145

3172-148

3172-150

3172-151

3172-153

3172-152

3172-154

3172-142

3172-146

3172-147

3172-133

3172-238

3172-236


3172-139

0

100

200

300 m




Minjar um mótöku í
Laska




0 70 140 210 m

Skráðar minjar í og við
heimatúnið á Litluvík



Gamla bæjarstæðið og
minjar um mótöku á
Bringum



Skráðar minjar í og við
heimatúnið í Kjólsvík

